

Rifrildi, páskar og Eurovision

**rökstólar** 16

Skemmtilegt að leika í Stundinni okkar



**Krakkasíða** 30



Ástin fæst hvorki keypt né seld

**brúðkaup** 22



**spottið** 10


# FRÉTTABLAÐIÐ

**Helgarblað**

**23. apríl 2011**
94. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

10 ÁRA
2001-2011

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




Fór hljóðlega af stað

*Fréttablaðið er tíu ára í dag.*

**fjölmiðlar** 24-26



## Fær innblástur frá nemendum við skrifin

*Kristjana Friðbjörnsdóttir fékk verðlaun fyrir bókina Flateyjarbréfin.*

**bækur** 34-35



## Hitnar í kolunum

*Man. Utd. reynir að verja sex stiga forskot sitt í enska boltanum í dag.*

**sport** 42

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Menning | Allt | Allt atvinna





**ALLIR LITIR REGNBOGANS** Passíusálmar Hallgríms Péturssonar voru fluttir í kirkjum landsins í gær. Sálmarnir voru fyrst gefnir út árið 1666 á Hólum og eru taldir einstakur kveðskapur um píslargöngu Jesú. Í Grafarvogskirkju lásu félagar úr Samtökunum 78 sálmana, þar á meðal Maríus Sverrisson söngvari sem sést hér á myndinni. Fréttablaðið óskar lesendum gleðilegra páska. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Gagnrýna aðferð við aflífun

**Samtök um dýravelferð gagnrýna aðbúnað í loðdýrabúum og að dýrin séu aflífuð með útblæstri frá vélum. Forsvarsmaður bænda segir gagnrýnina byggða á þekkingarleysi enda sé aðbúnaður dýranna til fyrirmyndar.**

**DÝRAHALD** „Algengasta aðferðin er að aflífa dýrin með útblæstri frá vélum. Ég sem dýralæknir get fullyrt að það er ekki skjótur og sársaukalaus dauðdagi, eins og kveðið er á um í dýraverndurnarlögum,“ segir Sif Traustadóttir, hjá Velbú, samtökum um velferð í búskap.

Velbú vilja vekja athygli á því að loðdýrarækt hefur dregist saman, eða verið aflögð, víða í Evrópu vegna siðferðilegra álitamála um greinina. Samtökin halda því fram að á Íslandi séu dýrin haldin í mjög litlum búrum og þau séu oftast aflífuð með útblæstri frá vélum. „Það segir sig sjálft að dýrunum líður ekki vel þar sem þau eru alin árum saman á þennan hátt og að lokum aflífuð með ómannúðlegri aðferð,“ segir í tilkynningu.

> Útblástur frá vélum eða kolmonoxíð úr flöskum eru einu aðferðirnar við að aflífa dýrin
>
> **BJÖRN HALLDÓRSSON**
> FORMAÐUR SAMTAKA ÍSLENSKRA LOÐDÝRABÆNDA

Björn Halldórsson, formaður Samtaka íslenskra loðdýrabænda, segir að gagnrýni Velbú verði að skoðast í því ljósi að samtökin hafi ekki aflað sé nauðsynlegra upplýsinga og því ekki byggð á rökum. Reglugerð um loðdýraræktina sé frá 2007 og sé að langmestu leyti samhljóða ströngustu reglugerðum í heiminum, til dæmis frá Danmörku.

Björn segir að fullyrðingar um smæð búranna standist ekki skoðun. Stærð þeirra sé samkvæmt reglugerð og Björn telur að dýrunum líði vel. „Útblástur frá vélum eða kolmonoxíð úr flöskum eru einu aðferðirnar við að aflífa dýrin sem eru viðurkennd af dýraverndunarsamtökum í heiminum. Það fara allir eftir þessu enda er einfaldlega bannað að aflífa dýrin öðruvísi,“ segir Björn.

**- shá /** **sjá síðu 6**


LYFJA - Lífið heil

Gleðilega páska

+ Hjá okkur er opið alla páskana, einnig föstudaginn langa og páskadag.





Lyfja Lágmúla kl. 7–01
Lyfja Smáratorgi kl. 8–24

www.lyfja.is

## SPURNING DAGSINS



*Hannes, ertu með vonda matarlist?*

„Nei, ég er með mjög góða list en er óglatt þessa dagana.“

Styr hefur staðið um sýningu í Nýlistasafninu, þar sem meðal annars mátti sjá eintak af bókinni Flora Islandica eftir Eggert Pétursson, útataða í matarleifum. Hannes Lárusson er sýningarstjóri.

Um fjögur þúsund manns skrifuðu undir áskorun um þjóðaratkvæðagreiðslu:

# Forseti staðfesti fjölmiðlalögin

**STJÓRNMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hefur staðfest ný heildarlög um fjölmiðla. Alþingi afgreiddi þau með 30 atkvæðum gegn 15. apríl og fékk forsetinn þau þá til staðfestingar.

Staðfesting forsetans var tilkynnt í stjórnartíðindum fimm dögum síðar, 20. apríl.

Undirskriftasöfnun var hafin þar sem forsetinn var hvattur til að synja fjölmiðlalögunum staðfestingar, líkt og hann gerði með umdeildan forvera þeirra árið 2004. Um fjögur þúsund manns höfðu lagt nafn sitt við söfnunina, sem nokkur fjölmiðlafyrirtæki stóðu meðal annars fyrir.

Nýju lögin hafa mælst misvel fyrir, og hlaut frumvarpið nokkra gagnrýni í umsögnum. Blaðamannafélag Íslands hefur til dæmis bent á að lögin geti verið íþyngjandi fyrir starfsemi fjölmiðla.

Helsta nýmælið í lögunum er stofnun fjölmiðlanefndar, sem hefur það hlutverk að fylgjast með íslenskum fjölmiðlum og efni þeirra. Hún hefur jafnframt nokkrar valdheimildir, getur gert húsleitir vegna gruns um brot á lögunum og krafið fjölmiðla um gögn. **- sh**



**FORSETINN ÁKVEÐINN** Ólafur Ragnar Grímsson skrifaði undir lögin fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Óeirðalögregla í Frakklandi:

# Vilja fá að drekka áfram

**FRAKKLAND** Franska óeirðalögreglan er ósátt við áform um að banna þeim að drekka áfengi með hádegismatnum. Innanríkisráðuneytið áformar þessar breytingar eftir að embættismenn reiddust við að sjá óeirðalögreglumenn drekka bjór á meðan þeir höfðu eftirlit með mótmælum í fyrra.

Yfirmenn í óeirðalögreglunni hafa skrifað innanríkisráðherranum bréf þar sem þeir verja rétt lögreglumanna til þess að fá sér vínglas eða bjór með mat eins og aðrir Frakkar geri í vinnunni. **- þeb**



**LÍF OG FJÖR** Mikil fjöldi er samankominn á Aldrei fór ég suður. Helgi Björns tróð upp við góðan orðstír á fimmtudeginum. MYND/GÚSTI.IS

Fjör á Aldrei fór ég suður:

# Talið að íbúafjöldi tvöfaldist

**LÖGREGLUMÁL „Ég veit að bærinn er stútfullur af fólki, það koma að minnsta kosti þúsund manns með Flugfélaginu,“ segir Jón Þór Þorleifsson, rokkstjóri Aldrei fór ég suður – rokkhátíðar alþýðunnar á Ísafirði. Þetta er í áttunda sinn sem hátíðin er haldin. Hátíðin sjálf hófst í gærkvöldi en í fyrrakvöld hófst upphitunin.**

**Að sögn lögreglunnar á Ísafirði má gera ráð fyrir að íbúafjöldinn í bænum hafi tvöfaldast, um fjögur þúsund manns komi yfir hátíðirnar. Einn gisti fangageymslur vegna ölvunarláta en lítið var um læti þrátt fyrir mikinn mannfjölda.** **- kh**



**BÓNORÐIÐ RITAÐ** John skrifaði bón sína á spjald sem hann hafði með sér. Hér sýnir hann kærustunni það sem þar stóð. MYND/HÉÐINN ÞORKELSSON

# Bað kærustunnar á bólakafi í Silfru

**Svíinn John Kullvik bað kærustunnar Elinar Hedlund í köfunarleiðangri í Silfru í gær. Bónorðið var skrifað á spjald og svarið var játandi. Líklega fyrsta neðansjávarbónorðið á Íslandi, segir kafarinn sem skipulagði ferðina.**

**FÓLK** Sænskur maður, John Kullvik, bað kærustu sinnar, Elinar Hedlund, í köfun í Silfru á Þingvöllum í gær. Parið er í fríi hér á landi og dvelur nú í Reykjavík.

Héðinn Ólafsson er eigandi köfunarskólans Kafarinn.is og var með parinu á Þingvöllum ásamt nafna sínum Héðni Þorkelssyni sem kafaði með parinu. „Hann sagði okkur áður en farið var í seinni köfunina þeirra að hann ætlaði að gera þetta,“ segir Héðinn. „Við vorum með myndavélina og hann vildi láta taka myndir af þessu. Við vissum þetta samt ekkert fyrr en þá. Þetta er nú í fyrsta skipti sem við lendum í því að einhver beri upp bónorð þarna niðri.“

Héðinn og félagar fara reglulega með ferðamenn í köfunarferðir. Héðinn segir að fólk láti sér detta ýmislegt í hug til að gera neðansjávar. Hann viti þó ekki til þess að bónorð hafi áður verið borið upp við þessar aðstæður á Íslandi.

Bónorðið var óhefðbundið að því leyti að hvorki er hægt að tala né setja upp hringa neðansjávar. John bað Elinar því með því að skrifa bónorðið niður á spjald. Hann spurði Elinu einfaldlega hvort hún vildi giftast sér. Elín svaraði játandi á spjaldið. Trúlofunin var svo innsigluð með kossi þegar köfuninni lauk. „Þau voru hæstánægð með þetta allt saman,“ segir Héðinn kafari. **thorunn@frettabladid.is**



**MEÐ SPJALDIÐ GÓÐA** John og Elin með spjaldið góða að lokinni köfuninni í Silfru. MYND/HÉÐINN ÞORKELSSON

# Lést í bílslysi

**Konan sem lést í umferðarslysinu á móts við bæinn Jörfa í Víðidal í Húnaþingi vestra að kvöldi þriðjudagsins 19. apríl, hét Steinunn Guðmundsdóttir. Hún var búsett að Jörfa.**

**Steinunn var fædd 20. júlí 1942. Steinunn lætur eftir sig eiginmann og þrjá uppkomna syni.**

110 ára leynd yfir skjölum:

# Gæti fallið frá breytingum

**STJÓRNMÁL** Það er Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra algerlega að meinalausu að falla frá breytingu á upplýsingalögum þess efnis að 110 ára leynd geti ríkt yfir skjölum. Þetta segir hún í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

Jóhanna segir að málið sé stormur í vatnsglasi. Þjóðskjalavörður myndi ekki vera einráður um að ákveða að skjöl yrðu leynileg í 110 ár, mögulegt væri að kæra til úrskurðarnefndar um upplýsingamál og bera undir dómstóla. Tryggt ætti að vera að 110 ára leynd yrði ekki nema í algjörum undantekningartilvikum. **- þeb /** **sjá síðu 12**

## SJÁVARÚTVEGUR

### Minni grásleppuveiði

Grásleppuvertíðin hefur til þessa skilað um 3.900 tunnum af hrognum en um 5.300 tunnur voru komnar á land á sama tíma í fyrra, að því er Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, sagði í samtali við nýjustu Fiskifréttir sem koma út í dag. Hér er um 26% samdrátt að ræða milli ára.

## FRÉTTABLAÐIÐ

### Kemur næst út á þriðjudag

Fréttablaðið kemur næst út á þriðjudag. Afgreiðsla blaðsins er lokuð þar til á þriðjudagsmorgun.

Þjónustuver 365 er opið frá 10 til 22 alla daga nema páskadag, en þá er opið frá 10 til 16.


Rýmingarsala á málverkum



Gallery Art2b

Opið Alla daga frá 12:00 til 18:00

Kauptún 3 - Garðabær - s: 533 22 00 - www.art2b.is


Skotið var á mótmælendur eftir föstudagsbænir víðs vegar um landið:

# Blóðugasti dagurinn í Sýrlandi

**SÝRLAND** Að minnsta kosti sextíu manns voru drepnir í mótmælum í Sýrlandi í gær.

Mótmælendur segja að dagurinn hafi verið sá blóðugasti hingað til í fimm vikna mótmælum gegn forsetanum í landinu. Að minnsta kosti 220 hafa látist í mótmælunum undanfarnar vikur, að sögn Amnesty International.

Mótmælendur komu saman eftir föstudagsbænir og skutu öryggissveitir á þá.

Ríkisfréttastofan sagði aðeins að notað hefði verið táragas og vatn til þess að brjóta mótmælin á bak aftur.

Mannfallið varð í höfuðborginni Damaskus, í borginni Homs og bænum Ezra. Tugir þúsunda mótmælenda mótmæltu um landið allt í gær.

Í sameiginlegri yfirlýsingu frá aðgerðarsinnum sem skipulagt hafa mótmælin var þess krafist að komið yrði á lýðræðislegu stjórnmálakerfi í landinu.



**MÓTMÆLT EFTIR BÆNIR** Mótmælendur komu saman í borginni Banías í gær. Þar skutu öryggissveitir á mótmælendur og særðu að minnsta kosti tíu manns. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðeins degi fyrr hafði neyðarlögum verið aflétt í landinu. **- þeb**




# TAX FREE

## AF REIÐHJÓLUM

### opið í dag um land allt







Látum verkin tala!

**Verslanir sem opnar eru á annan í páskum :**

| | |
|---|---|
| Skútuvogur | 11:00-19:00 |
| Grafarholt | 11:00-18:00 timbursala lokuð |
| Selfoss | 12:00-16:00 timbursala lokuð |

HÚSASMIÐJAN

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

## GENGIÐ 20.04.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,54 | 113,08 |
| Sterlingspund | 184,31 | 185,21 |
| Evra | 163,47 | 164,39 |
| Dönsk króna | 21,917 | 22,045 |
| Norsk króna | 21,016 | 21,14 |
| Sænsk króna | 18,384 | 18,492 |
| Japanskt jen | 1,3592 | 1,3672 |
| SDR | 180,26 | 181,34 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,94

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Umhverfisstofnun krefst umbóta hjá kalkþörungaverksmiðjunni vegna rykmengunar:

# Kalkþörungaverksmiðjan á Bíldudal áminnt

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisstofnun hefur ákveðið að áminna kalkþörungaverksmiðju Íslenska Kalkþörungafélagsins á Bíldudal til að ýta enn frekar á um umbætur í mengunarmálum hjá fyrirtækinu. Umhverfisstofnun hefur í allnokkurn tíma gert kröfur um úrbætur sem fyrirtækið hefur orðið við, til dæmis með bættum og breyttum mengunarvarnabúnaði. Þrátt fyrir það hefur ekki náðst stjórn á styrk ryks í útblæstri en í síðustu mælingu reyndist ryk vera rúmlega sjöfalt meira en starfsleyfi segir til um. Mörk fyrir styrk ryks í útblæstri eru 20 mg á normalrúmmetra en við síðustu mælingu mældist styrkur ryks 150 mg.

Auk áminningar gerir Umhverfisstofnun kröfu um að rekstraraðili setji upp fullnægjandi hreinsibúnað eða hafi gert aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að ákvæði starfsleyfis séu uppfyllt fyrir 15. júní. Enn fremur skal rekstraraðili framkvæma mælingar á rykmagni eigi síðar en 1. júlí 2011 og senda niðurstöður þessara mælinga til Umhverfisstofnunar eins fljótt og unnt er en eigi síðar en 1. ágúst 2011. Umhverfisstofnun hefur bent fyrirtækinu á heimild til að leggja dagsektir á fyrirtækið, allt að 500 þúsund krónur á dag, sinni það ekki úrbótum innan gefins frests.

- shá



**FRÁ BÍLDUDAL** Verksmiðjan er gríðarlega mikilvæg fyrir atvinnulífið á Bíldudal. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FRÁ BINGÓINU** Þónokkrir mættu til að spila bingó á Austurvelli í gær. MYND/EGILL

Bingó Vantrúar haldið í gær:

## Löggan keyrði bara framhjá

**SKEMMTUN** Páskaegg og bækur voru meðal vinninga í árlegu páskabingói Vantrúar sem haldið var á Austurvelli upp úr hádeginu í gær. Bingóið hefur verið haldið síðustu ár á föstudaginn langa í því skyni að mótmæla því sem meðlimir Vantrúar kalla úrelta helgidagalöggjöf, en allt skemmtanahald, þar á meðal bingó, er bannað með lögum á þessum degi.

Reynir Harðarson, formaður Vantrúar, sagði í samtali við Vísi. is að félagið hefði alltaf fengið að halda bingóið án afskipta lögreglu. „Í fyrra sáum við lögreglubíl aka framhjá,“ segir hann, en það var allt og sumt. Sama var uppi á teningnum í ár, lögreglan ók framhjá en aðhafðist ekkert.

# Hættu við uppkaup á illa förnum húsum

**Meirihlutinn í Reykjavík hætti við það í fyrra að kaupa niðurnídd hús fyrir 400 milljónir og fá atvinnulausa til að gera þau upp. Fulltrúi fyrrverandi meirihluta furðar sig á þessu. Dagur B. Eggertsson segir það ekki endilega skynsama leið.**

**REYKJAVÍK** Borgarstjórnarmeirihluti Samfylkingarinnar og Besta flokksins hætti við það í fyrra að verja 400 milljónum til að kaupa upp gömul og niðurnídd hús í borginni og útvega atvinnulausum iðnaðarmönnum störf við að gera þau upp.

Óskar Bergsson, fyrrverandi formaður borgarráðs fyrir hönd Framsóknarflokksins, furðar sig á því að borgaryfirvöld skuli hafa ákveðið að slá þetta verkefni af en barmi sér nú yfir því að illa gangi að koma hundruðum illa farinna húsa, einkum í miðbænum, í samt lag.

Hann bendir á að meirihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks hafi árið 2009 farið af stað með verkefnið Völundarverk að sænskri fyrirmynd, þar sem atvinnulausum iðnaðarmönnum hafi verið gefinn kostur á því, í gegnum atvinnuleysistryggingasjóð, að gera upp gömul hús. Í gegnum það verkefni hafi húsin við Lækjargötu 2 og 22 verið gerð upp, eins og Laugavegur 4 til 6.

„Síðan settum við 400 milljóna króna eignakaupalið inn í fjárhagsáætlun svo við gætum viðhaldið þessu áfram, því við vissum að mörg gömul hús mundu koma til sölu í ljósi ástandsins. En þessi nýi meirihluti tók þessar 400 milljónir og setti þær í eitthvert óskilgreint atvinnuátaksverkefni og lagði Völundarverkið niður,“ segir Óskar, sem telur að borgaryfirvöld hefðu vel getað haldið þessu verkefni gangandi. „En þeir bara kusu að gera það ekki.“

Dagur B. Eggertsson, núverandi formaður borgarráðs, segir rangt hjá Óskari að Völundarverk hafi verið lagt niður. Það verkefni hafi hins vegar aldrei átt að ná til þessara yfirgefnu húsa.

Um milljónirnar 400 segir Dagur: „Þegar við tókum við um mitt síðasta ár þá lágu ekki fyrir neinar áætlanir um hvernig ætti að verja þessu fé þannig að þá voru þessir peningar settir í verkefni sem gætu skapað atvinnu strax og þeim varið til viðhalds og framkvæmda.“

Yfirgefnu húsin hafi mörg hver verið í hálfgerðu „limbói“ eftir hrun út af óljósu eignarhaldi, en nú séu borgaryfirvöld búin að gefa fjármálastofnununum nægan tíma til að greiða úr þeim málum og því þurfti að fara að beita úrræðum á borð við dagsektum til að knýja á um úrbætur.

„Ég er hins vegar ekkert viss um að það væri skynsamlegt að borgin færi að kaupa upp allar þessar eignir. Það er mjög dýr og seinleg leið til að gera bragarbót þarna á, því að þetta er það mikið og það færir ábyrgðina frá þeim sem hana raunverulega bera, sem eru eigendur eignanna.“

stigur@frettabladid.is



**YFIRGEFIÐ HÚS** Baldursgata 32 er eitt af húsunum í Reykjavík sem hafa staðið auð í nær áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Spá Seðlabanka Íslands:

## Lítið dregur úr atvinnuleysinu

**EFNAHAGSMÁL Seðlabankinn gerir ráð fyrir að lítið dragi úr atvinnuleysi á næstu mánuðum því enn séu fleiri fyrirtæki að segja upp fólki en ráða fólk. Spá Seðlabankans um atvinnuhorfur er þó bjartsýnni en nýleg spá forstöðumanns greiningardeildar Danske Bank.**

**Þetta kemur fram í peningamálum, efnahagsriti Seðlabankans. Þar segir að þróun á vinnumarkaði hafi að undanförnu verið í samræmi við sýn bankans í síðasta riti Peningamála sem kom út í febrúar síðastliðnum. Enn séu fleiri fyrirtæki sem íhugi að segja upp fólki en að ráða fólk.**

Eldur í Furugrund í Kópavogi:

## Feðgar fluttir á slysadeildina

**BRUNI** Feðgar voru fluttir á slysadeild Landspítalans með reykeitrun eftir að eldur kom upp í íbúð við Furugrund í Kópavogi um fjögurleytið í fyrrinótt. Eldurinn kom upp í baðherbergi íbúðarinnar.

Drengurinn er á leikskólaaldri og voru þeir báðir sofandi þegar eldurinn kom upp. Þeir komu sér sjálfir út úr íbúðinni áður en slökkvilið kom á vettvang.

Líðan feðganna er eftir atvikum ágæt en drengurinn virðist hafa sloppið betur en faðir hans.

Miklar reykskemmdir urðu á íbúðinni.

## SKÁK

### Héðinn efstur

Héðinn Steingrímsson er efstur á Íslandsmótinu í skák þegar ein umferð er eftir. Héðinn hefur 6,5 vinning, hálfs vinnings forskot á Braga Þorfinnsson og Henrik Danielsen. Héðinn og Bragi gerðu jafntefli í næstsíðustu umferðinni eftir mikla baráttuskák. Síðasta umferðin verður leikin í dag en þá mætast Héðinn og Henrik, og Bragi og Guðmundur Kjartansson. Sigur í dag tryggir Braga fyrsta áfanga að stórmeistaratitli. Teflt er á Eiðum.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Gerðu aðsúg að lögreglu

Hópur ungmenna gerði aðsúg að lögreglu í Vestmannaeyjum aðfaranótt fimmtudags. Lögreglumenn ætluðu að taka áfengi af sextán ára pilti þegar ólætin byrjuðu. Lögreglumennirnir beittu kylfum og piparúða til að verjast ungmennunum.


FERMINGAR



Gott í MATINN

Skemmtilegar hugmyndir fyrir fermingarveisluborðið á www.gottimatinn.is


## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**SÓLARGLÆTA** verður á talsverðum hluta landsins fram eftir degi en svo þykknar upp með rigningu sunnan- og vestanlands síðdegis og í kvöld. Páskadagur og annar í páskum verða vinda- og úrkomusamir, sérstaklega sunnan og vestan til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 24° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 16° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 17° |
| París | 25° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Eignastýring MP banka

# ÁRANGUR OKKAR TALAR SÍNU MÁLI




**Meðalávöxtun er 14,4% á síðustu 8 árum.***

Súluritið sýnir ávöxtun leiðar 1 hjá eignastýringu MP banka 2003-2010.
Leið 1, varfærin stýring, má fjárfesta í skuldabréfum 50-100% og hlutabréfum 0-50%.
Öll innlend hlutabréf leiðarinnar voru seld fyrir mitt árið 2008.
Starfsfólk eignastýringar hefur vakandi auga fyrir nýjum tækifærum sem kunna að myndast á hlutabréfamarkaði á næstunni.
Meðalverðbólga er 6,4% á síðustu 8 árum.

* Nafnávöxtun eignastýringarleiðar 1, 2003-2010 skv. útreikningi MP banka. Ávöxtun miðast við söfn í stýringu allt árið. Ávöxtun er sýnd án þóknana en þær eru mismunandi eftir stærð safna. Um 65% viðskiptavina eignastýringar MP banka eru nú í leið 1. Athugið að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

# 14,4%

## Meðalávöxtun á síðustu 8 árum*

MP banki hefur langa reynslu af eignastýringu fyrir einstaklinga, félög og sjóði. Aðferðafræði eignastýringar MP banka hefur skilað viðskiptavinum framúrskarandi árangri óháð markaðsaðstæðum hverju sinni.

**Kynntu þér eignastýringu MP banka á www.mp.is eða hafðu samband í síma 540 3200.**

BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

## KJÖRKASSINN



*Eiga borgaryfirvöld að taka harðar á vanrækslu húseigenda í miðborginni?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 88,1% |
| NEI | 11,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ferð þú í fermingarveislu þetta árið?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Starfshópur velferðarráðuneytis leggur fram nýjar tillögur að húsnæðisstefnu:

# Teknar verði upp húsnæðisbætur

**HÚSNÆÐISMÁL** Samráðshópur velferðarráðuneytisins um húsnæðisstefnu hefur skilað tillögum um aðgerðir á sviði húsnæðismála. Meðal annars er lagt til að tekn- ar verði upp húsnæðisbætur í stað vaxta- og húsaleigubóta til að stuðla að jafnari húsnæðisstuðningi hins opinbera óháð búsetuformi. Samráðshópurinn var skipaður í nóvember 2011. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir er formaður hópsins.

Hópurinn leggur áherslu á að húsnæðisstefna skuli hafa það meginmarkmið að tryggja húsnæðisöryggi heimila í landinu og stuðla að félagslegri samheldni. Stórbætt greining á húsnæðismarkaðinum sé forsenda fyrir árangursríkri húsnæðisstefnu og er lagt til að slík greining fari fram fyrir lok árs.



GUÐBJARTUR HANNESSON

„Lagt er til að ríkisstjórnir hverju sinni innleiði húsnæðisstefnu sína með gerð húsnæðisáætlunar. Húsnæðisáætlun verði hluti af landsskipulagsstefnu sem sveitarfélög taki mið af við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim," segir í tilkynningu frá hópnum.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir augljóst að stjórnvöld þurfi að eiga sér skýra langtímastefnu í húsnæðismálum. Hann mun meta tillögurnar á næstu vikum og tekur þá við forgangsröðun, nánari útfærsla þeirra og framkvæmd. **- sv**



**LEIGUMARKAÐUR Í REYKJAVÍK** Starfshópurinn telur bætta greiningu á húsnæðismarkaðinum vera forsendu fyrir árangursríkri húsnæðisstefnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


PÁSKATILBOÐ



Ryðfrítt
Frábært grill fyrir íslenskar aðs...
64.900
FULLT VERÐ 95.000
16,5 kw/h
Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is
SÍÐASTI DAGUR PÁSKATILBOÐA Í DAG
viðargrind
stakveikja
fitu
64 x 49cm
145 x 108 x 62 cm
LANDMANN Er frá Þýskalandi
Opið til kl. 16:00 laugardag
Grillbúðin www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400
YFIR 20 GERÐIR GASGRILLA Á PÁSKATILBOÐI


# Gagnrýna aðbúnað og slátrun loðdýra

**Ný félagasamtök um dýravelferð gagnrýna aðbúnað á loðdýrabúum. Bændur vísa gagnrýninni alfarið á bug og telja greinina standast allar kröfur í alþjóðlegum samanburði. Helst er stærð búra og aflífun dýranna gagnrýnd.**

**DÝRAHALD** Félagasamtökin Velbú telja að dýr í íslenskum loðdýrabúum séu haldin í allt of litlum búrum og gagnrýna jafnframt að dýrin séu aflífuð með útblæstri frá vélum, sem er viðtekin venja. Forsvarsmaður loðdýrabænda vísar gagnrýninni á bug og telur hana lýsa þekkingarleysi á iðnaðinum.

Sif Traustadóttir dýralæknir er í forsvari fyrir Velbú sem eru frjáls félagasamtök um bætta velferð og lífsskilyrði búfjár á Íslandi. Sif gagnrýnir að fréttaflutningur af loðdýrarækt hér á landi hverfist eingöngu um bætt rekstrarskilyrði loðdýrabúanna og enginn spyrji nauðsynlegra spurninga um siðferði ræktunarinnar. Hún bendir á að það sé ekki að ástæðulausu að loðdýrarækt hafi dregist saman í mörgum löndum Evrópu, og hafi verið bönnuð í Bretlandi árið 1998 af siðferðilegum ástæðum.

„Við teljum að aðbúnaður dýranna sé óviðunandi. Reglur um stærðir á búrum eru gamaldags og dýrin alast upp í plássleysi. Það eina sem þau hafa við að vera er að hlaupa í hringi. Minkar eru dýr sem eðlislægt vilja hafa mikið rými; þeir veiða og marka sér óðul og hafa þörf fyrir mikla hreyfingu. Þar sem strangar reglur hafa verið settar á, til dæmis á Ítalíu, hefur loðdýrarækt lagst af og flyst þá til annarra landa, til dæmis hingað."

Sif segir aflífun dýranna ómannúðlega. „Algengasta aðferðin er að aflífa dýrin með útblæstri frá vélum. Ég sem dýralæknir get fullyrt að það er ekki skjótur og sársaukalaus dauðdagi, eins og kveðið er á um í dýraverndunarlögum. Þetta er ekki leyft í Danmörku sem dæmi, en þar verður að nota hreint gas til að aflífa dýrin sem er mun mannúðlegra."



**MINKUR** Hér á landi eru 22 loðdýrabú. Undanfarin ár hefur verð á skinnum hækkað mikið og afkoma í greininni er afar góð um þessar mundir. Myndin tengist fréttinni ekki með beinum hætti.

> Þar sem strangar reglur hafa verið settar á, til dæmis á Ítalíu, hefur loðdýrarækt lagst af.
>
> **SIF TRAUSTADÓTTIR** DÝRALÆKNIR

Sif segir að iðnaðurinn sé ekki eftirlitsskyldur sem hljóti að teljast sérstakt.

Björn Halldórsson, formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda, vísar gagnrýninni á bug. Hann segir að samtökin Velbú hafi ekki haft fyrir því að skoða aðbúnað dýranna og ekkert samband hafi verið haft við loðdýrabændur. Reglugerðin um loðdýraræktina sé frá 2007 og sé að langmestu leyti samhljóða ströngustu reglugerðum í heiminum, til dæmis frá Danmörku. „Við erum með strangari ákvæði í reglum en í öðrum löndum Evrópu. Það er auðvelt að slá fram fullyrðingum en þær eru ekki byggðar á vitneskju um greinina. Þeir sem hafa heimsótt íslensk bú furða sig á því hvað dýrunum líður vel."

Björn segir að fullyrðingar um smæð búranna standist ekki skoðun. Stærð búranna sé samkvæmt reglugerð. „Útblástur frá vélum eða kolmonoxíð úr flöskum eru einu aðferðirnar til að aflífa dýrin sem eru viðurkennd af dýraverndunarsamtökum í heiminum. Það fara allir eftir þessu enda er einfaldlega bannað að aflífa dýrin öðruvísi," segir Björn.

Hvað siðferði loðdýraræktar áhræri segir Björn að það verði hver og einn að meta fyrir sjálfan sig. Loðdýrabændur fari í stóru sem smáu eftir þeim reglum sem fyrir liggja og, eins og með aðra starfsemi, sé ekki hægt að fara fram á meira. **svavar@frettabladid.is**


LITLIR FÓTBOLTA SNILLINGAR



UPPLIFUN SEM ALDREI GLEYMIST

Barnið þitt gæti fengið að leiða leikmann inn á völlinn í UEFA Champions League úrslitaleiknum á Wembley 28. maí 2011 í London

Ef þú notar MasterCard kort frá Kreditkorti gætirðu tryggt barninu þínu ógleymanlega upplifun. Nafn eins barns á aldrinum 7–9 ára verður dregið út og fer ásamt fylgdarmanni á UEFA Champions League úrslitaleikinn á Wembley 2011 og fær að leiða leikmenn inn á völlinn í boði MasterCard, aðalstyrktaraðila UEFA Champions League. Til að taka þátt þarf að nota MasterCard kortið a.m.k. 10 sinnum frá 14. apríl–15. maí 2011.

Dregið vikulega um skemmtilega aukavinninga

Skráðu þig til leiks á www.kreditkort.is

MasterCard Official Card
UEFA CHAMPIONS LEAGUE
WEMBLEY FINAL 2011
KREDITKORT
Fíton/SÍA


Frambjóðendur repúblikana fyrir forsetakosningar á næsta ári:

# Enginn ógnar Obama ennþá

**BANDARÍKIN** Þrátt fyrir þverrandi vinsældir er Barack Obama Bandaríkjaforseti enn sigurstranglegastur meðal líklegra frambjóðenda í forsetakosningum næsta árs. Helgast það fyrst og fremst af óánægju repúblikana með þá valkosti sem nú eru í boði.

Í könnun sem Washington Post birti fyrir skemmstu kom fram að þrátt fyrir að innan við helmingur svarenda væri ánægður með frammistöðu Obama á forsetastóli er innan við helmingur repúblikana og óháðra sem hallast að repúblikönum sáttur við núverandi hóp frambjóðenda.

Það sést einnig á því að þegar fólk í þessum hópi er beðið um að velja einn frambjóðanda sem það gæti hugsað sér að kjósa í forkosningum er aðeins einn með yfir tíu prósenta fylgi. Það er Mitt Romney, sem er með sextán prósent, en þar á eftir kemur viðskiptajöfurinn umdeildi Donald Trump með átta prósent.

Romney og Mike Huckabee mældust með mest fylgi hugsanlegra frambjóðenda í samanburði við Obama, en samkvæmt könnuninni myndi Romney tapa fyrir Obama með fjórum prósentustigum og Huckabee með sex.

Fyrstu forkosningarnar fara fram í febrúar en sigurvegarinn verður útnefndur á flokksþingi í ágúst 2012. **- þj**



**ENGAR ÁHYGGJUR** Barack Obama þarf ekki að hafa miklar áhyggjur af vinsældum mótframbjóðenda sinna enn sem komið er. NORDICPHOTOS/AFP

**Nýtt happdrættisár byrjar í maí**

HAPPDRÆTTI das

Vinningur í hverri viku

# Viltu einfaldan eða tvöfaldan?

dregið viku-lega!
52 útdrættir á árinu!

## Þú getur unnið Toyota Avensis

6 Toyota Avensis á 5 milljónir króna hver á einfaldan miða

Miðaverð **1.100 kr.**




## Þú getur unnið Toyota Land Cruiser 150

6 Toyota Land Cruiser á 10 milljónir króna hver á tvöfaldan miða

Miðaverð **2.200 kr.**




# Eða allt í peningum

6 aðalvinningar á 10 milljónir hver,
10 aðalvinningar á 6 milljónir og
36 aðalvinningar á 4 milljónir hver.

845 milljónir dregnar út á árinu | Kaupptu miða á www.das.is



ÍSLENSKA SIA.IS DAS 543803 04/11





Dæmdur til að greiða sekt í ríkisjóð eftir ölvunarlæti á almannafæri:

# Hellti sér reglulega yfir lögregluna

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sextugsaldri hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Vesturlands til að greiða 75 þúsund krónur í sekt í ríkissjóð fyrir að ærast í ölvunarástandi á almannafæri, meðal annars með því að liggja á dyrabjöllu lögreglustöðvarinnar á Akranesi.

Maðurinn mætti kófdrukkinn á lögreglustöðina og talaði um að berja þyrfti tiltekinn lögreglumann. Yfirlögregluþjónninn spurði hann hvort hann væri að hafa í hótunum, að því er segir í frumskýrslu lögreglu, en maðurinn spurði þá á móti hvort yfirlögregluþjónninn teldi sig „svo vitlausan að hafa vitni að því“. Maðurinn hafði síðan á orði að hann væri búinn að flæma einn lögreglumann úr liði lögreglunnar á Akranesi og hann ætlaði sér að losna við fleiri.



**AKRANES** Heimsókn á lögreglustöðina kostaði 75 þúsund krónur.

Maðurinn var beðinn um að yfirgefa lögreglustöðina en sturlaðist þá og barði í rúðu af miklu afli. Honum var þá stungið í fangaklefa.

Í dómskjölum kemur enn fremur fram að maðurinn hafi neitað að hafa haft í hótunum við lögreglumanninn, en sagt honum að hann væri „skepna og sadisti“. Hann kvaðst koma reglulega á stöðina til að segja þeim lögreglumönnum sem hann ætti sökótt við að þeir væru óþverrar. - jss

# Evrópusambandið vantar íslenska túlka

**Fulltrúi túlkaþjónustu Evrópusambandsins segir þörf fyrir allt að fjörutíu íslenska túlka í Brussel. Því aðstoðar ESB Háskóla Íslands við að bjóða upp á nám í ráðstefnutúlkun. Fulltrúar landsins í Brussel eiga að geta tjáð sig á íslensku.**

**EVRÓPUMÁL** Túlkaþjónusta framkvæmdastjórnar ESB gerir ráð fyrir að þurfa allt að fjörutíu íslenskumælandi túlka til starfa í Brussel, fast- og lausráðna.

Framkvæmdastjórnin aðstoðar því Háskóla Íslands við að bjóða upp á nám í ráðstefnutúlkun í vetur. Nemar geta einnig sótt um námsstyrki.

Yfirmaður skipulags- og ráðningasviðs þjónustunnar, David Baker, hefur verið í Háskólanum að hæfnisprófa fólk vegna þessa.

Þar sem tiltölulega fáir kunna íslensku á strax að byrja að byggja upp mannafla sem geti túlkað orð embættis- og stjórnmálamanna á íslensku. Baker segir að reynsla Möltu (410.000 íbúar) sýni að ekki sé ráð nema í tíma sé tekið, því nú fyrst anni maltneskt skólakerfi þessu, en Malta gekk í ESB 2004.

„Hluti af aðstoð okkar er að senda sérstaka þjálfara í Háskóla Íslands, kannski viku í senn, því námið felur í sér meira en þekkingu á tungumálum,“ segir Baker og vísar þar til tækni til að bæta minni og einbeitingu, jafnvel til betri leikrænnar tjáningar.

Nú þegar starfa nokkrir Íslendingar við að túlka á fundum samninganefndar Íslands í yfirstandandi rýniferli í Brussel. Þeir eru til staðar fyrir íslenska sérfræðinga, til dæmis í sjávarútvegsmálum, sem vilja tala íslensku og að orð fulltrúa ESB séu þýdd fyrir þá.

Í Evrópusambandinu eru 23 opinber tungumál og á stærstu fundum þess, til dæmis á Evrópuþinginu, eru þau öll þýdd og túlkuð samtímis. Með aðild Íslands yrði íslenska einnig opinber tunga sambandsins en Baker segir málstefnu ESB endurspegla kjarna pólitískrar stefnu þess, sem birtist í slagorðinu: „Sameinuð í fjölbreytileika“.


**DAVID BAKER** Hinn breski Baker vill benda áhugamönnum um tungumál á að fylgjast með störfum túlka ESB í beinni útsendingu Evrópuþingsins á netinu. Þar má heyra þingmennina tala á 23 tungum samtímis. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Áður var franska helsta tunga ESB en enskan fékk aukið vægi eftir að Finnland, Svíþjóð og Austurríki gengu inn 1995. Fulltrúar þessara ríkja kunnu ensku betur en frönsku. Hnignun frönskunnar varð enn meira áberandi í 2004 stækkuninni, þegar A-Evrópuþjóðirnar gengu inn og kunnu helst ensku og þýsku. **klemens@frettabladid.is**


Falleg gjafavöruverslun til sölu.

Verslunin er í miðbæ reykjavíkur.

Mikill lager fylgir og góð sambönd erlendis.

Skemmtileg vinna við verslun og heildsölu.

Skipti á fasteign kemur til greina.

Uppl. kolbrun@augnakonfekt.is




PIPAR\TBWA · SÍA · 110401

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fréttablaðið er tíu ára í dag.

## Sterk staða – mikil ábyrgð

Fréttablaðið á tíu ára afmæli í dag. Blaðið var fyrst gefið út 23. apríl árið 2001. Þá voru ekki margir aðrir en aðstandendur blaðsins sem höfðu trú á því að útgáfan gæti gengið, eins og Eyjólfur Sveinsson, stofnandi blaðsins, segir frá í viðtali í blaðinu í dag. Tilraunir með útgáfu fríblaða höfðu gefizt vel í ýmsum öðrum ríkjum, en að dreifa slíku blaði heim til fólks var nýbreytni sem margir töldu að yrði alltof dýr. Hún var þó nauðsynleg vegna skorts á fjölförnum samgöngumiðstöðvum, þar sem hægt væri að dreifa fríblaði.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Fréttablaðið náði fljótt þeirri stöðu að verða mest lesna blað landsins og þar með bezti kosturinn fyrir auglýsendur. Blaðið er nú í einstakri stöðu á heimsvísu, lesið af um 60 prósentum landsmanna á hverjum útgáfudegi samkvæmt könnunum Capacent. Fríblöðin hafa haslað sér völl víða, ekki sízt í Evrópu, en hvergi eru þau meira lesin en á Íslandi og hvergi annars staðar hefur eitt blað slíka stöðu.

Lengst af hefur rekstur Fréttablaðsins skilað hagnaði. Fyrsta útgáfufélagið fór í gjaldþrot, en eftir að nýir eigendur tóku við rekstrinum árið 2002 hefur blaðið og dreifing þess verið rekið með hagnaði öll árin nema hrunárið 2008. Í fyrra lögðu Fréttablaðið og dreifingarfyrirtækið Pósthúsið samanlagt um fjórðung til rekstrarhagnaðar útgáfufyrirtækisins 365 miðla, sem er í samræmi við hlutdeild þeirra í veltu samstæðunnar.

Fríblaðsmódelið hefur reynzt sveigjanlegt og auðvelt að laga það að sveiflum í auglýsingatekjum; þannig var frídreifingarsvæði blaðsins minnkað til að lækka kostnað við dreifinguna eftir að auglýsingatekjurnar tóku dýfu eftir bankahrun. Minna dreifisvæði hefur verið mætt með lausasölu blaðsins úti um land og þar er eftirspurnin stöðug og vaxandi. Jafnframt hefur verið lögð áherzla á að lesendur blaðsins hvar sem er í heiminum eigi auðvelt með að nálgast það ókeypis í hvers konar nettengdum tækjum.

Sterk staða Fréttablaðsins leggur starfsfólki þess mikla ábyrgð á herðar. Enn á við það sem lagt var upp með í upphafi, að fréttaflutningurinn sé áreiðanlegur og settur fram af nauðsynlegri hógværð og að blaðið sé ekki boðberi skoðunar eins flokks eða hagsmunahóps heldur vettvangur breiðrar og fjölbreyttrar umræðu.

Eigendur Fréttablaðsins hafa staðið þétt við bakið á útgáfufyrirtækinu í efnahagslegum ólgusjó undanfarinna ára. Aðaleigendurnir eru umdeilt fólk. Það lítur starfsfólk ritstjórnar Fréttablaðsins einfaldlega á sem staðreynd og fjallar um þá með sama hætti og aðra þátttakendur í viðskiptalífinu. Ritstjórnin leggur mikið upp úr siðareglum 365 miðla, sem kveða meðal annars á um að hagsmunir eigenda eða auglýsenda ráði aldrei efnistökum blaðsins. Það er ánægjuefni fyrir þá sem starfa á ritstjórninni að samkvæmt nýlegri könnun MMR fer þeim fjölgandi sem bera traust til Fréttablaðsins.

Starfsfólk Fréttablaðsins fagnar ánægjulegum áfanga og hlakkar til næsta áratugar í þjónustu lesenda sem vilja fá fréttir, afþreyingu og umræðu í vönduðu blaði.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Leikfiminámskeið vorsins
27. apríl – 31. maí

Einnig júnínámskeið í vatnsleikfimi
Fjölbreytt úrval tíma - skráðu þig á skrifstofu GÍ

STOTT-PILATES
jóga
karlahópur
vatnsleikfimi
Almenn leikfimi

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

**Þjálfað er í rólegu, þægilegu umhverfi og undir stöðugu eftirliti fagfólks, sjúkraþjálfara og hjúkrunarfræðings með áralanga reynslu og mikla þekkingu.**

Kynntu þér málið.
Nánari upplýsingar undir hópþjálfun á heimasíðunni www.gigt.is
Upplýsingar og skráning á skrifstofu G.Í.
Ármúla 5, sími 5303600

# SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Í öfugu hlutfalli við árangur

Forseti Íslands greindi umheiminum frá því að fjármálaráðherra Hollands væri skrýtinn og aðstoðarfjármálaráðherra Bretlands væri fávís. Einn fyrrum utanríkisráðherra Dana sagði um forsetann að hann væri flónskur og annar að hann væri lýðskrumari. Flestir eru ánægðir með hvernig forsetinn talar til ráðamanna annarra þjóða en virðast láta sér fátt um finnast hvernig talað er til hans.

Nokkrir hafa þó skotið skildi fyrir forsetann vegna ummæla dönsku stjórnmálamannanna. Þeir koma fyrst og fremst úr röðum andstæðinga Icesavesamninganna. Þá telur innanríkisráðherrann að Danir hafi minnimáttarkennd gagnvart lýðræði nýrrar aldar.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Helstu ákafamenn utan Alþingis gegn Icesavesamningunum krefjast þess ennfremur að ríkisstjórnin fari frá eftir að hafa tapað þjóðaratkvæði um málið í tvígang. Fyrir því eru gild rök sem byggjast á þeim klassísku stjórnskipulegu gildum að valdi fylgi ábyrgð. En það var einmitt þessi ábyrgð sem forsetinn aftengdi þegar hann fyrst beitti synjunarvaldinu. Forsetinn hefði aldrei neitað að staðfesta lög ef hann hefði þurft að leggja embættið að veði. Andstæðingar Icesavelaganna nýttu sér þessa sýn forsetans þegar þeir hvöttu hann til að synja. Þverstæðan í röksemdafærslu þeirra nú felst í því að ábyrgðarleysiskenningin er gagnvirk. Ríkisstjórnin getur eins brugðið henni fyrir sig og forsetinn.

Stjórnin situr einfaldlega hlémegin við ábyrgðarleysiskenningu forsetans. Hitt er annað hvort hún hefur burði til að stjórna. Málum er svo komið að líkurnar á áframhaldandi setu hennar mælast í öfugu hlutfalli við kröfur um málefnalegan árangur.

## Eldfimasta málið

Evrópusambandið er eldfimasta mál ríkisstjórnarinnar. Samningsumsóknina byggist á sömu hugsun og ábyrgðarleysiskenning forseta Íslands. Samkomulagið felst í því að aðeins annar flokkurinn ætlar að bera ábyrgð á málinu þegar kemur að því að ljúka samningum.

VG hefur reynt að bregða fæti fyrir framgang viðræðnanna með svipuðum stjórnsýsluráðum og notuð hafa verið til að tefja orkunýtingaráformin. Þetta heitir að vera með viðræðum en á móti aðlögun. Nú hefur hluti vinstriarms VG einangrast í sérþingflokki. Spurning er hvort þeir sem eftir sitja halda áfram að rugga bátnum með sama hætti. Það gæti lengt viðræðurnar fram yfir kosningarnar 2013.

Erfitt verður hins vegar fyrir forystu VG að standa fyrir viðræðum um aðild sem hún er á móti á sama tíma og hún óskar eftir nýju umboði í kosningum. Til að komast hjá því gæti hún gert kröfu um hlé í viðræðunum. Með því myndi VG láta Samfylkinguna svara hvort hún taki Evrópumálstaðinn fram yfir líf vinstristjórnarinnar.

Framsóknarflokkurinn hefur snúið við blaðinu í Evrópumálum. Á sama tíma hefur forysta Sjálfstæðisflokksins herst í andstöðu við aðildarviðræðurnar. Þessar breytingar draga úr líkum á því að stjórnarandstaðan komi málefnafleyg í stjórnarsamstarfið. Þá er spurning hvort VG vogar að hefja þann fleyg á loft í viðleitni til að sameina flokkinn.

## Stór hluti kjósenda frýs úti

Undanfarna áratugi hafa fjórir til sjö flokkar endurspeglað vilja fólksins á Alþingi. Nú eiga fimm flokkar fulltrúa þar í sex þingflokkum. Í síðustu kosningum höfðu þrír þeirra aðild að Evrópusambandinu á dagskrá. Nú er aðeins einn eftir. Það felur í sér alvarlega lýðræðisflækju því að kjósendurnir hafa ekki skipt um skoðun á sama veg. Áður var það kjördæmaskipanin en nú er það flokkakerfið sem veldur því að hugmyndir kjósenda endurspeglast ekki í réttum hlutföllum á Alþingi.

Kannanir benda til að um það bil sextíu hundraðshlutar þjóðarinnar vilji ljúka aðildarviðræðunum og um fjórutíu af hundraði styðji aðild nú þegar. Aðeins tæpur helmingur þessara kjósenda fylgir Samfylkingunni að málum. Ívið stærri hluti fylgir öðrum flokkum. Þannig eru stuðningsmenn aðildar og aðildarviðræðna stór minnihluti í kjósendahópi Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins og talsverður hluti kjósenda VG.

Eins og sakir standa hafa þessir minnihlutahópar þriggja flokka að mestu frosið úti frá áhrifum á Alþingi með þetta mál. Að öllu óbreyttu verður sama staða uppi á teningnum eftir næstu kosningar. Evrópumálin verða þá enn í uppnámi og stefnuleysi í peningamálum allsráðandi. Að sjálfu leiðir að líklegasta stjórnarmynstrið eftir kosningar er áframhaldandi seta núverandi stjórnarflokka með Framsóknarflokknum.

Eigi Alþingi að endurspegla viðhorf þjóðarinnar þarf að finna Evrópusjónarmiðum kjósenda fjögurra flokka eðlilegan farveg til áhrifa þar. Í ljósi þess að aldarfjórðung tók að leiðrétta kjördæmaskipanina má draga í efa að sú lýðræðisumbót sé í augsýn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


1 lítri
Mjólkin gerir gott betra
MJÓLKURSAMSALAN
ENNEMM / SÍA / NM46284

# Andlegt gjaldþrot framundan

Menntamál

Karl Ágúst Úlfsson
rithöfundur og fimm barna faðir



Einhver hélt að nú væri komið að uppgjöri – nýju upphafi. Þegar keisarinn stendur allt í einu berrassaður fyrir allra augum og engum getur dulist að við höfum látið glepjast af sjónarspili nokkurra efnishyggjufíkla og pólitíkusa með handhæg asnaeyru á réttum stað, þá héldu sumir að nú yrði staldrað við og hlutirnir hugsaðir upp á nýtt.

Þegar efnislegt gjaldþrot hundraða fyrirtækja og þúsunda heimila var ekki bara fræðilegur möguleiki, heldur hrollkaldur veruleiki, þá héldu einhverjir að nú yrði að spyrna við fótum til að forða andlegu gjaldþroti heillar þjóðar.

Og þegar fram komu öfl í landinu sem kenndu sig við nýtt Ísland og bestan flokk og vildu afhjúpa fáránleika íslenskra stjórnmála, hugsa útfyrir rammann, gefa skít í afdankaða kerfishugsun, opna allar gáttir og láta gusta um rykfallna kontórista sem höfðu siglt öllum okkar málum í strand – þá héldu margir að bráðum kæmi betri tíð – bráðum færum við að huga að því sem skipti raunverulegu máli, hugsuðum ekki bara um framtíðina sem vexti og verðbætur, heldur færum kannski að hugsa um börnin okkar.

Og var ekki tími til kominn? Sumum fannst það. Var ekki mál til komið að við hættum að tala fjálglega um blessuð börnin sem það dýrmætasta sem við ættum, sem sjáöldur augna okkar, fjöreggin okkar – var ekki tími til kominn að við hættum að tala og færum að sýna í verki hvers virði uppvaxandi kynslóð er okkur í raun og veru? Það var einmitt þetta sem einhverjir héldu að við myndum gera eftir að hafa brennt okkur svona illa – við myndum leggja allt kapp á að hlúa að því fólki sem sannarlega þarf að súpa seyðið af heimsku okkar hinna, en verður þá vonandi betur í stakk búið til að takast á við lífið og haga sér af ögn meiri skynsemi en við gerðum.

En svo kom í ljós að þetta stóð ekki til. Þegar á reynir og sparnaðar er þörf, hvar er þá ráðist grimmast á garðinn? Jú, þá er byrjað á því að þrengja að börnunum. Og þá spyrja sumir: Er þetta ekki fólkið sem ætlaði að beita nýjum vinnubrögðum, hugsa útfyrir rammann? Einhver hélt það. Og samt eru úrræðin nákvæmlega þau sömu og áður hafa sést svo oft að þau eru orðin eins og náttúrulögmál.

Til þess að hreinsa upp skítinn eftir þá kynslóð sem brenndi ofan af okkur heilt samfélag ætlum við sem sagt að sameina skóla, fjölga í bekkjardeildum, lækka laun kennara, gefa börnunum næringarlaust gums að borða og við ætlum líka að taka af þeim andlega fóðrið, því við ætlum að skera stórlega niður starfsemi bókasafna í skólum.

Suma rámar í orð borgarstjórans sem taldi að niðurskurður af þessu tagi fæli í sér ný tækifæri fyrir börnin okkar. Það átta sig ekki allir á því hvaða tækifæri felast í því að ræna þau bæði líkamlegri og andlegri næringu. Ef einhver þyrði nú í alvöru að hugsa útfyrir rammann mætti láta sér detta í hug að í stað þess að þrengja endalaust að nýrri kynslóð væri kannski skynsamlegt að fjárfesta djarflega í þeim sem nú eru að vaxa úr grasi. Og kannski finnst einhverjum þetta ekki einu sinni frumleg hugsun. Vonandi ekki.

> Hvernig væri að sýna í verki þá umhyggju sem við þykjumst bera í brjósti?

Hvernig væri til dæmis að stórefla starf skólabókasafnanna og hvetja skólabörn til að lesa sem mest og fjölbreyttast? Á bókasöfnum mennta börn sig sjálf, gera sínar eigin uppgötvanir og hver veit nema þau tileinki sér þann andlega þroska sem okkur virðist ennþá skorta – hver veit nema þeim takist að setja hlutina í rétt samhengi, hugsa útfyrir rammann, þrátt fyrir bullið í okkur. Sumir binda vonir við það.

Hvernig væri að sýna í verki þá umhyggju sem við þykjumst bera í brjósti og meta það við kennara þessa lands að þeir sinna margfalt margfalt mikilvægara starfi en nokkur bankastjóri, nokkur forstjóri og nokkur ráðherra sem við höfum kynnst?

Hvernig væri að við færum að viðurkenna mistök okkar og stefndum í alvöru að því að gera vel við þá kynslóð sem ætlar síðar meir að halda uppi merki okkar og heita menningarþjóð, bókaþjóð, menntuð þjóð, lestrarþjóð, en ekki bara þjóðin sem reif sig uppúr kreppunni hvað sem það kostaði?

Einhver sagði að það væri dýrt að reka skólakerfi og því trúi ég vel. En ég trúi því líka að það sé ennþá dýrara að þjarma svo rækilega að því að þar viðgangist bæði líkamlegur og andlegur næringarskortur. Fyrir það gjöldum við dýru verði þótt síðar verði.

„Vor á **Sólheimum**“

**Fyrir skapandi fólk**
Á næstunni verða námskeið í olíumálun og refilsaum.

Nánari upplýsingar á **www.arttravel.is**

art TRAVEL

FAAS

Aðalfundur FAAS - félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma verður haldinn miðvikudaginn þann 11. maí 2011 á Grand Hóteli, Sigtúni 38, Reykjavík og hefst hann kl. 17.00

**Dagskrá**
1. Fanney Proppé Eiríksdóttir, formaður FAAS setur fundinn
2. Venjuleg aðalfundarstörf
3. Önnur mál

Vakin er athygli á að samkvæmt lögum FAAS hafa þeir einir rétt til að sitja aðalfund sem lokið hafa greiðslu árgjalds liðins árs.

**Öryggi í samskiptum -námskeið við félagsfælni**

KMS Kvíðameðferðarstöðin

Á námskeiði Kvíðameðferðarstöðvarinnar við félagsfælni verða kenndar aðferðir til að draga úr kvíða og óöryggi í samskiptum og við félagslegar aðstæður. Þetta er árangursmælt námskeið sem byggir á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar.

Kennslufyrirkomulag: Fyrstu tvær vikurnar verður kennt tvisvar í viku, á mánudögum kl. 15-17 og á miðvikudögum kl. 15-17. Eftir það verður kennt einu sinni í viku, á mánudögum kl. 15-17 auk eftirfylgdartíma í haust. Alls er námskeiðið 22 klukkustundir.

Næsta námskeið hefst mánudaginn 2. maí
*Skráning og fyrirspurnir í síma 534-0110 eða kms@kms.is*
*Nánari upplýsingar: **www.kms.is***

# Villandi umræða um upplýsingalög

Upplýsingalög

Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra



Þegar ný ríkisstjórn tók við völdum 1. febrúar 2009 einsetti hún sér að auka aðgengi almennings að upplýsingum í stjórnsýslunni. Gagnsæ vinnubrögð eru enda besta leiðin til að endurreisa það traust til stjórnvalda sem hrundi ásamt bönkunum. Sjálf beitti ég mér fyrir því að svigrúm gildandi upplýsingalaga yrði nýtt til hins ítrasta, t.d. veitti forsætisráðuneytið fjölmiðlum aðgang að gögnum um einkavæðingu bankanna, sem þráfaldlega hafði verið synjað um aðgang að í tíð fyrri ríkisstjórna. Jafnramt fól ég nefnd sérfræðinga að endurskoða upplýsingalögin með það fyrir augum að auka upplýsingarétt almennings. Sérfræðinganefndin, undir forystu Trausta Fannars Valssonar fór yfir reynsluna af núgildandi upplýsingalögum, átti samráð við fjölda hagsmunaaðila, kynnti sér löggjöf í nágrannaríkjum og lagði fram frumvarpsdrög að nýjum upplýsingalögum haustið 2010. Barst fjöldi athugasemda sem tekið var tillit til áður en frumvarpið var afgreitt í ríkisstjórn.

**Ríkisfyrirtæki upplýsingaskyld**

Helstu nýjungar í frumvarpinu eru þessar: a) Gildissvið laganna er víkkað út þannig að þau ná til fyrirtækja sem eru í eigu hins opinbera að 75% hluta eða meira. Verði frumvarpið að lögum munu orkufyrirtæki eins og Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur því þurfa að veita almenningi aðgang að gögnum í sínum fórum. b) Kröfur um framsetningu upplýsingabeiðna eru einfaldaðar með það að markmiði að auðvelda almenningi að óska upplýsinga. c) Gert er ráð fyrir því að heimilt sé að veita aðgang að gögnum í rannsóknarskyni með ákveðnum skilmálum enda þótt gögnin séu undanþegin upplýsingarétti.

**Bylting í rafrænu aðgengi**

d) Forsætisráðherra er falið með reglugerð að mæla fyrir um birtingu ganga og upplýsinga stjórnvalda á vefsíðum þeirra. Þar með er lagður grunnur að því að stjórnvöld birti málaskrár sínar á vefsíðum sínum sem mun valda byltingu í aðgengi að upplýsingum. e) Gerð er sú krafa að þó fyrir hendi sé heimild til handa stjórnvaldi að synja um aðgang að gögnum skuli stjórnvaldið taka afstöðu til þess hvort veita eigi aðgang í ríkari mæli en skylt er. f) Undantekningarákvæði um vinnuskjöl eru umorðuð til þess að endurspegla vinnulag hjá stjórnvöldum. Samkvæmt núgildandi lögum hættir skjal að vera vinnuskjal um leið og það fer frá einu stjórnvaldi til annars, t.d. ef það er sent í tölvupósti milli ráðuneyta. Ekki er þannig tekið tillit til þess að ólík stjórnvöld vinna í vaxandi mæli sameiginlega að málum í formi alls kyns vinnuhópa og þverfaglegra teyma. g) Almenningi er tryggður skýlaus réttur til upplýsinga um föst launakjör ríkisstarfsmanna.

**Frjáls aðgangur meginregla**

Þau ákvæði frumvarpsins sem takmarka rétt til óhefts aðgangs að gögnum eru að miklu leyti óbreytt frá gildandi lögum. Staðreyndin er sú að öll ríki sem tryggja upplýsingarétt gera líka ráð fyrir að hann geti sætt takmörkunum. Taka þarf tillit til upplýsinga um einkamálefni einstaklinga, sem njóta stjórnarskrárverndar, eins og t.d. viðkvæmar heilsufarsupplýsingar. Eins þarf að vera unnt að undanþiggja upplýsingar vegna trausts í samskiptum ríkja, svo fátt eitt sé nefnt.

Aðalatriðið er að frjáls aðgangur sé meginreglan og rökstyðja þurfi sérstaklega beitingu undantekningarheimilda. Fram fari hagsmunamat þar sem aðgangi er ekki synjað nema ótvírætt sé að hagsmunir sem stríða gegn aðgangi almennings vegi þyngra. Frumvarpið leggur ekki til neina breytingu á fyrirkomulagi úrskurðarnefndar um upplýsingamál enda nýtur nefndin virðingar fyrir sjálfstæði sitt og má kalla hana brjóstvörn upplýsingaréttar almennings. Því til viðbótar munu dómstólar hér eftir sem hingað til geta dæmt um aðgang að upplýsingum.

**Stormur í vatnsglasi – 110 ár í stað 80**

Í vikunni var talsvert fjallað um ákvæði frumvarpsins sem heimilar þjóðskjalaverði að synja um aðgang að gögnum í 110 ár, einkum með tilliti til einstaklinga, sem enn eru á lífi. Þarna geta fallið undir viðkvæmar heilsufarsupplýsingar en samkvæmt núgildandi lögum er þetta heimilt í 80 ár, sem er órökrétt því sumir lifa blessunarlega lengur en svo. Þessi tillaga á rætur að rekja til nefndar sem vann að endurskoðun laga um þjóðskjalasafn undir formennsku Páls Hreinssonar hæstaréttardómara. Að danskri fyrirmynd er lagt til að auk einkalífshagsmuna megi þegar sérstaklega stendur á byggja synjun um aðgang á gögnum sem eru yngri en 110 ár á almannahagsmunum. Þjóðskjalavörður yrði ekki einráður í þessum efnum enda yrði möguleg synjun hans kæranleg til úrskurðarnefndar um upplýsingamál auk þess sem hægt væri að bera hana undir dómstóla. Þar með ætti að vera tryggt að ekki kæmi til 110 ára nema í algerum undantekningartilvikum. Hér er því um algeran storm í vatnsglasi að ræða, en ef nota á þessa einu breytingu til að gera annars gott framfaramál tortryggilegt með villandi málflutningi, þá er það mér algerlega að meinalausu að falla fá breytingunni og færa ákvæðið til fyrra horfs.

> Þá er það mér algerlega að meinalausu að falla frá breytingunni og færa ákvæðið til fyrra horfs.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
**FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN**
Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi
m.visir.is Fáðu Vísi í símann!
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir. vísir

**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is




# Korfu
# Gríska draumaeyjan

## Nýr og ómótstæðilegur áfangastaður

Nýjung!

## Flugsæti

**Verð frá 95.500 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar 18. júní.
* Verð án Vildarpunkta 105.500 kr.




## Park hótel ★★★

Park hótel í Gouvia er gott 3ja stjörnu hótel með 190 herbergjum í 10 mín. göngufæri frá Gouvia. Huggulegt gestamóttaka með smáverslun, aðgangi að interneti , setustofu og bar. Góður garður með sundlaug, barnalaug og bar.

**Verð frá 149.000 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-11) í 10 nætur, 3. sept.
Hálft fæði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli:
169.200 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 159.000 kr. m.v. 2+1. Verð án Vildarpunkta 179.200 kr. m.v. 2.
Innifalið: Flug, skattar, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn.

**BEINT**
**MORGUNFLUG MEÐ ICELANDAIR Í ALLT SUMAR**

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 54689 04/11




## Ipsos Beach ★★★

Ipsos Beach hótel er snyrtilegt þriggja stjörnu hótel, einungis 50 til 80 metra frá ströndinni í Ipsos. Við hótelið er sundlaug, barnalaug, barnaleiksvæði og sólbekkir með ágætri aðstöðu.

**Verð frá 135.600 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-11) í 10 nætur, 18. júní.
Hálft fæði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli: 142.800 kr.
og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 145.600 kr. m.v. 2+1. *Verð án Vildarpunkta 152.800 kr. m.v. 2
Innifalið: Flug, skattar, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn.

## Flugáætlun

| | | |
|---|---|---|
| UPPSELT 28. maí | 23. júlí | 13. sept. |
| 7. júní | 2. ágúst | 24. sept. |
| 18. júní | 13. ágúst | 1. okt. |
| ÖRFÁ SÆTI LAUS 28. júní | 23. ágúst | |
| 9. júlí | 3. sept. | |

Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is



## Helion íbúðir ★★★

Helion íbúðagarðurinn samanstendur af sjö tveggja hæða byggingum í stórum og snyrtilegum garði, sem liggur niður að strönd og er stutt frá miðbænum í Gouvia. Gestamóttaka og smáverslun eru í sérhúsi og í garðinum er sameiginlegt sundlaugarsvæði með sólbaðsaðstöðu og snakkbar fyrir öll húsin.

**Verð frá 131.500 kr. ***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í 10 nætur, 18. júní.
Verð á mann m.v. 2 í íbúð: 147.120 og 15.000 Vildarpunktar, í 10 nætur, 3. sept.
* Verð án Vildarpunkta 141.500 kr. m.v. 2+2. *Verð án Vildarpunkta 157.120 kr. m.v. 2.
Innifalið: Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið



# PÁSKASTEIKIN FÆST Í HAGKAUP!

## Lambalæri

Jói FEL

að hætti Jóa Fel

úrbeinað og fyllt með piparosti, gráðosti, hvítlauk, villisveppum, rósmarin, basil, oregano, olíu, salti og pipar



## Lambasteikur

Jói FEL

úr úrbeinuðu læri
að hætti Jóa Fel

- Skógarberja marineruð
- Marokkó kryddlegin

NÝTT SPENNANDI



Þessar frábæru sósur loksins aftur í Hagkaup!



"We're Talkin' Serious" Bone Suckin'®

INNIHELDUR:
ekkert glúten
engan hvítan sykur
engin rotvarnarefni
engar transfitusýrur
enga fitu

## Grillkjötið komið í verslanir!



Nautakjöt



Svínarif



Kótilettur



Lærissneiðar

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Gildir til 25. apríl á meðan birgðir endast.

AFGREIÐSLUTÍMI VERSLANA Á WWW.HAGKAUP.IS

# Hafðu það gott um páskana

**Heill kalkúnn**
ferskur




**Hamborgarhryggur Hagkaups**
að hætti landsliðs matreiðslumeistara




**Kalkúnaskip**
smjörsprautað
- tilbúið beint í ofninn!




## ALVÖRU SÓSUR
### LAGAÐAR FRÁ GRUNNI

Veislusósur sem eru lagaðar úr hágæða hráefni og tilbúnar beint í pottinn.

HAGKAUPS SÓSUR
399kr/stk




Rjómasveppasósa
Rauðvínssósa
Piparsósa
Púrtvínssósa

Nammiland
Gildir út sunnudag
50% afsláttur




NÓA KONFEKT 1 KG
2.799kr/pk.



TILBOÐ
PÁSKAKAKA
399kr/stk.



TILBOÐ
TE & KAFFI SÆLKERAKAFFI
20% afsláttur v/kassa



HOPP PÁSKAEGG
2.099kr/stk

Nýbakað fyrir þig!



TILBOÐ
EPLALENGJA NÝBÖKUÐ
339kr/stk.



TILBOÐ
TÓMATBRAUÐ
229kr/stk.



TILBOÐ
BAGUETTE 400G
199kr/stk.




TILBOÐ
QUALITY STREET 1 KG
1.699kr/pk.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Júdas fékk þrjátíu evrur

Rithöfundurinn **Stefán Máni** vinnur ekki á sunnudögum. Það gerir hins vegar **Sigríður Guðmarsdóttir**, sóknarprestur í Grafarholti. *Kjartan Guðmundsson* ræddi um páskana, Eurovision og viðeigandi klæðnað við rökstólapar vikunnar á Kaffivagninum.

## Á RÖKSTÓLUM



**KYRRAVIKA** Stefán Máni og Sigríður njóta tebolla á Kaffivagninum. „Ég er svo hrifinn af Skotlandi og kaupi Melrose's af þjóðernisástæðum en ekki vegna bragðsins,“ segir Stefán Máni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Eftir því sem kröfurnar verða meiri um minni kristindóm í skólum, þá held ég að heimilin verði að hysja upp um sig buxurnar. Kannski er fólk orðið of vant því að skólinn sjái um allt fyrir það.

*Byrjum á byrjuninni. Hvað vitið þið hvort um annað?*

**Sigríður:** „Það eina sem ég veit um þig, Stefán Máni, er að þú semur bækur og þær eru oftast úr undirheimum. Dálítið svart efni. Ég hef aldrei lesið neitt eftir þig, en mig langar til þess. Er þetta rétt hjá mér?“

**Stefán Máni:** „Já, það verður að segjast. Ég veit að þú ert prestur í Grafarholti, hjá Þjóðkirkjunni væntanlega, en svo veit ég ekki meira. Nema það að ég hef heldur ekki lesið predikanirnar þínar.“

**Sigríður:** „Svo sagðirðu mér að þú hefðir alist upp í Ólafsvík.“

**Stefán Máni:** „Já, og meðal annars þess vegna finnst mér gott að koma hingað á Kaffivagninn. Ég finn jarðtengingu hér við höfnina.“

**Sigríður:** „Ég get ekki sagt að hafið sé mér í blóð borið. Ég er fædd á Seltjarnarnesi og ólst upp við sjó, en ég er líka algjört höfuðborgarbarn. Ég skrifaði doktorsritgerð sem heitir Djúp guðdómsins, en ástæðan fyrir áhuga mínum á djúpinu er líklega sú að ég bjó við Ísafjarðardjúp um tíma. Í Bolungarvík. Svo var ég líka prestur á Suðureyri og í Ólafsfirði.“

**Stefán Máni:** „Bolungarvík er magnaður bær. Þangað hef ég komið oft. Þú vissir líklega heldur ekki að ég er kaþólskur og Bolungarvík er einmitt eitt sterkasta vígi kaþólskunnar á Íslandi.“

**Sigríður:** „Ég tók eftir því að þú ert með róðukross um hálsinn.“

**Stefán:** „Já. Siðaskiptin urðu mjög seint þarna fyrir vestan og það eimir enn af kaþólskunni þar.“

**Sigríður:** „Vestfirðirnir eru auðvitað svo fjölþjóðlegir núna vegna allra innflytjendanna.“

**Stefán Máni:** „Já. Eitt það magnaðasta við kaþólska söfnuðinn hér á Íslandi er hversu miklu máli hann skiptir fyrir innflytjendur. Fyrir mig er það mjög dýrmætt að kynnast heilu fjölskyldunum af Pólverjum og Filippseyingum. Það er alveg frábært. Þetta fólk hitti ég hvergi annars staðar. Nema þá sem afgreiða í Bónus.“

### Óhlýðnin er veikleiki

*Hvað segið þið um páskana?*

**Sigríður:** „Það sem mér finnst best við páskana er að ganga inn í ákveðinn söguþráð. Og ég nýti kirkjuna til að undirstrika þennan söguþráð. Ferð þú í messu?“

**Stefán Máni:** „Já, ég fer í messu á páskadag og fasta á föstudeginum langa. Það að taka föstuna alvarlega er einn skemmtilegasti hlutinn við þetta.“

**Sigríður:** „Ég les alltaf Passíusálmana á föstudeginum langa. Byrja klukkan tíu um morguninn og sit við til tvö eða þrjú um daginn. Til að byrja með er ofboðslega erfitt að sitja undir svona löngum lestri en það verður léttara eftir því maður þekkir sálmana betur.“

**Stefán Máni:** „Það finnst mér mjög góður íslenskur siður. Allt sem maður leggur eitthvað á sig fyrir er gott.“

**Sigríður:** „Endurtekningin skiptir líka máli. Í nútímasamfélagi er svo mikil áhersla á allt sem er nýtt og spennandi að stundum gleymist það jákvæða við samhengi og endurtekningu.“

**Stefán Máni:** „Já. Það fer fram svo mikil mötun. Fólk horfir á sjónvarpsþætti um fólk sem er í megrun og heldur að það sé að upplifa tilfinningar í gegnum fjölmiðla, en gerir ekki neitt sjálft.“

**Sigríður:** „Svona vil ég hafa páskana því svona henta þeir mér. En það þarf ekki öllum að líða þannig. Til dæmis hefur verið töluverð umræða um helgidaga, hvort löggjafinn eigi að vernda þessa hátíð og þá hvernig.“

**Stefán Máni:** „Þarna kemurðu inn á góðan punkt, því óhlýðnin er einn af veikleikum Þjóðkirkjunnar. Ég er harður á því að það eigi að virða helgina, því hún er dýrmæt.“

**Sigríður:** „En það eru ekki allir í Þjóðkirkjunni. Kannski er þetta spurning um hver eigi að sjá um agann. Er það kirkjan eða löggjafinn?“

**Stefán Máni:** „Ég segi kirkjan. Kirkjan er söfnuðurinn, söfnuðurinn hefur höfuð og líkaminn á að hlýða höfðinu. Á hinn bóginn á löggjafinn auðvitað að skipta sér af atvinnulífinu, því þar hlýðir enginn nema til staðar séu lög og refsingar.“

**Sigríður:** „En ef fólk vill vinna, til dæmis á föstudaginn langa? Þetta er dálítið erfið glíma. Ég er mjög ánægð með að þessir dagar skuli vera til, því þeir skipta mig miklu máli.“

**Stefán Máni:** „Mig líka. Það verða að vera helgidagar því annars verða allir dagar eins. Ég kaupi til dæmis ekki í matinn og vinn ekki á sunnudögum.“

**Sigríður:** „Ég vinn alltaf á sunnudögum.“

### Umburðarlyndi og linkind

*Haldið þið að Íslendingar, og sér í lagi ungt fólk, hugsi alla jafna mikið um tilgang páskanna og hvers er verið að minnast?*

**Stefán Máni:** „Mín tilfinning er sú að fjölskyldur fari almennt ekki í kirkju eða lifi einhverju alvarlegu trúarlífi.“

**Sigríður:** „Það er reyndar mjög misjafnt.“

**Stefán Máni:** „Jú, eflaust er það rétt.“

**Sigríður:** „Það komu krakkar úr Ingunnarskóla í heimsókn í kirkjuna um daginn. Þau voru mjög vel inni í málunum og vissu alveg hvers vegna dagarnir heita pálmasunnudagur, skírdagur og svo framvegis. Svo spurði ég þau hvað Júdas hefði fengið fyrir að svíkja Jesú og þá svaraði eitt barnið: Þrjátíu evrur!“

**Stefán Máni:** „Já. Það eru nú bara örfáir mánuðir síðan rætt var um að prestar mættu ekki heimsækja skóla og fleira rétttrúnaðarrugl undir formerkjum jafnréttis. Þetta fannst mér alveg magnað. Við erum kristin þjóð, fáninn okkar er kross, við höfum Þjóðkirkju og þar fram eftir götunum, en svo fer svona taugaveiklun í gang. Við erum flest kristin og það á að bera virðingu fyrir því. Ég get ekki ímyndað mér að þetta skaði nokkurn.“

**Sigríður:** „Ég hef dálítið aðra sögu að segja gagnvart þessu. En ég er líka í því alla daga að reyna að standa vörð um köllun mína og það sem ég ber virðingu fyrir, og jafnframt að bera virðingu fyrir fjölhyggjunni og því að ekki hugsi allir eins. Þarna kemur líka til sögunnar réttur fólks til að hafa áhrif á það hvers konar trúarbrögð börnunum þeirra eru innrætt. Foreldrarétturinn er mjög sterkur.“

**Stefán Máni:** „En það er ekkert trúboð í skólum. Bara trúarbragðafræðsla. Flestir eru afslappaðir með þessi mál en þeir tjá sig ekki um þau. Það eru alltaf minnihlutahópar sem ná að breyta svona stórum hlutum með hávaða. Þetta er bara taugaveiklun. Það á ekkert að gefa eftir því þá er erfitt að snúa til baka. Það vantar meira trúarofstæki. Hér er allt of mikið umburðarlyndi og linkind.“

**Sigríður:** „En eru umburðarlyndi og linkind það sama? Ég er ekki sammála því.“

**Stefán Máni:** „Það er túlkunaratriði eins og með öll hugtök. Í dag er umburðarlyndi notað sem afsökun fyrir að láta vaða yfir sig.“

**Sigríður:** „Umburðarlyndi er oft ruglað saman við að nenna ekki að pæla í hlutunum eða taka afstöðu. Ég held að það sé líka hægt að vera heitt og innilega umburðarlyndur. En við stöndum auðvitað frammi fyrir þjóðfélagi sem er allt öðruvísi en það var fyrir tíu eða tuttugu árum.“

**Stefán Máni:** „Hárrétt.“

**Sigríður:** „Og þetta eru líka spennandi tímar sem gæti komið eitthvað gott út úr. Eftir því sem kröfurnar verða meiri um minni kristindóm í skólum, þá held ég að heimilin verði að hysja upp um sig buxurnar. Kannski er fólk orðið of vant því að skólinn sjái um allt fyrir það.“

**Stefán Máni:** „Einmitt. Margir telja að skólinn eigi að sjá um uppeldi og ýmsa hluti. Ég var mjög ánægður í vetur þegar settar voru reglur um viðeigandi klæðnað á grunnskólaböllum.“

**Sigríður:** „Já, þegar sex ára stelpur eru komnar í g-streng?“

**Stefán Máni:** „Það fannst mér alveg meiriháttar. Stundum fara hlutirnir úr böndunum og þá er gott að tekið sé á því á heilbrigðan hátt. Þannig að foreldrarnir fái stuðning utan frá. Svona lagað er rosalega auðvelt að stimpla sem fasisma og kúgunarvald en í þessu tilfelli var þetta mjög skynsamlegt.“

**Sigríður:** „Já. Í rauninni snýst þetta um að löggjafinn sé að vernda bernsku barna.“

**Stefán Máni:** „Einmitt. Jákvæð valdbeiting. Það má ekki alltaf firra sig ábyrgð. Ef stór mál koma upp nú til dags þá eru þau bara sett í þjóðaratkvæðagreiðslu og enginn ber ábyrgð.“

### Fallegir Eurovision-strákar

*Talandi um þjóðaratkvæðagreiðslur. Undanfarnar vikur hafa verið býsna skrítnar.*

**Stefán Máni:** „Verst fannst mér að sjá samfélagið tætast upp í eitt allsherjar rifrildi. Það er mjög óhollt. Þessar Icesave-vikur voru hræðilegar.“

**Sigríður:** „Já, þær voru mjög erfiðar yfir höfuð. Vont veður, miklir erfiðleikar hjá fólki.“

**Stefán Máni:** „Og ekki alveg nógu mikil stemning fyrir Eurovision finnst mér.“

**Sigríður:** „Þar er ég sammála. Eurovision-lagið okkar gerir mig glaða. Bara það að sjá strákana á sviðinu. Þeir eru fallegir og góðir og syngja til minningar um vin sinn.“

**Stefán Máni:** „Við vinnum ekki Eurovision, en þetta lag er krúttlegt og sætt. Ég hugsa að þjóðin sé mjög sátt við það og söguna á bak við það. Það þarf ekki mikið meira. Þetta er dálítið persónulegt fyrir þjóðina. Svona dæmi þar sem ferðalagið skiptir meira máli en áfangastaðurinn. Þetta er mjög jákvætt og einlægt, alveg andstaðan við Sylvíu Nótt.“

**Sigríður:** „Ég ætla að horfa á keppnina. Ég elska Eurovision og skammast mín ekkert fyrir það.“

**Stefán Máni:** „Ég líka. Ég á tvö börn og er hlekkjaður við þetta frá a til ö. Ég mun aldrei viðurkenna að ég elski þetta en ég horfi á þetta allt.“

**Sigríður:** „En þú varst að því!“

**Stefán Máni:** „Nei, alls ekki! Lögfræðingurinn minn mun hrekja þetta allt fyrir rétti.“




# flugrútan

## RÚTAN SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT

### Áætlun Flugrútunnar frá BSÍ til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

Gildir frá 27. mars til 29. október 2011.

| Mán. | Þri. | Mið. | Fim. | Fös. | Lau. | Sun. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 |
| 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 |
| 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 |
| 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 |
| 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 |
| 06:30* | 06:30* | 06:30* | 06:30* | 06:30* | 06:30* | 06:30* |
| | | | | | | |
| 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* |
| | | | | | | |
| 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | |
| 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 |
| 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 |
| 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 |
| 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 |
| | | | | | | |
| 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 |
| 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 |
| 16:00 | 16:00 | 16:00 | 16:00 | 16:00 | 16:00 | |
| | | | | | | |
| 21:00* | 21:00* | 21:00* | 21:00* | 21:00* | 21:00* | 21:00* |
| 22:00* | 22:00* | 22:00* | 22:00* | 22:00* | 22:00* | 22:00* |
| 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 |

*26. maí - 4. september.

Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll

Bókaðu á www.flugrutan.is

**Alltaf laus sæti!**




EXPO - www.expo.is

Skannaðu QR kóðann
með snjallsímanum þínum

SAF Starfsmenntaviðurkenning 2011

Global Passenger Network®

# flugrútan

BSÍ Umferðarmiðstöðin • 101 Reykjavík
☎ 580 5400 • main@re.is • www.flugrutan.is



**KOLMÓRAUÐ KROSSÁ** Ásmundur óð út í Krossá sem var ekki árennileg að sjá. Erlendu ferðamönnunum sem voru í bifreiðinni var heldur létt þegar Ásmundur kom með kaðalinn. MYND/SÆRÓS SIGÞÓRSDÓTTIR

# Stillt á ákveðna rás í hausnum

**Ásmundur Þór Kristmundsson** þurfti ekki að hugsa sig um tvisvar þegar hann óð út í Krossá til að bjarga ferðamönnum sem sátu fastir í ánni á litlum bíl. ***Sigríður Björg Tómasdóttir*** rifjaði upp björgunarafrekið með Ásmundi, hvunndagshetju Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins.

Þann áttunda ágúst í fyrra voru Ásmundur og unnusta hans, Særós Sigþórsdóttir, stödd í Þórsmörk. „Tengdaforeldrar mínir voru staðarhaldarar í Langadal og við vorum að heimsækja þau. Við erum á gangi þegar við heyrum og sjáum að það er eitthvað að gerast í Krossánni. Við hlupum af stað til að athuga hvað væri á seyði og sáum þá bíl ferðamannanna í ánni, þar sem hann flaut en festi sig svo á steini.“

Þrátt fyrir axlarmeiðsl hugsaði Ásmundur sig ekki um áður en hann var farinn að huga að björgunaraðgerðum. „Það var eins og það væri bara stillt á ákveðna rás í hausnum á mér. Ég fór bara í gegnum það sem ég hef lært í björgunarsveitinni, hnýtti um mig reipi sem einhver var með og það var fest við bíl á bakkanum, æddi svo bara af stað út í ána.“

### Straumþung Krossá

Ásmundur Þór bjargaði fyrst karlmanninum sem sat í bílstjórasæti bifreiðarinnar, tók utan um hann og dró með sér yfir á árbakkann. „Hríðskjálfandi stakk hann sér svo aftur út í ána og náði í konuna sem enn var í bifreiðinni. Þegar þau höfðu verið dregin að árbakkanum tókst honum að kasta konunni upp á bakkann en féll sjálfur út í ána þar sem hann lá í nokkrar sekúndur áður en hann var dreginn upp og hneig svo hálf meðvitundarlaus niður á árbakkann,“ sagði í grein um frækilega björgunina sem var forsíðufrétt í Fréttablaðinu daginn eftir.

Ferðamennirnir voru erlendir og hafa væntanlega ekki gert sér grein fyrir straumþunganum í Krossá sem er hættuleg yfirferðar fyrir óvana. Ásmundur Þór velti því ekki fyrir sér hvort hann væri í hættu staddur. „Ég gerði bara það sem þurfti að gera og þetta var bara einstaklega skemmtileg lífsreynsla. Það er afar góð tilfinning að koma til bjargar,“ segir Ásmundur Þór sem fékk kveðju frá ferðamönnunum á Facebook nokkrum dögum eftir björgunina. „Þau voru gríðarlega sátt og ánægð,“ segir Ásmundur. Spurður hvernig honum hafi orðið við að vera útnefndur hvunndagshetja Samfélagsverðlaunanna segist hann hafa í fyrstu orðið hissa. „Ég er ekki fyrstur til að vaða þessa á, en auðvitað fannst mér stórkostlegt að fá þessa viðurkenningu.“

### Köllun að vera í björgunarsveit

Ásmundur er 22 ára gamall og hefur þrátt fyrir ungan aldur verið lengi í björgunarsveit. „Það er mín köllun að vera í björgunarsveit, ég skráði mig um leið og það var hægt, eða sextán ára gamall.“ Ásmundur er í Björgunarsveit Suðurnesja sem hann segir vera líf sitt og yndi.

„Við hittumst í hverri viku og förum í gönguferðir. Við skoðum mjög oft Suðurnesin svo við þekkjum svæðið okkar sem best,“ segir Ásmundur sem hefur haft í nógu að snúast í vetur við að sinna útköllum frá björgunarsveitinni. „Það hafa verið frekar mörg óveðursútköll. Maður fær sms með upplýsingum um eðli útkallsins, hversu alvarlegt það er og svo er bara haldið af stað.“

Ásmundur starfar sem öryggisvörður í Kringlunni. Spurður um framtíðaráform segir hann ferðalög á dagskránni „Ég ætla að ferðast um landið í sumar, ætla örugglega í Þórsmörk. Svo stefni ég á að fara í skóla síðar.“



**MEÐ FJÖLSKYLDUNNI Á SAMFÉLAGSVERÐLAUNUNUM** Fjölskylda Ásmundar Þórs mætti á afhendingu Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins. Frá vinstri eru á myndinni Elína Jóna Clausen móðir Ásmundar, Særós Sigþórsdóttir unnusta, Ásmundur og Kolbrún Skarphéðinsdóttir amma hans. Fremstur er Jón Kristjánsson bróðir Ásmundar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**DREGINN Í LAND** Bifreið ferðamannanna dregin upp úr Krossá.

## BJÖRGUNARAFREK Á FORSÍÐUNNI



skoðun 14

Formar fiska úr grjóti
Listakonan Lísa K. Guðjónsdóttir mótar fiska úr grjóti og ræktar grænmeti í færanlegum matjurtagörðum.
allt 2

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is

FRÉTTABLAÐIÐ
MÁNUDAGUR
Sími: 512 5000
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
9. ágúst 2010 — 184. tölublað — 10. árgangur

Ekkert vesen
Eiríkur Smith myndlistarmaður er 85 ára í dag.
tímamót 18

Annar fótboltaskandall
Framherjinn Peter Crouch er sakaður um að kaupa vændi á Spáni.
fólk 22

Jafnt í Krikanum
Breiðablik datt af toppi Pepsi-deildarinnar eftir jafntefli gegn FH.
sport 26

veðrið í dag

**BARIST VIÐ STRAUMINN** Ásmundur Þór Kristmundsson fór tvisvar út í hina straumhörðu Krossá til að bjarga frönskum ferðamönnum úr háska. Áin var sérlega vatnsmikil eftir mikla rigningu síðustu daga og um tíma hélt Ásmundur að hann væri að drukkna.

**Lagði líf sitt í hættu við björgun í Krossá**

Björgunarsveitarmaðurinn Ásmundur Þór Kristmundsson bjargaði tveimur frönskum ferðamönnum úr sjálfheldu í Krossá í gær. Hann festi í sig reipi, óð út í ána og sótti fólkið í lítinn bíl þar sem það sat fast. Engum varð meint af volkinu.

Ég stóð þarna á árbakkanum merktur Landsbjörg og fannst ég ekki geta annað en hjálpað.
ÁSMUNDUR ÞÓR KRISTMUNDSSON
BJÖRGUNARSVEITARMAÐUR

Hvalveiðimenn í Kópavogi:
Bjóða upp á hvalaskoðun

Uppskriftin að mánudagsfisknum er á gottimatinn.is

Fréttablaðið greindi frá afreki Ásmundar Þórs Kristmundssonar á forsíðu blaðsins 9. ágúst 2010. Daginn eftir var viðtal við Ásmund þar sem greint var frá því að hann hefði áður komið fólki í neyð til bjargar en hann lífgaði mann við með hjartahnoði þegar hann vann á Select í Smáralind. „Ég er mjög stolt af honum og það er sko alls ekki í fyrsta skipti,“ sagði Kolbrún Skarphéðinsdóttir, amma Ásmundar, í viðtali við blaðið. „Hann er bara svona, finnst það vera sjálfsagt að koma fólki til hjálpar. Hann er í björgunarsveitinni og hefur notið sín vel þar og finnst þetta bara vera skylda sín.“





SPARIÐ 4.045
NÝTT
SÆNG + KODDI AÐEINS: 15.900
HREIN EFNI
DÖNSK GÆÐAVARA
DANICA anda-dúnssæng og koddi
Gæða andadúnssæng fyllt með 600 gr. af hvítum evrópskum andadúni og fiðri. Sængin er saumuð í ferninga með veggjum á milli hólfa og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Þéttofið áklæði úr 100% bómull. Stærðir: 135 x 200 sm. og 50 x 70 sm. Sængurtaska fylgir. Má þvo við 60°C. Sæng: 14.950,- Koddi: 4.995,-
60°
Veggir
VERÐ ÁÐUR: 6.995
4.995
SPARIÐ 2.000
KEN skrifborðsstóll
Flottur stóll með stillanlegu baki og setu á frábæru verði!
DREAMZONE™
90 X 200 SM.
4.995
PLUS T10 yfirdýna
Eggjabakkalöguð dýna úr kaldsvampi sem eykur þægindi og vellíðan. Stærð: 90 x 200 sm. Þykkt: 5 sm. Einnig til í stærð: 140 x 200 sm. 5.995,-
SPARIÐ 8.000
FULLT VERÐ: 24.950
16.950
COMFORT gestarúm
Toppgæði! Kaldsvampsdýna 9 sm. þykk. Auðvelt að leggja saman. Góð dýna fyrir gestina. Stærð: B80 x L193 sm.
AÐEINS ÓDÝRARI!
TILBOÐIN GILDA 23.04-26.04
BÓMULLARSATÍN
LITTA sængurverasett
Með tölum að neðan. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.
SPARIÐ 500
VERÐ ÁÐUR: 3.495
2.995
Úrval blómapotta
1 AMARYLLIS 3.995,- St. Ø35 x H50 sm.
2 CLOVES 3.995,- St. B30 x L30 x H40 sm.
3 VERBENA 2.995,- St. B33 x L33 x H40 sm.
4 MENTON 1.995,- St. Ø29 x H29 sm.
5 STRAWBERRY 3.995,- St. Ø40 x H33 sm.
57 LÍTRA PLAST-KASSI MEÐ LOKI
1.995
57 lítra plastkassi
Með smelltu loki og á hjólum. Stærð: 59 x 41 x 33 sm.
FLORA og CECILIA flísteppi
Mjúk og góð flísteppi á frábæru verði! Stærð: 130 x 180 sm.
1 STK. FLÍSTEPPI
895
NÝTT
BLÓMAPOTTAR Í MIKLU ÚRVALI!
LEIKTJALD
1.995
Leiktjald
Sniðugt barnaleiktjald. Fjórir mismunandi litir og gerðir fáanlegar. Einnig fást stólar í stíl.
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU PÁSKASKRAUTI
SPARIÐ 1.000
BAÐSLOPPUR ÁÐUR: 6.995
5.995
VOLGA dömubaðsloppur
Góður dömubaðsloppur. Fæst í fjólubláu, gráu og natural. Stærðir: S/M og L/XL.
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
SINGER SAUMAVÉL
29.990
SINGER
SINGER TALENT 3321 saumavél
Frábær SINGER saumavél sem gerir öll helstu sporin, zikkzakk, hnappagöt o.fl. Er með nálarþræðara.
Birt með fyrirvara um prentvillur.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS PÁSKAEGG
Risapáskaegg 1.kg. 1998 kr.
Páskaegg nr. 6 520g 1298 kr.
Páskaegg nr. 5 420g 998 kr.
Páskaegg nr. 4 315g 798 kr.
Páskaegg nr. 3 170g 459 kr.
BÓNUS RÍSEGG
Bónus /Freyju rísegg 4 stk m/málshætti 298 kr.
Ódýrustu páskaeggin í Bónus
eru Bónus páskaeggin framleidd hjá sælgætisgerðinni Góu
Gleðilega páska !
AFGREIÐSLUTÍMI
Í BÓNUS UM PÁSKANA
Laugardagur 23.apríl 10.00-19.00
Páskadagur 24. apríl LOKAÐ
Mánudagur 25.apríl opið 12.00-18.00
Opið mánudaginn 25. apríl
AKUREYRI - SELFOSSI - REYKJANESI
HAFNARFIRÐI Á HELLUHRAUNI
REYKJAVÍK: FISKISLÓÐ - SMÁRATORGI - GRAFARVOGI
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Íslenskar gæðavörur á frábæru verði í BÓNUS
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-19:00
VINSÆLASTI HAMBORGARHRYGGURINN Í BÓNUS
1298 KR.KG MEÐ BEINI
1598 KR.KG ÚRBEINAÐUR
ALI HAMBORGARHRYGGUR
20% AFSLÁTTUR
2798 KR.KG
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTA RIBEY
MERKT VERÐ: 3498 KR.KG - 20% AFSLÁTTUR
998 KR.KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
3598 KR.KG
ÍSLANDSLAMB MANGÓKRYDDAÐ FERSKT LAMBAFILE
Holda KALKÚNN
998 KR.KG
FERSKUR VEISLUFUGL MEÐ FYLLINGU
NÝTT Í BÓNUS FRÁ ÍSLANDSLAMBI
BLÁBERJAKRIDDAÐUR LAMBA INNRALÆRISVÖÐVI
Besti vöðvinn úr lambalærinu, á grillið eða beint í ofninn !
2798 KR.KG
1259 KR.KG
FROSINN KALKÚNN 1.FLOKKUR
1298 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
FERSKT ÍSLENSKT SALAT Í BÓNUS
Lambhagi
BLANDAÐ SALAT 459 KR.150g
SALAT Í POTTI 275 KR.STK
100g SPÍNAT Í BOXI 298 KR. 100g
25% AFSLÁTTUR
1949 KR.KG
ÍSLANDSLAMB ÚRBEINAÐ SKAGFIRSKT HANGILÆRI
MERKT VERÐ: 2598 KR.KG - 25% AFSLÁTTUR
KJARNAFÆÐI
1398 KR.KG
KJARNAFÆÐI FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI
NONNI BERNAISSÓSA
279 KR. 225ml.
1198 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ HEILT LAMBALÆRI
Sérskorið kryddað lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
1498 KR.KG
ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI
BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR
Piparsósa
Hvítlaukssósa
198 KR. 270ml.
Sérskorið ferskt Bónus lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
1359 KR.KG
BÓNUS SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Ástin fæst hvorki keypt né seld

**Minjagripaflóðið vegna brúðkaups þeirra Vilhjálms Bretaprins og Kate Middleton, sem fram fer næsta föstudag, er ógurlegt. Fréttablaðið leit á nokkur mis-velheppnuð dæmi um gripi sem framleiddir hafa verið í tilefni „brúðkaups áratugarins“.**

Breska konungsfjölskyldan lætur versta efnahagsástand lands síns í tæpa öld ekki stöðva sig í því að ráðast í enn eitt risabrúðkaupið, þegar Vilhjálmur Bretaprins og Kate Middleton verða gefin saman í Westminster Abbey næstkomandi föstudag.

Sýnt verður frá hátíðarhöldunum í beinni útsendingu hér á landi eins og nálega alls staðar annars staðar, en þó virðist mál manna að áhugi umheimsins á atburðinum sé öllu minni en búist var við, hvort sem um er að kenna téðri efnahagskreppu, alvarlegri og mikilvægari hlutum eins og stríðsrekstri og náttúruhamförum víða um heim eða öðrum þáttum. Þó má ljóst vera að áhugafólk um brúðkaupið er að finna í flestum þjóðfélagsstéttum á byggðu bóli, jafnvel meðal róttækustu andstæðinga konungsveldisins, eins skringilega og það kann að hljóma.

„Brúðkaup áratugarins“ (sumir hafa gengið svo langt og treyst svo á miðilsgáfuna að tala um brúðkaup aldarinnar) kostar formúgu, en þó virðist harla erfitt að komast yfir nákvæmar og áreiðanlegar tölur þess efnis. Flestir virðast skjóta á að um tólf milljónir punda (2,2 milljarðar króna) dugi fyrir sjálfu brúðkaupinu. Konungsfjölskyldan, með málamyndastuðningi frá foreldrum brúðarinnar, sér um greiðsluna á þeim reikningi og lendir hann því ekki á skattgreiðendum nema á óbeinan, en þó um leið augljósan hátt. Nokkrir fjölmiðlar ytra hafa reiknað út að líklegur heildarkostnaður fyrir brúðkaupið sé um fimm milljarðar sterlingspunda (930 milljarðar króna), og eru þá aukin öryggisgæsla, umferðarráðstafanir, vinnutap og yfirvinnukaup tekið með í reikninginn því brúðkaupsdagurinn er almennur frídagur í Bretlandi.

Þá vilja sumir meina að aukinn túrismi, sala á minjagripum og fleira í þeim dúr fari langt með að ná upp í gríðarlegan heildarkostnað vegna brúðkaupsins. Reikningurinn er því vissulega flókinn viðureignar, en ljóst er að miklum peningum verður eytt á mörgum vígstöðvum, meðal annars í minjagripi á borð við þá sem sjá má hér á síðunni.




**ÖRYGGIÐ Á ODDINN**
„Kynmök við ástvin eru ógleymanlegur atburður, rétt eins og konunglegt brúðkaup,“ stendur á umbúðum Crown Jewels-smokkanna sem seljast eins og heitar lummur í Bretlandi þessa dagana. Þar segir reyndar líka að smokkarnir séu einungis hugsaðir sem minjagripir og séu ekki til þess fallnir að koma í veg fyrir kynsjúkdóma og getnað. NORDICPHOTOS/AFP




**BRÚÐUKAUP**
Birgitta Haukdal er ekki eina frægðarmennið sem dúkka hefur verið gerð eftir. Leikfangarisinn Hamley's í London frumsýndi fyrr í mánuðinum þessa brúðu, sem fæst í sjö mismunandi kjólum og kostar 35 pund (6.500 krónur) út úr búð. NORDICPHOTOS/AFP

ENNEMM / SÍA / NM46353

Við erum með réttu

Komdu til okkar eða hafðu samband og við aðstoðum þig við að finna hagstæðustu leiðina.

ódýrari mínútur · 1vinur · 3vinir óháð kerfi · 6vinir · 1000 mínútur · ring

Ódýrari mínútur
Hringdu á 0 kr. í 1 GSM vin hjá Símanum*
Aðeins 11,9 kr. mín. í alla innanlands
590 kr. mánaðargjald
*1.000 mín./ 500 SMS á mán.

3 vinir og 300 SMS
Hringdu á 0 kr. í 3 vini óháð kerfi* og sendu 300 SMS á alla hina
Eitt mínútuverð óháð kerfi
1.390 kr. mánaðargjald
*600 mín./ 300 SMS á mán.
300 MB á mán. fylgir til áramóta.

6 vinir óháð kerfi
Hringdu á 0 kr. í 6 vini óháð kerfi*
Eitt mínútuverð óháð kerfi
1.990 kr. mánaðargjald
– Veldu áskrift eða Frelsi
*Áskrift 1.000 mín./500 SMS á mán.
Frelsi 60 mín./60 SMS á dag

1000 mínútur
Hringdu á 0 kr. í alla GSM og heimasíma á Íslandi*
Frábær leið fyrir þá sem nota GSM símann mikið
7.990 kr. mánaðargjald
*1.000 mín./ 500 SMS á mán.

Ring
Fyrirframgreidd þjónusta - fyrir þá sem vilja afgreiða sig sjálfir
0 kr. innan Ring
990 kr. mánaðargjald
eða
0 kr. innan kerfis Símans
1.990 kr. mánaðargjald*
*1.500 mín./ SMS á mán.

Greidd eru mánaðargjöld og upphafsgjöld skv. verðskrá. Ekki eru greidd upphafsgjöld af símtölum í vinanúmer. Nánar á siminn.is

siminn.is



**LEGO** Legoland í Windsor í Englandi, sem fagnar fimmtán ára afmæli sínu á þessu ári, býður gestum upp á þessa uppstillingu af því hvernig líklegt er að umhorfs verði fyrir framan Westminster Abbey á föstudag; Beckham-hjónin, Paul McCartney og Elton John eru þarna í Legokallalíki, að ógleymdum sjálfum brúðhjónunum. NORDICPHOTOS/GETTY




**BRÚÐKAUPSPOSTULÍN** Það er ekkert brúðkaup með brúðkaupum nema búið sé til postulínstell fyrir veisluna. Hið konunglega postulín má skoða í drottningarversluninni Queen's Gallery Shop í miðbæ Lundúna, nánar tiltekið við götuna sem kennd er við Buckingham-höll.




**KYSSTU MIG KATA** Castle Rock-bruggverksmiðjan í Nottingham hefur sett á markað sérbruggaðan bjór í tilefni brúðkaupsins, sem heitir sama nafni og þekktur söngleikur eftir Cole Porter. NORDICPHOTOS/AFP



**FRUIT CAKE** Bakarinn Michelle Wibowo eyddi áttatíu klukkutímum í að baka þessa hrollvekjandi girnilegu ensku ávaxtaköku sem líkist brúðhjónunum frægu. NORDICPHOTOS/AFP

leiðina fyrir þig

Stærsta og hraðasta 3G dreifikerfi landsins

Vinir óháð kerfi, bæði í Frelsi og áskrift

Risa mínútupakki fyrir stórnotendur

Þú færð meira hjá Símanum!




Magnaðir miðvikudagar fyrir viðskiptavini Símans

0 kr. innan fjölskyldu og í heimasímann

Vertu með vinina á 0 kr.

Yfirsýn yfir alla þjónustu á þjónustuvefnum

Það er Síminn

2001 23. APRÍL | 2001 12. SEPTEMBER | 2006 1. OKTÓBER | 2008 25. ÁGÚST | 2010 13. APRÍL | 2011 11. APRÍL



**FORSÍÐUR ÚR SÖGU FRÉTTABLAÐSINS** Svipmót blaðsins hefur haldist áþekkt frá því að blaðið kom fyrst út.

# Stefndu að nýju stórblaði

Hinn 23. apríl 2001 kom fyrsta tölublað Fréttablaðsins út. Útgáfa blaðsins átti sér nokkurn aðdraganda, segir **Eyjólfur Sveinsson** stofnandi Fréttablaðsins. *Sigríður Björg Tómasdóttir* ræddi við Eyjólf og **Einar Karl Haraldsson** fyrsta ritstjóra blaðsins.

Þróunin alls staðar í kringum okkur var sú að smærri blöðum fækkaði og við sáum að blöð yrðu að vera stærri og færri þegar internetið yrði komið almennilega í gang," segir Eyjólfur Sveinsson en þeir faðir hans, Sveinn R. Eyjólfsson, leiddu Frjálsa fjölmiðlun, útgáfufélag DV, sem um miðjan tíunda áratug síðustu aldar eignaðist flokksblöðin Tímann, Alþýðublaðið og Vikublaðið /Þjóðviljann og felldi undir hatt dagsblaðsins Dags. „Við sáum þó sumarið 2000 að Dagur var ekki þetta þriðja blað sem við leituðum að en tapreksturinn á honum gekk mjög nærri Frjálsri fjölmiðlun. Þá fórum við að horfa í kringum okkur til að leita að öðrum hugmyndum."

Útgáfunni var þó fram haldið þangað til í mars 2001 einum mánuði áður en Fréttablaðið hóf göngu sína. Eyjólfur segir að það hafi ekki verið inni í myndinni fyrir útgáfufélagið Frjálsa fjölmiðlum að láta sér útgáfu DV nægja. „Okkur leist ekki á það, við töldum að það myndi koma út þriðja blaðið á markað þar sem fyrir voru Morgunblaðið og DV. Ef við myndum ekki gefa það út þá yrði einhver annar til þess og það gæti orðið DV skeinuhætt," segir Eyjólfur.

### Fríblöðin fönguðu athyglina

„Þegar við fórum að skoða hvað var að gerast erlendis þá sáum við að metróblöðin sem dreift var á samgöngumiðstöðvum voru orðin nokkuð sterk til dæmis í Svíþjóð, Hollandi og Bretlandi. Okkur leist ágætlega á þessa hugmynd. Við vorum með alla þessa reynslu og búin að fara með allan þennan herkostnað í Dag til að þreifa fyrir okkur hvernig þriðja blaðið ætti að líta út og vorum sannfærð um að við ættum að gera þetta," segir Eyjólfur.

Á þessum tíma var Eyjólfur að vísu hættur sem framkvæmdastjóri Frjálsrar fjölmiðlunar og segir hann föður sinn hafa hvatt sig til að leiða þetta blað. „Ég var tregur til að steypa mér út í ný tvísýn verkefni en freistingin að sjá drauminn um þriðja dagblaðið rætast varð til að ég ákvað að láta slag standa."



**FYRSTA TÖLUBLAÐIÐ SKOÐAÐ Í ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJU** Hér má sjá frá hægri þá Svein R. Eyjólfsson útgefanda, Einar Karl Haraldsson ritstjóra, Gunnar Smára Egilsson fulltrúa útgefenda, Pétur Gunnarsson fréttastjóra og Eyjólf Sveinsson útgefanda.

Veturinn 2000 til 2001 var svo unnið að undirbúningi Fréttablaðsins í samstarfi við starfsmenn Frjálsrar fjölmiðlunar enda mikil reynsla í því fyrirtæki af útgáfu. Smám saman mótuðust hugmyndirnar um það hvernig Fréttablaðið ætti að vera að útliti og innihaldi. „Við litum meðal annars til metróblaðanna sem voru með stuttar fréttir. Við vildum að fólk ætti auðvelt með að staðsetja sig í blaðinu og svo höfðum við það auðvitað í huga að blaðið var gestur á heimilum, kom óboðið í hús ef svo má segja. Þannig að það varð að gæta ákveðinnar hógværðar," segir Eyjólfur. Einnig var leitað aðstoðar ýmissa aðila utan fyrirtækisins við undirbúning Fréttablaðsins, meðal annars auglýsingastofunnar Mekkanó. „Þar unnu þeir einmitt báðir Einar Karl Haraldsson, fyrsti ritstjóri Fréttablaðsins, og Gunnar Smári Egilsson sem alla tíð var lykilstarfsmaður, fyrst í umbroti, svo leiddi hann auglýsingadeild og loks tók hann við af Einari sem ritstjóri."

Frjáls fjölmiðlun átti að vera aðaleigandi að blaðinu en fljótlega kom í ljós að fyrirtækið væri ekki í stakk búið til að styðja við blaðið umfram það sem gert var á undirbúningstímanum. „Við ákváðum samt að koma blaðinu á laggirnar og til þessa dags er ég undrandi á þeim eldmóði og hugsjónakrafti sem starfsfólk og samstarfsaðilar sýndu. Þó þetta væri vissulega galin hugmynd vorum við frá byrjun viss um að við hefðum spennandi hlut í höndunum. Allt gekk þetta eins og í sögu. Blaðið var frá upphafi gefið út með sama sniði og er í dag og hitti í mark."

Þrátt fyrir að margir hafi komið undirbúningi blaðsins var það meðvituð ákvörðun að undirbúningurinn færi frekar hljótt. Eyjólfur segir það hafa verið strategíska ákvörðun á sínum tíma að tala blaðið niður áður en það hóf göngu sína. „Við vildum ekki vekja of mikla athygli samkeppnisaðila okkar. Þetta var línudans því við vildum heldur ekki fæla frá okkur auglýsendur. En við vissum sem var eftir áratuga reynslu af útgáfu að um leið og við fengjum lestrartölur þá myndu auglýsendur hoppa á vagninn. Sama hvar þeir eru í pólitík og sama hvað þeim fyndist um okkur þá myndu þeir kaupa auglýsingar ef blaðið væri mikið lesið. Annað umtal þyrftum við ekki."

### Nutu ekki pólitískrar velvildar

Auglýsendur tóku við sér fyrir alvöru á vormánuðum 2002 að sögn Eyjólfs. „Þá var lestur Fréttablaðsins á dreifingarsvæði þess orðinn meiri en Morgunblaðsins, samkvæmt könnun sem við létum gera í júní 2002 og seldir dálksentímetrar fleiri." Fjárbinding í útistandandi kröfum voru hins vegar meiri en fyrirtækið réði við. „Þá er óhætt að segja að við nutum ekki pólitískrar velvildar. Áhugasamir fjárfestar héldu að sér höndum og biðu þess að við neyddumst til að selja blaðið ódýrt. Það varð raunin og í lok júní 2002 létum við blaðið frá okkur gegn loforði um uppgjör á ógreiddum dreifingarkostnaði. Nýir eigendur tóku stutt útgáfusumarfrí, eins og tíðkast víða, og svo hélt útgáfan áfram með sama sniði, á sama stað og að mestu leyti með sama starfsfólki," segir Eyjólfur.

Nokkur eftirmál urðu af rekstrinum en Eyjólfur hlaut dóm fyrir að hafa ekki staðið skil á vörslusköttum. „Það reyndust samtals vera um fimm milljónir sem höfðu verið greiddar og seint, í flestum tilfellum nokkrum dögum eða vikum. Það varð úr þessu mikið havarí en ég sat sem betur fer einn í súpunni sem stofnandi. Við allt þetta bras hefðum við eflaust getað losnað með meiri varkárni."

„Ég verð að viðurkenna að fyrir mig þá var málið að láta þetta ganga upp, við vorum búin að vinna að því að skapa stórblað í hálfan áratug og það var mjög gaman og gefandi að sjá það gerast."

## DREIFING Í HVERT HÚS NAUÐSYNLEG

Einar Karl Haraldsson var fyrsti ritstjóri Fréttablaðsins. Hann var starfandi á auglýsingastofunni Mekkanó þegar útgefendur báðu um úttekt á því hvort hægt væri að dreifa fríblaði með sama hætti hér og erlendis, í tengslum við almenningssamgöngur og á fjölförnum stöðum. „Okkar niðurstaða var einföld, hér á landi væru engir slíkir staðir og því vonlaust að dreifa blaðinu nema búa til kerfi sem biði upp á dreifingu í hvert hús. Ef það tækist gæti það verið mikill auglýsingatrukkur." Eftir að ákveðið var að fara þá leið vann Einar Karl að undirbúningi blaðsins einkum í félagi við Gunnar Smára Egilsson. „Við horfðum töluvert til bandaríska blaða, til dæmis USA Today, en hugmyndin var sú að blaðið gæfi yfirlit yfir helstu tíðindi, það væri hófsamt og ekki skoðanaglatt." Einar Karl bendir á að blaðið beri enn sterkan svip af því sem lagt var upp með fyrir tíu árum og að því leyti hafi undirbúningsvinnan verið vel heppnuð.


25% AFSLÁTTUR
af öllum kertum til og með 25. apríl



ILVA
einfaldlega betri kostur

ILVA kaffi
Smurt brauð
m/hangikjöti
490,-



ILVA sendum um allt land
ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30, laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18
Afgreiðslutími páskar: Páskadagur - Lokað, Annar í páskum 12-18
shop online


Hágæða kaffi og grill
við valdar Orku- og Shellstöðvar
Stöðin
249 kr.
Allir kaffidrykkir á 249 kr.
um páskana
Caffe Latte
Cappuccino
Macchiatto
Americano
949 kr.
Opið alla páskana
3 nýir staðir
99 kr.
Með öllum kaffidrykkjum
Stöðin við Shell Vesturlandsvegi
Grill • panini • rúnstykki • kaffi • bílalúga
Stöðin við Orkuna Miklubraut
Grill • panini • rúnstykki • hágæðakaffi • bílalúga
Stöðin við Shell Birkimel
rúnstykki • hágæðakaffi
www.stodin.is
Stöðin

# Ókeypis fréttir í milljónavís

**Fréttablaðið** kom fyrst út 23. apríl 2001 og hefur síðan fært landsmönnum ókeypis fréttir nær daglega. Úr vélum Prentsmiðjunnar *Ísafoldar* hafa runnið að meðaltali 90 þúsund eintök á dag þá 3.248 útgáfudaga sem eru að baki. Fréttablaðið hefur frá upphafi verið prentað á endurunninn pappír, sem er í anda umhverfisstefnu útgáfufélagsins, 365, og Ísafoldar.

Gefin hafa verið út **3.248 tölublöð** af Fréttablaðinu frá árinu 2001

Hvert tölublað er prentað í **90.000 eintökum**

Á ári að meðaltali koma því úr prentvélinni rúmlega **29 milljónir eintaka**






Fylla þarf **2.882 bíla** til að koma Fréttablaðinu til lesenda.

Það eru **384 þúsund kílómetrar** til tunglsins. Og því ná tíu árgangar Fréttablaðsins til tunglsins þrisvar sinnum og til baka!




Ef maður raðar Fréttablaðinu opnu við opnu nær það daglega **748 kílómetra** *það er jafnlangt og frá Reykjavík til Kulusuk*



## Blaðberinn

Útgáfufélag Fréttablaðsins, 365, lét hanna og framleiða sérstaka endurvinnslutösku fyrir dagblöð. Taskan er kölluð Blaðberinn. Hugmyndin að baki framtakinu er að efla vitund um umhverfisvernd og nýtingu verðmæta. Fréttablaðið er í fararbroddi þeirra sem hvetja til þess að dagblöð rati í endurvinnslu í stað þess að blöðum sé hent með almennu heimilissorpi. Framleiddir voru þrjátíu þúsund Blaðberar í fyrstu og tóku lesendur Fréttablaðsins framtakinu afar vel, svo nauðsynlegt reyndist að tvöfalda upplagið. Nú hafa fimmtíu þúsund Blaðberar verið afhentir lesendum og enn má nálgast eintak.



Farþegaþota flýgur á um **800 km hraða** á klukkustund. Það tekur því slíka þotu tæpan klukkutíma að fljúga yfir Fréttablaðið opnu til opnu á hverjum útgáfudegi.



**3.248 tölublöð** eru rúmlega **292 milljónir** eintaka og myndu ná **877 kílómetra** í loft upp, væri þeim staflað saman.

## FÓLKIÐ Á BAK VIÐ BLAÐIÐ

| | |
|---|---|
| Ritstjórar: | 2 |
| Fréttadeild: | 16 |
| Auglýsinga- og markaðsdeild: | 27 |
| Innblað og helgarblað: | 9 |
| Framleiðsludeild: | 8 |
| Ljósmyndadeild: | 9 |
| Allt og sérblöð: | 8 |
| Prófarkadeild: | 3 |
| Íþróttadeild: | 4 |
| Pósthúsið og Ísafoldarprentsmiðja: | 28 |
| Blaðberar: | 400 |



Ummál jarðar um miðbaug er 40 þúsund kílómetrar. Fréttablaðið opna við opnu hringar því móður jörð sex sinnum á ári eða **60 sinnum** frá 2001.

Það þarf **370** tölublöð af Fréttablaðinu til að þekja þjóðveg 1 allan hringinn

**1.333 km** Frá 2001 hefur það verið endurtekið níu sinnum.



apríl 2011

# menning

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

## *Hjartað var grafið í kyrrþey*

Brot úr Slætti, fyrstu skáldsögu Hildar Knútsdóttur.

SÍÐA 4



## *Staða íslenskunnar er sterk*

Peter K. Austin, prófessor í málvísindum, bendir á að þrátt fyrir allt standi íslenskan nokkuð traustum fótum.

SÍÐA 6





# SPANNAR ALLT *litrófið*

Nýtt verk Ólafs Elíassonar verður vígt á þaki listasafns Árósa í lok maí. Ásýnd þess breytist í takt við sólargang, veðurfar og eftir sjónarhorni þess sem virðir það fyrir sér. Um nætur verður það lýst upp með flóðljósum.

FRAMHALD Á SÍÐU 2

CANDY AFSLÁTTARDAGAR

20% afsláttur

Þvottavélar, þurrkarar, ofnar, helluborð, kæliskápar, uppþvottavélar og fleira ...

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



# FERÐIR MEÐ FERÐAFÉLAGI ÍSLANDS

## Gengið á draugaslóð
## 1. júlí

**Fararstjóri:**
Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur

## Ferð í Fjörður
## 12. júlí.

**Fararstjóri:**
Valgarður Egilsson læknir

## Fjörður og Látraströnd
## 14. júlí

**Fararstjóri:**
Sigríður Bergvinsdóttir

## Björg, víkur og firðir
## 16. júlí

**Fararstjóri:**
Örlygur Steinn Sigurjónsson

## Öxarfjörður út og suður
## 19. júlí

**Fararstjóri:**
Olga Gísladóttir

## Ferðafélag barnanna fjölskylduferð um Laugaveginn 19. júlí

**Fararstjórar:**
Þórður Ingi Marelsson og Fríður Halldórsdóttir

## Jarlhettuslóðir
## 21. júlí

**Fararstjóri:**
Ólafur Örn Haraldsson

## Héðinsfjörður og Hvanndalir
## 21. júlí

**Fararstjóri:**
Ívar Arndal og Daði Garðarsson

## Eyjabakkar - Snæfell.
## Á hreindýraslóðum 23. júlí

**Fararstjóri:**
Hjalti Björnsson

## Söguferð um Árneshrepp
## 26. júlí

**Fararstjóri:**
Guðmundur Hallvarðsson og Lára Ingólfsdóttir

**Skráðu þig inn – drífðu þig út**
**Ferðafélag Íslands**

Mörkinni 6 | Sími: 568 2533 | Fax: 568 2535 | Netfang: fi@fi.is



1


1. Safngestir geta virt Árósaborg fyrir sér í öllum regnbogans litum en verkið er í fimmtíu metra hæð.
2. Ólafur fékk verkefnið í hendurnar árið 2007 en byggingin hófst árið 2009.
3. Borgarbúar munu njóta verksins úr öllum áttum. Það verður lýst upp í myrkri.
4. „Fólk verður pínulítið óöruggt með hvort það hafi stigið inn í listaverk eða hluta af safninu. Þessi óvissa er í mínum huga mikilvæg enda hefur hún áhrif á skynjun fólks," segir Ólafur um verkið.

MYNDIR/WW.AROS.DK

2


3


Nýtt verk Ólafs Elíassonar, Your rainbow panorama, verður opnað á þaki ARoS museum, listasafns Árósa í Danmörku, föstudaginn 27. maí. Um er að ræða 150 metra manngengan regnboga sem myndar hring á þaki safnsins. Hringurinn er 52 metrar að þvermáli og er haldið uppi af 3,5 metra háum stólpum. Gestir safnsins munu frá og með 28. maí geta gengið hringinn og séð borgina og umheiminn í öllum regnbogans litum, en litaðir glerveggirnir spanna allt litrófið.

Verkið er varanlegt og munu borgarbúar ekki síður geta notið þess utan frá en gera má ráð fyrir því að ásýnd þess breytist í takt við sólargang, veðurfar og eftir því hvar fólk er statt í borginni. Um nætur verður hringurinn lýstur upp með flóðljósum í gólfinu og eiga menn von á því að verkið verði einstakt kennileiti fyrir safnið og borgina.

„Your rainbow panorama kallast á við arkitektúrinn sem fyrir er og styrkir útsýnið. Ég hef skapað rými sem hér um bil þurrkar út mörkin á milli þess að vera inni og úti. Fólk verður pínulítið óöruggt með hvort það hafi stigið inn í listaverk eða hluta af safninu. Þessi óvissa er í mínum huga mikilvæg enda hefur hún áhrif á skynjun fólks," segir Ólafur um verkið.

Hann fékk verkefnið í hendurnar eftir alþjóðlega samkeppni árið 2007 þar sem valið var úr hugmyndum um hvernig mætti breyta þaki safnsins. Í umsögn dómnefndar sagði meðal annars að verkið yrði mikilvægt tákn fyrir ARoS og borgina og kæmi safninu á kortið í alþjóðlegu samhengi.

Vinna við byggingu verksins hófst árið 2009 en það kostar fullklárað 60 milljónir danskra króna eða um 1,3 milljarða íslenskra króna.

Í tengslum við opnunina verður gefin út ríkulega myndskreytt bók um verkið þar sem byggingu þess er lýst skref fyrir skref. Það þykir lýsandi fyrir önnur verk Ólafs, sem eiga það mörg sameiginlegt að vera stór í sniðum, en hans helsta markmið er að valda hughrifum og hafa áhrif á skynjun fólks.

*-ve*

4


**menning** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. **Ritstjóri:** Bergsteinn Sigurðsson **Hönnun:** Kristín Agnarsdóttir **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is

Stór hluti viðskiptavina Nings er íþróttafólk sem er vel upplýst og vill fá bragðgóðan og hollan mat, þess vegna velur það heilsuréttina okkar.

# Heilsuréttir Nings

Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum



Annie Mist
Silfurhafi á heimsleikum í Crossfitt 2010, Evrópumeistari í Crossfitt 2009 og 2010 ásamt því að vera margfaldur þrekmótsmeistari Íslands

Arnaldur Birgir
Framkvæmdastjóri og eigandi BootCamp á Íslandi og keppandi í Sahara eyðimerkurhlaupi 2011

Ágúst Guðmundsson
Slökkviliðsmaður og keppandi í Sahara eyðimerkurhlaupi 2011
ásamt verðandi heimsmeistara!

Pavel Ermolinski
Einn af bestu körfuboltamönnum landsins úr KR

Eva Sveinsdóttir
Margfaldur Íslandsmeistari í Icefitness

Hreggviður Magnússon
Einn af bestu körfuboltamönnum landsins úr KR

Rannveig Kramer
Íslandsmeistari í fitness 2010

Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Margfaldur BootCamp- og Crossfitt meistari Íslands
ásamt verðandi Íslandsmeistara í einhverju!

# NINGS




og kroppurinn blómstrar

Suðurlandsbr. 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12
sími 588 9899 • www.nings.is

MSG
TRANS FITA

# Hjartað VAR GRAFIÐ Í KYRRÞEY



Sláttur, fyrsta skáldsaga ***Hildar Knútsdóttur,*** er væntanleg frá Forlaginu 17. maí næstkomandi. Bókin fjallar um Eddu, 24 ára hjartaþega sem reynir að hugsa sem minnst um framtíðina því tölfræðin bendir til að hún eigi ekki endilega langt eftir. En hún er forvitin um fyrri eiganda hjartans og sannfærð um að ýmislegt hafi fylgt því. Stundum veit hún jafnvel ekki hvað tilheyrir henni sjálfri og hvað hún fékk með hjartanu. ***Fréttablaðið*** birtir brot úr sögunni.

Edda kláraði að ganga frá samningnum og prentaði hann svo út. Hún slökkti á tölvunni áður en hún stóð á fætur og sótti blöðin. *Samningurinn fyrir Álfhólsveginn* skrifaði hún á bleikan hjartalaga *post-it*-miða, límdi hann á blöðin og lagði þau á borðið hjá Brynjari, eiganda stofunnar. Hún þoldi ekki þessa bleiku miða, fannst alltaf eins og hún væri að skilja eftir ástarjátningar á þeim. Hún náði í jakkann sinn, kvaddi Ástríði og gekk út í síðdegið. Það var farið að kula. Hún fann haustlyktina af gróðrinum blandast útblæstri bílanna þegar hún gekk inn Bergstaðastrætið í átt að Bankastræti. Laufin á trjánum voru farin að gulna og bráðum myndu þau falla eitt af öðru. Það lá hvass vindstrengur niður Laugaveginn. Hann yrði verri á Hverfisgötunni. Hún hryllti sig við tilhugsunina um að þurfa að bíða eftir strætó þar svo til óvarin. Þessi strætóskýli hlífðu ekki neinum.

> „Í aðgerðinni var skorið á allar taugar og það var ekki hægt að tengja þær aftur. Þannig að hjartað í brjósti hennar lifði sjálfstæðu lífi og sló úr takt við líkamann. Hún bar engar taugar til nýja hjartans og nýja hjartað bar engar taugar til hennar.

Hún gat ekki á sér setið að kíkja inn um gluggann á kaffihúsinu á horninu á Skólavörðustígnum. Hana langaði inn. Hún gat næstum fundið lyktina sem lá þarna í loftinu. Samt

hafði hún aldrei komið þangað. Þetta var eitt af þessu óútskýranlega sem hafði gerst eftir aðgerðina. Eitt af því sem varð til þess að læknarnir hölluðu undir f latt og fóru að fitla við pennana sína. Byrjuðu svo strax að ræða álagið sem fylgdi svona aðgerð og áhrifin sem hún gæti haft á andlega líðan. Svo stungu þeir upp á því að hún færi oftar til sálfræðingsins. Hvort hún hefði rætt þetta við hana?

„Þetta er líkamlegt,“ sagði hún en læknarnir þögðu bara. Fitluðu aðeins meira við pennana sína eða bindin og ræsktu sig síðan.

„Smekkur fólks breytist með aldrinum.“

„Ekki svona mikið.“

Henni hafði aldrei þótt lakkrís góður. Hafði heldur aldrei mátt borða hann. Eftir aðgerðina þráði hún skyndilega lakkrís, þótt hún mætti enn ekki fá sér. Og aðrar langanir helltust yfir hana líka. Hnetusmjör, rósavín. Lyktin af nellikum vakti skyndilega ljúfsárar tilfinningar og heilu næturnar dreymdi hana dans. Að hún svifi um gólfið í f lóknum skrefum sem hún kunni ekki en fæturnir höfðu öðlast sjálfstætt líf og stýrðu henni. Hún hafði aldrei dansað. Aldrei mátt það. Það var svo margt sem hún hafði aldrei gert.

Edda var tuttugu og fjögurra ára gömul og hafði aldrei verið ástfangin. Hún vissi vel hvernig stóð á því. Hún hafði verið með latt hjarta. Það nennti hreinlega ekki að slá. Það vissi enginn af hverju. Hægsláttur. *Bradycardia*. Orsakir óþekktar.

Hjartað var skorið úr henni áður en það gafst alveg upp á

lífinu og sló sitt síðasta.

Hún fékk nýtt fyrir fimm árum, þegar hún var nítján, en hún gæti samt aldrei orðið ástfangin. Í aðgerðinni var skorið á allar taugar og það var ekki hægt að tengja þær aftur. Þannig að hjartað í brjósti hennar lifði sjálfstæðu lífi og sló úr takt við líkamann. Hún bar engar taugar til nýja hjartans og nýja hjartað bar engar taugar til hennar. Edda huggaði sig við að hún gæti heldur aldrei lent í ástarsorg, því það þarf taugar til að bera sársaukaboð.

Nýja hjartað tilheyrði hvort eð var öðrum. Hjartagjafanum, k*onu, tuttugu og átta ára*. Það voru einu upplýsingarnar sem hún hafði fengið um gjafann.

Það tók því heldur ekki að verða ástfangin. Það voru ekki nema um það bil helmingslíkur á því að hún lifði næstu fimm árin. Hún hafði lesið alla bæklingana. Edda þekkti tölfræðina eins og lófann á sér.

Mamma hennar hafði stungið upp á því að jarða gamla hjartað hennar. Edda hafði horft á hana stóreyg.

„Af hverju?“

„Af því það er hluti af þér, elskan mín,“ sagði Ragnheiður eins og ekkert væri sjálfsagðara.

„Ónýtur hluti af mér.“

„En hluti af þér samt sem áður.“

„Hvað með nýja hjartað?“

Mamma hennar hikaði.


Frábært úrval sófa og hvíldarstóla



Opið:
mán–fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00
www.lur.is

LÚR BETRI HVÍLD
LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

NÚ ER UMRÆÐAN FJÖLBREYTTARI, SKEMMTILEGRI, FJÖRLEGRI, ÍTARLEGRI OG AÐGENGILEGRI Á VÍSI



Meiri Vísir.
vísir



**Gilitrutt** Páskasýning verður á brúðuleikritinu Gilitrutt í Brúðuheimum í dag. Bernd Ogrodnik hannar brúðurnar en leikritið er í leikstjórn Benedikts Erlingssonar. Uppselt er á sýninguna klukkan 14 en aukasýning er klukkan 16 og einnig klukkan 14 á morgun, páskadag.




Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473







**Endurfundir við ættingja og bókaumræða eru á döfinni hjá Kristínu Evu Þórhallsdóttur um helgina.**

# Spilar skító við krakkana



Kristín Eva Þórhallsdóttir er íslenskum börnum að góðu kunn úr starfi sínu sem stjórnandi útvarpsþáttarins Leynifélagið á Rás 1, ásamt Brynhildi Björnsdóttur. Þær stöllur stjórna líka morgunsjónvarpi barnanna á laugardagsmorgnum á RÚV, Morgunstundinni okkar. Vinnutíminn krefst talsverðs skipulags og utan hans leggur Kristín Eva mikið upp úr því að vera með fjölskyldunni.

„Við maðurinn minn Kolbeinn höfum alltaf lagt áherslu á að vera með börnunum okkar, þeim Huga (11 ára) og Kolfinnu (sjö ára), og veita hugðarefnum þeirra athygli. Við spjöllum saman um lífið og tilveruna, bækur og annað sem þeim finnst spennandi. Undanfarið höfum við fjölskyldan líka verið að taka í spil. Vinsælasta spilið núna kallast skítakall eða skító,“ segir hún létt í bragði.

Fjölskyldan er líka á kafi í íþróttum. Sonurinn á heimilinu stundar skylmingar á laugardögum á meðan restin af fjölskyldunni skellir sér gjarnan í sund og þegar vel viðrar eru reiðhjólin dregin fram. Yfirleitt er ekki annað skipulagt um helgar nema á föstudögum en þá býr húsbóndinn alltaf til pitsu „sem þykir sú besta í heimi. Að minnsta kosti á mínu heimili,“


;HELGIN | 2


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




HOLLUR
BITAFISKUR
+80% prótín
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið

GULLFISKUR
Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli



**Páskalitaleikur** verður á blómatorgi Kringlunnar í dag. Allir krakkar sem taka þátt fá glaðning frá Nóa Síríus og geta unnið páskaegg.



Framhald af forsíðu



Kristín Eva á góðri stundu með þeim Huga og Kolfinnu.

segir Kristín Eva brosandi og getur þess að stundum bætist þá við afar og ömmur sem kunna vel að meta góða matseld ekki síður en samveruna við barnabörnin.

Þessa helgi dregur þó til tíðinda því á morgun, páskadag, verða endurfundir við ættingja frá Noregi sem fjölskyldan hefur ekki hitt lengi. Svo fer útvarpsþáttur, 70 síður, í loftið á Rás 1 í dag klukkan 14.40. Þar ætla Kristín Eva og Brynhildur, ásamt Marteini Jónssyni og Magnúsi Sigurðssyni, að beina sjónum sínum að bókinni á alþjóðlegum degi hennar. „Þetta er svona þáttur sem kemur úr öllum áttum og á óvart,“ segir hún og lofar góðri skemmtun.

Spurð hvort börnin eigi ekki eftir að sitja límd yfir tækinu að hlusta á mömmu, hristir Kristín Eva höfuðið og brosir. „Nei, þau spá nú ekkert í það. Hafa reyndar tekið að sér hlutverk fréttaritara Leynifélagsins og fannst það spennandi en lengra nær áhuginn nú ekki.“ Þau ætla þá ekki að feta í þín fótspor þegar þau verða stór? „Nei, Kolfinna stefnir á tannlæknirinn eins og amma hennar og Huga langar að verða tölvuleikjahönnuður eða fornleifafræðingur og bæði gætu hugsað sér að verða vísindamenn. Þau eru með framtíðarplönin alveg á hreinu.“

*roald@frettabladid.is*

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI MENNING
vísir



Hrikalegir saman. Hjalti Úrsus og Egill „Gillz“ Einarsson standa fyrir keppni um krafta og þol í Hveragerði í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Jötnaslagur í Hveragerði

**Egill „Gillz“ Einarsson skorar á hvern sem vill í keppni um krafta og þol í Hveragerði í dag. Egill stendur á bak við keppnina ásamt Hjalta Úrsus sem segir hana koma með ferska vinda inn í íþróttalíf landsins.**

Viðbúið er að ekki verði dropi eftir á tanknum þegar helstu kraftajötnar landsins hafa tekist á í keppninni Mini-Expo í Hveragerði í dag. Boðberi nýrra tíma í íþróttasögu landsins, segja félagarnir Hjalti Úrsus og Egill „Gillz“ Einarsson sem standa á bak við keppnina.

„Þetta er það allra nýjasta og ferskasta sem er að gerast í bransanum núna, það er bara ekkert flóknara en það, því þarna verður keppt í blöndu af crossfit og boot camp sem eru að ná mestri útbreiðslu á heimsvísu í dag,“ segir Hjalti brattur og bætir við að í keppninni reyni ekki síður á úthald en krafta. „Hún ætti að höfða til þeirra sem hlaupa til jafns við þá sem lyfta allt árið um kring. Menn þurfa bæði að hafa mjög gott þol og vera grjótsterkir, en það fer ekki alltaf saman.“ Meðal þess sem keppendur fá að spreyta sig á í keppninni í dag er fimm kílómetra hlaup, sekkjahlaup, ketilbjöllur, „reps“ og bekkpressukeppni, sem Egill reiknar með að verði „hrikalega skemmtileg“.

„Allir eru vigtaðir og síðan eru reiknuð út stig. Sá sem er 120 kíló þarf því að lyfta oftar en sá sem er 60 kíló,“ segir hann og Hjalti skýtur inn í að allir geti tekið þátt. „Það er meira að segja hægt að skrá sig á staðnum en mótið hefst klukkan 10.“

Spurðir hvort þeir félagar ætli sjálfir að taka slaginn segist Hjalti ekki eiga lengur sjens í karla eins og Egil. Sá ætlar hins vegar að slá til. „Ég ætla að hjóla í þetta. Alltof langt síðan maður hefur verið með í svona keppni. Auðvitað vill enginn að ég vinni nokkurn skapaðan hlut, því menn vita að þá verð ég óþolandi næstu vikur; á ekki eftir að tala um annað en eigið ágæti. Þannig að ég reikna með að menn reyni að pakka mér saman. Sem verður mjög erfitt, því ég er hrikalegur,“ segir hann og glottir.

Verðlaunin eru heldur ekki af verri endanum, benda þeir á. „Nei, yfirleitt eru þetta kannski prótínbaukur og bikar en nú eru í boði peningar, 50.000 krónur fyrir „reps“ keppnina,“ segir Egill og Hjalti bætir við að sigurvegarar í heildarflokki karla og kvenna fái í sinn hlut flugmiða frá Icelandair, gistingu á Hótel Örk og úr frá G Shock. Hægt er að fá upplýsingar og skrá sig með því að senda tölupóst á hjaltiar@simnet.is.

*roald@frettabladid.is*


Slæðukjólar
one size
stuttir 3.990 kr.
síðir 5.990 kr.
Teygjubolur
1.990 kr.
SOHO MARKET
SOHO/MARKET Á FACEBOOK
Grensásvegur 16, sími 553 7300
Opið mán–fös 12–18 og laugd 12–17

# Í speglinum sefur kónguló flutt í Útvarpsleikhúsinu

**Í speglinum sefur kónguló nefnist nýtt leikrit eftir Kristínu Ómarsdóttur sem Útvarpsleikhúsið frumflytur á annan dag páska klukkan 14.**

Leikritið, sem Kristín skrifaði sérstaklega fyrir Útvarpsleikhúsið, er í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur en hljóðvinnslu annaðist Einar Sigurðsson. Leikarar eru Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Ævar Þór Benediktsson, Sigurður Skúlason og Ragnheiður Steindórsdóttir.

Verkið fjallar um stelpu og strák sem stofnun hefur valið til að eignast saman barn. Leikritið gerist í óvenju vel skipulagðri borg þar sem mannlegum breyskleika hefur verið sagt stríð á hendur og framfarir í vísindum hafa þróað manneskjuna svo nú fæðist fólk kvillalaust og nær fullkomið á líkama og sál. Borgin hreykir sér af að vera staður þar sem hin hreina fegurð ríki. Undir eftirliti og leiðbeiningum stofnunarinnar gengur stúlkan með barn piltsins, en viðbrögð unga fólksins reynast ekki jafn útreiknanleg og ráð var fyrir gert.

Þær Kristínar, Kristín leikskáld og Kristín leikstjóri, eru í fremstu röð hvor á sínu sviði og hafa báðar hlotið ýmsar viðurkenningar og athygli fyrir störf sín. Þær hafa báðar unnið töluvert fyrir Útvarpsleikhúsið á liðnum árum.

Þetta er enn einn frumflutningur íslensks leikrits hjá Útvarpsleikhúsinu, sem hefur meðvitað þá stefnu að frumflytja eingöngu íslensk leikrit. Hefur ekkert leikhús landsins lagt jafn mikið að mörkum í því tilliti á síðustu misserum.

*- fsb*



Kristín Ómarsdóttir skrifaði leikritið Í speglinum sefur kónguló sérstaklega fyrir Útvarpsleikhúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

isavia

Isavia rekur alla flugvelli landsins, Flugstöð Leifs Eiríkssonar og stýrir flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu sem er eitt stærsta úthafssvæði í heiminum. Eitt helsta hlutverk Isavia er að tryggja að flugöryggi sé í samræmi við alþjóðlegar kröfur og aðferðir. Hjá Isavia starfa um 600 manns, en að dótturfélögum meðtöldum starfa um 700 manns hjá fyrirtækinu. Isavia leggur áherslu á að hafa ávallt á að skipa hæfu starfsliði með rétta menntun, færni og reynslu. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna.

# Verkefnastjóri í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Isavia ohf. óska eftir að ráða öflugan verkefnastjóra í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Við leitum að starfsmanni sem hefur góða samskiptahæfileika, frumkvæði í starfi, lipra og þægilega framkomu og er skipulagður.

**Helstu verkefni:**
- Greining og úrvinnsla gagna frá verslunarsvæði flugstöðvarinnar.
- Yfirferð og endurnýjun viðskiptasamninga og eftirlit með þeim.
- Hugmyndavinna og stefnumörkun með framkvæmdastjóra.
- Önnur tilfallandi verkefni í tengslum við rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta/rekstrar eða sambærileg menntun.
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg.
- Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á íslenskri og enskri tungu.

Ekki er um fullmótað starf að ræða og þarf því viðkomandi að hafa frumkvæði og hæfni til að þróa það áfram.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 26. apríl nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

# Jarðgangagerð - Noregur

ÍAV

*ÍAV og Marti munu vinna saman að gerð járnbrautarganga við Holmestrand í Noregi.*

*Hjá báðum félögum fara saman þekking og reynsla á öllum sviðum mannvirkjagerðar. ÍAV og Marti hafa áður unnið saman að jarðgangaverkefni en félögin unnu saman að gerð Bolungarvíkurganga undir heitinu Ósafl.*

*Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga.*

*Við bjóðum góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.*

**Marti Contractors Ltd.**
Civil Engineering & Managing Service



Norsku járnbrautirnar (Jernbaneverket) hafa samið við ÍAV og Marti um gerð járnbrautarganga við Holmestrand um 80 km suður af Osló í Noregi.

Verkið felst í gerð um 2 km jarðganga fyrir hraðlestar. Hafist verður handa strax í maí en verklok eru áætluð í júní 2014.

Skilyrði er að umsækjendur hafi reynslu af jarðgangagerð og nauðsynleg réttindi. Æskilegt er að starfsmenn hafi skilning á norsku eða öðru norðurlandatungumáli.

**Leitað er eftir starfsmönnum með þekkingu, reynslu og réttindi í eftirtalin störf:**

- Verk- eða tæknifræðingur með reynslu af jarðgangagerð
- Menn vana jarðgangavinnu, þ.e borun, hleðslu, bergstyrkingu, ásprautun og bergþéttingu
- Verkstjóra með reynslu af jarðgangagerð
- Rafvirkja til að þjónusta jarðgangabúnað
- Mælingamaður

*Upplýsingar veitir Dagmar Viðarsdóttir mannauðsstjóri í síma 530-4200.*

***Umsóknir berist um www.iav.is - Laus störf merkt "jarðgangagerð" fyrir 15. maí næstkomandi.***

ÍAV hf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200, fax 530 4205, www.iav.is



SKJÓL HJÚKRUNARHEIMILI SKJÓL



## HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

Óskum eftir hjúkrunarfræðingum til starfa frá 1. Jjúlí 2011.

Upplýsingar veitir Guðný H. Guðmundsdóttir hjúkrunarforstjóri í síma: 522 5600.

## Bifvélavirki

Ört stækkandi bifreiðaverkstæði í Reykjavík óskar eftir að ráða til starfa bifvélavirkja eða mann vanan bílaviðgerðum.

**Hæfniskröfur:**
- Vandvirkni
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Áhugasemi og vilji til að tileinka sér nýja tækni
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar í síma 568 3003 eða á as.v@internet.is

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og hefur með höndum margþætta starfsemi í þeim tilgangi. Meginmarkmiðið með stjórn peningamála er stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn á enn fremur að sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

## Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

### Sérfræðingur á fjárhagssviði

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á fjárhagssvið bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfstöð í Reykjavík.

Fjárhagssviðið hefur umsjón með bókhaldi, uppgjöri og fjárhagsskýrslugjöf Seðlabankans og dótturfélaga. Auk þess sinnir sviðið allri bakvinnslu bankans þ.m.t. umsjón með SWIFT-færslum og greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki, auk annarra tilfallandi verkefna.

**Helstu verkefni:**
- Samstæðuuppgjör og greining fjárhagsupplýsinga
- Skýrslugerð og upplýsingavinnsla
- Samskipti við endurskoðendur og fjármálastofnanir
- Þátttaka í mótun tilfallandi verkefna sviðsins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf, framhaldsmenntun á sviði reikningsskila
- Reynsla af reikningshaldi og uppgjörsvinnu skilyrði
- Reynsla af samstæðuuppgjörum mikill kostur
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði æskileg
- Mjög gott vald á íslensku og ensku bæði í ræðu og riti. Færni í einu norðurlandamáli kostur
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, nákvæmni, skipulögð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri í starfi

Nánari upplýsingar veitir Kristín Hannesdóttir, framkvæmdarstjóri fjárhagssviðs, í síma 569 9600.

Sótt skal um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is, í síðasta lagi sunnudaginn 8. maí næstkomandi. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

dynax

## Forritarar /Ráðgjafar

**Vegna aukinna verkefna þurfum að ráða forritara/ráðgjafa til starfa eftirfarandi:**

1. Alhliða forritari með reynslu í sem flestu af eftirfarandi: dotNet, Visual Studio, Sharepoint og með þekkingu á stýriskerfisforritun rafeindabúnaðar.
2. Axapta forritara (IT pro) með góða bókhaldsþekkingu og reynslu sem styður við hæfni viðkomandi.
3. Hæfan rekstrarráðgjafa tölvudeilda stórfyrirtækja. Hér er horft til þekkingu á vélbúnaði tölvusala, arkitecture, netbúnaði og öðru viðkomandi.

Fyrst verður horft til reynslu umsækjenda af sambærilegum störfum og síðan menntun sem styður þá í ofangreindum störfum.

**Umsóknum sé skilað á rafrænu formi á netfangið birgir@dynax.is fyrir 1. maí nk. titilmerkt „Dynax-atvinna“.**

**Um fyrirtækið:**
Dynax ehf er alhliða þjónustufyrirtæki á sviði hugbúnaðar og rekstri tölvukerfa.
Helstu þjónustuliðir eru Axapta, Xal, SharePoint, SQL, BI, rekstur tölvukerfa, ráðgjöf og eftirlit.
Starfsmenn Dynax sem flestir eru jafnfram eigendur fyrirtækisins hafa áralanga reynslu af rekstri tölvukerfa og hugbúnaðarsmíð hjá stærstu fyrirtækjum landsins.

dynax Dynax ehf. • Kirkjustétt 2-6 • 113 Reykjavík • sími: 412 9800 • fax: 412 9801 • www.dynax.is • sala@dynax.is

BLUE LAGOON ICELAND

## Matreiðslumaður/meistari

**Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða faglærðan matreiðslumann/meistara. Um er að ræða spennandi framtíðarstarf og þáttöku í metnaðarfullu og framsækinu veitingateymi.**

Kraftmiklir, metnaðarfullir og jákvæðir matreiðslumenn sem hafa áhuga á spennandi framtíðarstarfi hjá traustu fyrirtæki eru hvattir til að sækja um.

Viðamikil veitingastarfsemi er hjá Bláa Lóninu, veitingstaðurinn LAVA, Blue Cafe og Lagoon bar. Glæsilegir funda- og ráðstefnusalir eru einnig í Bláa Lóninu og í Eldborg í Svartsengi.

Bláa Lónið er reyklaus vinnustaður. Frekari upplýsingar veitir Magnús Héðinsson,rekstrarstjóri veitingasviðs hjá Bláa Lóninu, netfang; **magnush@bluelagoon.is.**

Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2011
og eru umsækjendur beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Bláa Lónsins;
www.bluelagoon.is/Umfyrirtaekid/Atvinna/Atvinnuumsokn/



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Stuðningsþjónusta

**Stuðningþjónusta**
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða óskar eftir að ráða fólk til starfa til að sinna stuðningsþjónustu.

**Stuðningsfjölskyldur**
Leitað er eftir samstarfi við fjölskyldur sem eru reiðubúnar til að taka reglubundið börn til dvalar á heimili sín.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Taka á móti barni/ börnum til sólarhringsdvalar á heimili sín með það að markmiði að styðja foreldra, veita þeim hvíld og eða/styrkja stuðningsnet barns.

**Hæfniskröfur**
Góð almenn menntun
Hæfni í mannlegum samskiptum
Sjálfstæði í vinnubrögðum
Áhugi og reynsla á vinnu með börnum

Verktakasamningur er gerður við stuðningsfjölskyldur.

**Liðsmenn og persónulegir ráðgjafar**
Ráða til starfa starfsfólk til að sinna liðveislu og persónulegri ráðgjöf.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Veita börnum og fullorðnum persónulegan og félagslegan stuðning út frá forsendum og markmiðum hvers og eins.

**Hæfniskröfur**
Góð almenn menntun
Hæfni í mannlegum samskiptum
Sjálfstæði í vinnubrögðum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannfélags Reykjavíkurborgar

Nánari upplýsingar veitir Bára Aðalsteinsdóttir í síma 4111600 eða með því að senda fyrirspurnir á bara.adalsteinsdottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf fyrir 27.05. 2010.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.**

## Aðstoð á tannlæknastofu

Aðstoð óskast á tannlæknastofu á höfuðborgar-svæðinu.

Um er að ræða fullt starf. Viðkomandi þarf að geta byrjað fljótlega og vera reyklaus.

Umsóknir sendist á netfangið tennur1122@gmail.com

---

ferill VERKFRÆÐISTOFA

## TÆKNITEIKNARI ÓSKAST

Ferill ehf verkfræðistofa óskar eftir að ráða tækniteiknara í fullt starf.

**Starfssvið:**
Teiknivinna í Autocad og Revit.
Umsjón með útgáfu teikninga og annarra hönnunargagna.
Aðstoð og/eða umsjón með kynningarmálum.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
Viðtæk þekking á Autocad er skilyrði.
Þekking á Revit og Magicad er kostur.
Góð tök á íslensku máli.
Lipurð í mannlegum samskiptum.

Í boði er skemmtilegur vinnustaður og fjöldi spennandi verkefna framundan.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax.
Frekari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 575 1600.
Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið: ferill@ferill.is fyrir 28. apríl nk.

---



## Stjórnandi - Þvottahús - útkeyrsla

ISS Ísland óskar eftir að ráða starfsmann til að sjá um daglegan rekstur þvottahúss, útkeyrslu og innkaup rekstrarvöru auk þess að taka þátt í daglegum störfum í þvottahúsi.
Umsækjandi þarf að vera íslenskumælandi og einnig er góð tölvukunnátta skilyrði.
Viðkomandi þarf einnig að vera stundvís, nákvæmur og samviskusamur.

ISS er leiðandi á sviði fasteignaumsjónar sem felst m.a. í ræstingum, veitingaþjónustu, sérverkefnum, skrifstofuaðstoð og eignaumsýslu.

Umsókn og ferilskrá berist á skrifstofu ISS að Austurhrauni 7, 210 Garðabæ. Einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðu **www.iss.is. Sími 5 800 600**

Ræstingarsvið ISS er með umhverfisvottunina Svaninn

ISS **30 ára reynsla**

---

## FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

---

# ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi



## BYGGINGARVERKFRÆÐINGUR
## BYGGINGARTÆKNIFRÆÐINGUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða byggingarverkfræðing eða byggingartækni-fræðing til starfa. Við leitum er að dugmiklum einstaklingi til framtíðar-starfa í umsjón og stjórnun verklegra framkvæmda. Þar sem stærsti hluti verkefna okkar er enn erlendis, er mikilvægt að viðkomandi sé tilbúinn að starfa tímabundið utan landsteinanna. Um er að ræða fjölbreytt starf við úrlausn tæknilegra verkefna sem krefst þess að viðkomandi hafi víðtæka reynslu af byggingaframkvæmdum.

### Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði byggingarverkfræði eða byggingatæknifræði er skilyrði.
- Gott vald á norsku eða öðru norðurlandamáli er æskilegt.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

### Meðal verkefna:

- Verkefna- og framkvæmdastjórnun.
- Rekstur verksamninga.
- Samningar við innlenda og erlenda birgja.
- Úrlausn tæknilegra verkefna.

***Umsóknarfrestur er til og með 8. maí næstkomandi.***

**Upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 500 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.**
**ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stór-iðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**

---

**LEX** LÖGMANNSSTOFA

# LEX óskar eftir lögfræðingum og aðstoðarmanni lögmanna



LEX er ein öflugasta lögmannsstofa landsins með yfir 40 lögfræðinga og um 60 starfsmenn alls. LEX veitir þjónustu á öllum sviðum lögfræðinnar og vegna aukinna umsvifa leitum við að lögfræðingum og aðstoðarmanni lögmanna til starfa á skrifstofu okkar í Reykjavík.

### Lögfræðingar
Skilyrði er að viðkomandi hafi fullnaðarpróf í íslenskum lögum og kostur að viðkomandi hafi hdl. réttindi. Mjög gott vald á íslensku og ensku og sjálfstæði í vinnubrögðum nauðsynlegt.

### Aðstoðarmaður lögmanna
Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku og ensku og góða alhliða tölvukunnáttu. Í starfinu felst að taka virkan þátt í þjónustu við viðskiptavini stofunnar og geta tekist á hendur fjölbreytt verkefni í því skyni. Skipulögð og vönduð vinnubrögð eru skilyrði sem og samskiptahæfileikar.

**Nánari upplýsingar** veitir Heimir Örn Herbertsson hrl., faglegur framkvæmdastjóri LEX, í síma 590 2600 eða á **heimir@lex.is**.
Umsóknarfrestur er til **5. maí**.

Starfsfólk LEX starfar undir kjörorðunum **Heiðarleiki – Trúnaður – Fagmennska** og leggur metnað sinn í að veita öllum viðskiptavinum stofunnar vandaða, trausta og skjóta þjónustu.

LEX LÖGMANNSSTOFA

# LAUSAR STÖÐUR

## Í GRUNNSKÓLUM 2011-2012

Reykjanesbær auglýsir eftirtaldar stöður lausar til umsóknar í grunnskólum bæjarins veturinn 2011-2012.

**Njarðvíkurskóli/Háaleitisskóli 420 3000**
**Skólastjóri Lára Guðmundsdóttir**
- Námsráðgjafi í 75% starf
- Tónmenntakennari í Njarðvíkurskóla/ Háaleitisskóla
- Kennari á yngsta stigi
- Kennari í sérdeild

**Akurskóli 420 4550**
**Skólastjóri Jónína Ágústsdóttir**
- Umsjónarkennari á yngra stigi, 2 stöður

**Myllubakkaskóli 420 1450**
**Skólastjóri Guðrún Snorradóttir**
- Tónmenntakennari
- Smíðakennari
- Heimilisfræðikennari afleysingastaða í eitt ár.

**Umsóknarfrestur er til 8. maí 2011** og skulu umsóknir berast til starfsmannaþjónustu, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbær eða á *mittreykjanes.is*

Frekari upplýsingar er að finna á vef Reykjanesbæjar: *reykjanesbaer.is*

**Starfsþróunarstjóri**

REYKJANESBÆR
*reykjanesbaer.is*

Fræðslusvið

## Auðarskóli í Dölum

### Grunnskólakennarar

Við Auðarskóla í Dölum vantar grunnskólakennara til starfa við grunnskóladeild skólans. Meðal kennslugreina eru smíðar, tónmennt og almenn kennsla.

### Leikskólakennarar

Við Auðarskóla í Dölum vantar leikskólakennara til starfa við leikskóladeild skólans.

Auðarskóli er samrekinn skóli (leik-, grunn- og tónlistarskóli) staðsettur í Búðardal í Dölum. Áhugasamir hafi samband við Eyjólf Sturlaugsson skólastjóra í síma 899 7037 eða með tölvupósti á netfangið eyjolfur@audarskoli.is. Viðamiklar upplýsingar eru að finna um Auðarskóla á heimasíðu skólans www.audarskoli.is

## Sjúkraliðafélag Íslands auglýsir eftir sarfsmanni

Sjúkraliðafélag Íslands auglýsir eftir starfsmanni í 50% í bókhaldi og við almenn skrifstofustörf. Æskilegt er að viðkomandi hafi staðgóða þekkingu á DK bókhaldskerfi og sömuleiðis á DK félagaforritinu.

Upplýsingar um starfið gefur Birna Ólafsdóttir skrifstofustjóri í síma 553-9494 eða á tölvupósti birn@slfi.is.

**Umsóknarfrestur er til 6. mai nk.**

Umsóknir sendist á Sjúkraliðafélag Íslands Grensásvegi 16, 108 Reykjavík.

Fasteignasalinn.is



Ásdís Ósk Valsdóttir
Lögg fasteignasali
GSM: 863 0402
asdis@fasteignasalinn.is

Stórhöfða 23 110 Reykjavík Sími: 863 0402 fasteignasalinn@fasteignasalinn.is

## Stefnirðu hærra?

Fasteignasalinn leitar að framúrskarandi sölufulltrúum í fullt starf.

**Ef þú ...**
- vilt hafa sveigjanleika í starfi
- vilt fá laun í samræmi við árangur
- hefur mikla þjónustulund
- leitast við að fara fram úr væntingum viðskiptavina
- hefur áhuga á nýjungum og endurmenntun
- getur unnið undir álagi
- ert 25 ára eða eldri og hefur bíl til umráða

**þá erum við að leita að þér.**

Áhugasamir sendi inn ferliskrá með mynd á asdis@fasteignasalinn.is **fyrir 5. maí 2011.**
Öllum umsóknum verður svarað.

# NOREGUR KALLAR

**AM DIRECT AS** þakkar þeim fjölmörgu sem heimsóttu okkur í Ráðhúsinu s.l. helgi.

**Engu að síður ítrekum við óskir okkar um að ráða:**
- Trésmiði
- Kerfismótasmiði
- Verkstjóra fyrir kerfismótasmiði
- Formsmið- modelsmið
- Tækni- og verkfræðinga

Umsóknir sendist á netföng arvid@spesia.is eða tynes@simnet.is

Upplýsingar veittar í símum 897 5686 og 8980085 virka daga milli kl. 10 og16.

AM Direct A.s

# Krefjandi störf á fjármálamarkaði

VIRÐING VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI

Vegna aukinna umsvifa leitar Virðing hf., verðbréfafyrirtæki að öflugum starfsmönnum í eftirfarandi störf:

### Forstöðumaður Eignastýringar

**Starfssvið:**
- Stýring eignasafna
- Ráðgjöf og mat á fjárfestingarkostum
- Áhættugreining og ýmis greiningarvinna
- Samskipti við viðskiptavini
- Önnur verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Leiðtogahæfileikar og stjórnunarreynsla
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Próf í verðbréfaviðskiptum
- Þekking á fjármálamörkuðum
- Hæfni og heilindi í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni og samviskusemi
- Áhugi, frumkvæði og sjálfstæði

### Sérfræðingur í Eignastýringu

**Starfssvið:**
- Stýring eignasafna
- Ráðgjöf og mat á fjárfestingarkostum
- Áhættugreining og ýmis greiningarvinna
- Samskipti við viðskiptavini
- Önnur verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Próf í verðbréfaviðskiptum
- Þekking á fjármálamörkuðum
- Hæfni og heilindi í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni og samviskusemi

### Starfsmaður í markaðsviðskipti

**Starfssvið:**
- Miðlun innlendra og erlendra verðbréfa
- Uppbygging og efling viðskiptatengsla
- Samskipti við viðskiptavini
- Umsjón með skulda- og hlutabréfaútboðum
- Önnur verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Próf í verðbréfaviðskiptum
- Þekking á fjármálamörkuðum
- Hæfni og heilindi í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni og samviskusemi
- Áhugi, frumkvæði og sjálfstæði

*Virðing hf er löggilt verðbréfafyrirtæki sem leggur áherslu á að þjónusta fag- og stofnanafjárfesta og hefur starfað á íslenskum fjármálamarkaði í rúm 11 ár. Félagið veitir viðskiptavinum sínum virðisaukandi þjónustu, aðstoðar þá við uppbygginguog miðar að því að auka fjárhagslegan styrk þeirra.*

Nánari upplýsingar um störfin veitir Friðjón Rúnar Sigurðsson framkvæmdastjóri í síma 520-9803/822-9816, netfang: frs@virding.is . Einnig er að finna nánari upplýsingar á heimasíðu Virðingar, http://www.virding.is . Umsóknir skal senda Tinnu Róbertsdóttur, á netfangið tinna@virding.is merkt starfsumsókn.
**Umsóknarfrestur er til og með 2. Maí 2011.** Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Akraneskaupstaður

# Lausar stöður við grunn- og leikskóla á Akranesi

## Grundaskóli

**Heimilisfræði,** 70% staða.
**Smíðakennsla,** 75% afleysingastaða í eitt ár
**Íþróttakennsla,** 100% afleysingastaða í eitt ár
**Tónmenntakennsla,** 50% starf
**Almenn kennsla,** 50% staða – kennsla á mið- og unglingastigi.

Ofangreindar stöður eru lausar frá 1. ágúst 2011. Laun eru skv. kjarasamningum FG og launanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umsækjendur skulu hafa leyfisbréf grunnskólakennara. Umsóknarfrestur er til 15. maí. Umsóknum skal skilað til skólastjóra, Espigrund 1, 300 Akranesi, hronn.rikhardsdottir@akranes.is, sem veitir nánari upplýsingar í síma 433 1400.

*Grundaskóli er heildstæður grunnskóli með tæplega 600 nemendum. Skólinn vinnur samkvæmt „Uppeldi til ábyrgðar" og sífellt er verið að leita leiða til að bæta skólastarf.*

## Leikskólinn Akrasel

**Leikskólakennarastaða,** 100% starf frá 1. júní n.k.
**Aðstoðarmatráðsstaða,** 100% laus frá 1. júní n.k.
**Leiðbeinendastaða,** 100% laus frá 1. ágúst n.k.

Laun skv. kjarasamningi FL og launanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til 15. maí. Umsækjendur um leikskólakennarastöður skulu hafa leyfisbréf leikskólakennara. Umsóknum skal skilað til skólastjóra, Ketilsflöt 2, 300 Akranesi, anney.agustsdottir@akranes.is sem veitir nánari upplýsingar í síma 433 1260.

*Í leikskólanum Akraseli eru að jafnaði um 120 börn. Leikskólinn leggur áherslur á náttúruvernd, næringu og nærveru.*

## Leikskólinn Vallarsel

**Deildarstjórastaða**, 100% afleysingastaða frá 1.ágúst 2011 til 31. júlí 2012.
**Tvær leikskólakennarastöður** lausar frá 1. ágúst 2011.

Laun skv. kjarasamningi FL og launanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til 15. maí. Umsækjendur um leikskólakennarastöður skulu hafa leyfisbréf leikskólakennara. Umsóknum skal skilað til skólastjóra, Skarðsbraut 6, 300 Akranesi, bjorg.jonsdottir@akranes.is sem veitir nánari upplýsingar í síma 433 1220.

*Í leikskólanum Vallarseli eru að jafnaði um 140 börn. Leikskólinn leggur áherslu á tónlist í skólastarfinu.*

# ÚTBOÐ

**F.h. Reykjavíkurborgar:**
***Kaup á metanbifreiðum - EES útboð nr. 12589.***

Heimilt er að bjóða nýjar og notaðar bifreiðar.

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á 3.000 kr. frá og með 28. apríl 2011 í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, Reykjavík.

Opnun tilboða: 12. maí 2011, kl 10:00 í Borgartúni 12-14.

12589

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# STARFATORG.IS

## Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Lektor við lagadeild | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201104/069 |
| Lektors í félagsfræði | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201104/068 |
| Framhaldsskólakennarar | Menntaskólinn á Tröllaskaga | Ólafsfjörður | 201104/067 |
| Sumarafleysingar | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | Suðurnes | 201104/066 |
| Hagfræðingar | Fjármálaráðuneytið | Reykjavík | 201104/065 |
| Aðjunkt í alþjóðaviðskiptum | HÍ, viðskiptafræðideild | Reykjavík | 201104/064 |
| Deildarstjóri | HÍ, Ranns.setur b. og fjöl.vernd | Reykjavík | 201104/063 |
| Sérhæfður starfsmaður | LSH, ónæmisfræðideild | Reykjavík | 201104/062 |
| Deildarstjóri þjónustudeildar | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201104/061 |
| Kennarar | Fjölbrautaskóli Suðurnesja | Reykjanesbær | 201104/060 |
| Háskólamenntaðir fulltrúar | Utanríkisráðuneytið | Reykjavík | 201104/059 |
| Sérfræðingur | Fjársýsla ríkisins | Reykjavík | 201104/058 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**




www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

# ÚTBOÐ

Íslenska kalkþörungafélagið ehf. óskar eftir tilboðum í stækkun verksmiðju að Hafnarteigi 4, 465 Bíldudal.

Um er að ræða 1000m² stækkun við 2700m² stálgrindarhús sem byggt var 2006. Verkið er boðið út í tveimur hlutum:

A. Gerð undirstaða og lagna í jörðu
B. Uppsetning stálgrindarhúss og frágangur

**Tilboðsfrestur er til 10.05.2011.**

Útboðsgögn fást hjá Fjölsviði ehf verkfræði- og umhverfisráðgjöf, Síðumúla 1, 108 Reykjavík. Hægt er senda tölvupóst á agust@fjolsvidur.is eða hringja í gsm. 893-4483 og fá útboðsgögn send í pósti.

Íslenska

## 15043 – Ráðgjöf í upplýsingatækni og ýmis önnur sérfræðiráðgjöf á því sviði

Ríkiskaup, fyrir hönd áskrifenda að rammasamningakerfi Ríkiskaupa á hverjum tíma, standa fyrir þessu útboði á ráðgjöf í upplýsingatækni.
Margskonar sérfræðingar koma til greina svo sem tölvunarfræðingar, hugbúnaðarsérfræðingar, forritar-ar, stærðfræðingar og fleiri.

Kaupendur hjá hinu opinbera þ.e. ríki og sveitarfélög eru að leita að sérfræðingum sem eru þekktir fyrir að uppfylla kröfur útboðsins, til dæmis á eftirfarandi sviðum:

- Stefnumótun og þróun í upplýsingatækni
- Verkefnastjórnun
- Þarfagreining
- Ferlagreining
- Þjálfun í stjórnun UT mála
- Liðsauki, þjálfun og stuðningur
- Rafræn viðskipti
- Ráðgjöf í útvistun
- Hugbúnaðargerð
- Skjala og þekkingarstjórnun
- Þjónusta við opinn hugbúnað

Gert er ráð fyrir því að samið verði við fleiri en einn aðila um viðskipti þessi.
Nánari upplýsingar má finna í útboðsgögnum sem eru rafræn og aðgengileg á vef Ríkiskaupa, www.rikis-kaup.is. **Opnunartími tilboða er 10. maí kl. 14.00** hjá Ríkiskaupum, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

## 15035 - Endurskoðun og reikningshald og ýmis sérfræðiráðgjöf á því sviði

Ríkiskaup, fyrir hönd áskrifenda að rammasamningakerfi Ríkiskaupa á hverjum tíma, standa fyrir þessu útboði á endurskoðun og reikningshaldi ásamt ýmissi sérfræðiráðgjöf á því sviði.

Margskonar sérfræðingar koma til greina svo sem viðskiptafræðingar, löggiltir endurskoðendur, skattasérfræðingar, lögfræðingar, sérfræðingar í upplýsingakerfum og flóknum útreikningum, verkfræðingar, tölvunarfræðingar, sérfræðingar í reikningsskilum og fleiri.

Kaupendur hjá hinu opinbera þ.e. ríki og sveitarfélög eru að leita að sérfræðingum sem eru þekktir fyrir að uppfylla kröfur útboðsins, til dæmis á eftirfarandi sviðum:

| **Vegna vinnu:** | **Vegna ráðgjafar:** |
|---|---|
| Ársreikningar | Alþjóða skattamál |
| Endurskoðun | Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar |
| Innra eftirlit | Fjármálagerningar |
| Skattaskil | Stjórnun og eftirlit |

Gert er ráð fyrir því að samið verði við fleiri en einn aðila um viðskipti þessi.
Nánari upplýsingar má finna í útboðsgögnum sem eru rafræn og aðgengileg á vef Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is. **Opnunartími tilboða er 10. maí kl. 11.00** hjá Ríkiskaupum, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

RÍKISKAUP
***Útboð skila árangri!***

## Tilboð óskast í hluta fasteignarinnar Eiðistorg 13 og 15 á Seltjarnarnesi.



**14873 – Eiðistorg 13 og 15 á Seltjarnarnesi.**

Um er að ræða fyrrum húsnæði Lyfjastofnunar á 3. hæð samtals 717,1 m² samkvæmt upplýsingum frá Fasteignaskrá ríkisins. Brunabótamat er kr. 122.400.000,- og fasteignamat er kr. 94.640.000,-.

Húseignin verður til sýnis í samráði við Ríkiskaup, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík í síma 530 1400.

Tilboðseyðublöð liggja frammi hjá Ríkiskaupum ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði.

Gögnin eru einnig aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is

Tilboð skulu berast til Ríkiskaupa, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík fyrir kl. 10:00 þann 10. maí 2011 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

RÍKISKAUP
***Útboð skila árangri!***

## Tilboð óskast í hluta fasteignarinnar Iðndalur 2. Vogum.



**Sala. 14879 Iðndalur 2, Vogum.**

Um er að ræða fyrrum húsnæði heilsugæslunnar í Vogum 124,3 m². Brunabótamat kr. 20.400.000,- og fasteignamat kr. 8.700.000,- og skrifstofu húsnæði Sveitarfélagsins Voga 132,2 m². Brunabótamat kr. 21.600.000,- og fasteignamat kr. 9.224.000,- skv. Fasteignaskrá Íslands. Hægt er að bjóða í báða eignarhlutana saman eða sitt í hvoru lagi.

Húsnæðið verður til sýnis í samráði við Sveitarfélagið Voga í síma 440 6200 og Ríkiskaup í síma 530 1400.

Tilboðseyðublöð liggja frammi hjá Ríkiskaupum ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði.

Gögnin eru einnig aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is

Tilboð skulu berast til Ríkiskaupa, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík fyrir kl. 10:00 þann 10. maí 2011 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

RÍKISKAUP
***Útboð skila árangri!***

## Tilboð óskast í hluta fasteignarinnar Iðndalur 2. Vogum.



**Sala. 14879 Iðndalur 2, Vogum.**

Um er að ræða fyrrum húsnæði heilsugæslunnar í Vogum 124,3 m². Brunabótamat kr. 20.400.000,- og fasteignamat kr. 8.700.000,- og skrifstofu húsnæði Sveitarfélagsins Voga 132,2 m². Brunabótamat kr. 21.600.000,- og fasteignamat kr. 9.224.000,- skv. Fasteignaskrá Íslands. Hægt er að bjóða í báða eignarhlutana saman eða sitt í hvoru lagi.

Húsnæðið verður til sýnis í samráði við Sveitarfélagið Voga í síma 440 6200 og Ríkiskaup í síma 530 1400.

Tilboðseyðublöð liggja frammi hjá Ríkiskaupum ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði.

Gögnin eru einnig aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is

Tilboð skulu berast til Ríkiskaupa, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík fyrir kl. 10:00 þann 10. maí 2011 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

RÍKISKAUP
***Útboð skila árangri!***

## Tilboð óskast í húseignir að Brúarholti II (Efri Brú) í Grímsnes-og Grafningshreppi ásamt 36,5 hektara landspildu.



**Sala 14969. Brúarholt II – (Efri Brú) í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Um er að ræða sambyggða gisti- og þjónustumiðstöð byggt árið 1995 og 1998 stærð samtals 699,5 m², íbúðarhús á tveimur hæðum sambyggt gistiheimilinu, byggt 1948 stærð 278,2 m².

Þrjú parhús byggð 1998 hvert 51,8 m² samtals 155,4 m², íbúðarhús byggt 1964 stærð 146,2 m², íbúðarhús byggt 1998 stærð 137,3 m², útihús eru: hesthús, fjárhús, hlaða, votheysturn, hlaða og minkahús samkv. Fasteignaskrá Íslands. Brunabótamat eignanna er kr. 357.690.000,- Fasteignamat eignanna er kr. 100.680.000,-. Áætlað brunabótamat er kr. 345.320.000,- og áætlað fasteignamat er kr. 98.608.000,- þar sem nýbúið er fjarlægja fjárhús og hlöðu frá 1952.

Nánari upplýsingar um ofangreinda eign eru gefnar hjá Louis Péturssyni í síma 482 2147 / 892 9825 og hjá Ríkiskaupum, síma 530 1400, Borgartúni 7, 105, þar sem tilboðseyðublöð liggja frammi.

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum fyrir kl. 10.00 þann 10. maí 2011 þar sem þau verða opnuð í viðurvist viðstaddra bjóðenda er þess óska.

Sjá upplýsingar og myndir á heimasíðu Ríkiskaupa, http://www.rikiskaup.is/.

RÍKISKAUP
***Útboð skila árangri!***

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...



Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi á sýningunni í Hafnarhúsinu sem er opin til 8. maí.



Lilja Gunnarsdóttir, kynningarstjóri útskriftarsýningar LHÍ, lofar glæsilegri og fjölbreyttri sýningu útskriftarnema LHÍ í Hafnarhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Helgihús, heilavél, leikspil og innhverf paradís

**Útskriftarsýning nemenda í hönnunar- og arkitektúrdeild og myndlistardeild Listaháskóla Íslands verður opnuð í Hafnarhúsinu í dag. Þar er að finna 72 verk af öllum hugsanlegum toga.**

„Þetta er ótrúlega glæsilegur og fjölbreyttur hópur,“ segir Lilja Gunnarsdóttir kynningarstjóri um þá 72 nemendur Listaháskólans sem eiga verk á útskriftarsýningu skólans sem opnuð verður í Hafnarhúsinu klukkan 14 í dag. Fimmtíu og þrír nemendur útskrifast úr hönnunar- og arkitektúrdeild og nítján úr myndlistardeild.

Sýningin er í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur og er allt Hafnarhúsið undirlagt. „Já, hver kimi er nýttur,“ segir Lilja. „Við fáum meira að segja smá pláss í versluninni í anddyrinu þar sem seldar verða vörur frá nemendum.“

Meðal þess sem sjá má á sýningunni eru hreyfanlegt helgihús, vídeóskúlptúrar, ljósmyndir, heilavél, innhverf paradís, bækur, ýmis húsgögn, málverk, innsetningar, þátttökulist, ævintýri í geimnum, mannvirki, fatahönnun, ofnagrind, nælur, leikspil, fótboltamark og fleira og fleira. Við opnunina verða listamennirnir að sjálfsögðu viðstaddir og segir Lilja tilvalið að nýta sér það og spjalla við þá um verkin. „Og fyrir þá sem misstu af sýningu fatahönnunarnema á fimmtudaginn má geta þess að öll fötin af þeirri sýningu eru einnig á stóru sýningunni í Hafnarhúsinu. Einnig verður tónlistargjörningur í B-sal alla daga sem sýningin er opin og hefst hann klukkan fjögur. Þar flytur Steinunn Harðardóttir, útskriftarnemi í myndlist, verk sem er furðudýragarður úr framtíðinni. Til marks um breiddina má svo nefna að Aline Grippi, nemandi í grafískri hönnun, kynnir vörumerki fyrir UNA-húðkremin sem eru á leið í framleiðslu. Kremin eru meðal annars unnin úr þangi og verkefnið er sprottið úr samstarfi LHÍ og Matís. Á mánudaginn verður svo sýningarstjóraspjall þar sem Erling Klingenberg, sýningarstjóri myndlistardeildar, Hörður Lárusson og Atli Hilmarsson, sýningarstjórar hönnunardeildar, ræða við gesti um sýninguna. Það er ógjörningur að nefna allt í stuttu spjalli, en það má lofa væntanlegum sýningargestum því að þeir eiga von á fjölbreyttri og spennandi sýningu þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi,“ segir Lilja.

Sýningin stendur til 8. maí og er opin daglega frá 10 til 17 nema fimmtudaga frá 10 til 20. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

*fridrikab@frettabladid.is*



Hugmyndaauðgi útskriftarnema Listaháskólans á sér engin takmörk.



**Opið alla páskahelgina EKKERT SEX NUDD,**
en æðislegt LÍKAMSSKRÚBB, heitir POTTAR og margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR, SNYRTING og VEITINGAR. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. JB Heilsulind. S. 823 8280

## Þjónusta

**Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is**

**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

## Námskeið




8 vikna byrjendanámskeið Ungbarnasund Gulla og Erlu í Grensáslaug hefst 9 og 14 maí. Skráning í S.868-7383

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

heimasíður fyrir gæludýrið þitt,búðu til fallega heimasíðu fyrir dýrið þitt á einfaldan hátt www.myworldpet.com



Áttu Gæludýr!! Þá eigum við gott úrval að vörum fyrir dýrið þitt. Opið laugardaginn 23/4 frá 10-16 Dýragarðurinn Síðumúla 10 S:517-6525

Óska eftir hundasnyrtiborði (hækka/lækka), kraftblásara og standblásara. Skoða allt. Hanna hanna@hundahanna.is S: 848-5552



Hreinræktaðir Labrador hvolpar með ættbók frá HRFÍ. Til afhendingar um páska. Uppl. á www.hunderups.com og í síma 659 0000.

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi.**
**S. 566 8417 Tökum visa/euro**

3 beagle hvolpar til sölu með ættbók frá íshundum sími 868-7877 865-7739 http://birtahvolpar.blogcentral.is/

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

TPM

**Æfingarhúsnæði! Vortilboð!**
Afnotagjöld 21þús. á mánuði Upplýsingar í síma 8243001 og contact@tonaslod.is www.tonaslod.is

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu til 1 júlí hugguleg 4 herbergja íbúð í breiðholti. Laus strax. S.8200007

Íbúð til leigu í rólegu hverfi í Álftanesi. 85 fm 3 herbergja íbúð í kjallara ósamþykkt, nýmáluð, parket lögð, reykalus ekkert dýrahald. V. 90þ kr. Uppl. S. 5654578/8484619

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu þriggja og fjögurra íbúð á Eskivöllum. Uppl. í s. 695 1095.

## Húsnæði óskast

Vantar ad leiga ibud fra 4 Juli til 8 Agust. Ma vera i Kopavogi, Reykjavik, Mosfellsbae. E-mail: afranklin12@cox.net

## Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.



Vestri-hólmur Stokkseyri til sölu. Náttúruperla, 30 mín frá Rvk.Mikið fuglalíf,5 mín gangur í fjöruna.90 fm eldri útihús, aðgangur að hagabeit. Stærð 5000fm. Verð aðeins 5,3m. Uppl í S. 695 6999 eða asgautur@internet.is



**Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!**
Heitur pottur og sauna. Gistiaðstaða fyrir 10-12 manns. Laus næstu helgar, einnig bókanir byrjaðar f. sumarið. Verð 60.000kr helgin. www.sumarhus.edicypages.com. Uppl. 898 1598

## Húsnæði til sölu

Óska eftir skiptum á 3 herb. í kóp og 2 herb.m. bílskúr/skýli staðgr. 1-2m. uppl: 8459870

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Bílskúr

**BÍLSKÚRSHURÐIR OG OPNARAR**
UPPSETNING, VIÐHALD, VIÐGERÐIR 30 ára reynsla.. Hringið í síma 892 7285

## Gisting

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM RVK**
**Dags, viku og mánaðarleiga.**
**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG**
**sími 896 4661**

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com
stracta

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kökuhúsið Aðstoðarmaður**
**Okkur vantar duglegan og áhugasaman aðstoðarmann og uppvaskara í bakarí.**
**Upplýsingar gefur Björk í s. 693 9091 & 554 2708.**

**Kökuhúsið Auðbrekku**
**Starfsfólk óskast í afgreiðlsu og fleira í bakarí okkar.**
**Upplýsingar á staðnum. S. 554 2708 & 693 9091.**

**Starfsfólk óskast**
Óskum eftir starfsfólki í nýtt og spennandi kaffihús í miðbæ Reykjavíkur. Góð þjónustulund og tungumála kunnátta skilyrði. Um vaktavinnu er að ræða. Æskilegur aldur er ca 25-35 ára. Áhugi á náttúru Íslands er kostur. Umsóknir berist á netfangið volcanohouse@yahoo.com

## Atvinna óskast

32 ára karlmaður óskar eftir vinnu. Er með meirapróf og hef unnið við vélaflutninga og allskonar efnisflutninga. Hef unnið á hjólaskóflum, beltagröfum, tamrock beltaborvögnum og fl. villis@mi.is eða 456 1575 á kvöldin.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 5050**
Ný stúlka, opið alla páskana.

Dömurnar á Rauða Torginu Dömuvaktin er frá kl. 20-24 í kvöld. Heitt spjall, heitar stundir. S. 908-6000 og 535-9999.

Einmana kona vill kynnast góðum manni. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8310.

Góð stund. Reynd kona leitar spennandi kynna. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8135.

## Atvinna

**Suðurlandsbraut 20**
**Sími 533 6050**
**Faxnr. 533 6055**
**www.hofdi.is**



Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.



Ásmundur Skeggjason lögg. fast.

## Hjálmakur







Vorum að fá í sölu eitt af glæsilegri húsum í Garðabæ sem staðsett er á endalóð í botnlanga sem snýr mót suðri. Húsið er fullbúið á afar vandaðan og glæsilegan máta. Húsið er 380 fm með innbyggðum 63 fm bílskúr. Hér er á ferðinni eign sem fá orð fá lýst. **Verð Tilboð.**

**Allar nánari upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason lögg. fasteignasali í S: 895 3000.**

## Atvinna

## Einbýlishús á Hellu



Til sölu er 158 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum við Þingskála nr. 12, á Hellu. Húsið er byggt úr steinsteypu árið 1973 og er múrað og málað að utanverðu. Tvær hliðar efri hæðar eru klæddar með steniklæðningu. Efri hæðin telur: Anddyri, gang, stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús, búr, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Neðri hæðin telur bílskúr og íbúðarherbergi með sérinngangi, baðherbergi og eldhúsinnréttingu. Eignin stendur á góðum útsýnisstað.
**Verð kr. 22.000.000,-**
Nánari upplýsingar og myndir á **www.fannberg.is**

**FANNBERG FASTEIGNASALA EHF. sími 487 5028**
**Guðmundur Einarsson lögg. fasteignasali**
**Jón Bergþór Hrafnsson viðskiptafræðingur.**
FÉLAG FASTEIGNASALA

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA / LEIGUMIÐLUN
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Selhóll, Stekkjarholt 3. Sumarhús.

**Opið í hús í dag laugard. 23. apríl frá 12-17**




Fallegur heilsársbústaður í Grímsnesinu í landi Hæðarenda, Húsið er cirka 52 fm og skiptist m.a. í 2 svefnherbergi. stofu, eldhús, svefnloft. heitt og kalt vatn til staðar. heitur pottur. Sérlega falleg staðsetning. góð útiaðstaða. 5 mín. gangur niður að vatni, þar sem heimilt er að veiða, gott fjölskylduhús, eignarlóð.
**V. 15,8 millj.**
Nánari uppl. veitir Knútur eigandi í síma 898-0762.

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**




Falleg og björt 128 m² miðhæð í þríbýlishúsi, m/bílskúr
**Verð: 23,9m**

Nánari upplýsingar veitir:
**Ólafur Finnbogason** Sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is sími 822 2307

**MIKLABORG**
569-7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**



„Það er hluti af þér líka. Núna.“

„Það er aðskotahlutur,“ sagði Edda. Það reif í saumana á bringunni þegar hún krosslagði hendur.

„Ekki segja þetta, Edda mín.“

„Það er það og líkaminn veit það. Annars þyrfti ég ekki að taka þessi ónæmisbælingarlyf.“

„Líkaminn veit ekki alltaf hvað honum er fyrir bestu.“

„Veit hugurinn það?“

„Já.“

„Er hann ekki hluti af líkamanum?“

„Æ, Edda, gerðu það, láttu ekki svona,“ bað Ragnheiður.

Mamma hennar hafði fengið sitt fram. Þau tóku gamla hjartað með sér aftur til Íslands eftir aðgerðina. Mamma hennar gætti þess að Edda sæi kassann ekki nema einu sinni og Edda var því fegin. Hún sá það fyrir sér í krukkunni. Í gulu formalíni og allt of stórt. Æðarnar holar og gúlpandi.

Edda hafði óttast að mamma hennar myndi taka frá gröf fyrir hana strax. Jarða hjartað þar og svo myndi gröfin bíða hennar, þolinmóð og næstum tóm. Eins og útfyllt ávísun án dagsetningar. En mamma hennar lét grafa hjartað hjá ömmu Jónu. Til fóta, eins og þægan kettling.

Hjartað var grafið í kyrrþey. Eddu fannst ekki viðeigandi að vera viðstödd. Þegar mamma hennar kom heim skömmu síðar hafði hún horft rannsakandi á hana.

„Þú lítur ekki út eins og kona sem var að jarða dóttur sína,“ sagði Edda.

Mamma hennar brosti dauf lega. Hún var þreytuleg og með bauga undir augunum.

„Ég var ekki að jarða dóttur mína. Hún er hérna bráðlifandi fyrir framan mig.“

„Þú varst að grafa hjartað úr henni og það kemur í sama stað niður.“

„Æ, Edda mín,“ sagði Ragnheiður og fór inn í eldhús að laga matinn. Hún virtist segja: „Æ, Edda mín,“ talsvert oft þessa daga.

Edda fór stundum og vitjaði hjartans, og ömmu Jónu auðvitað líka.

En eiginlega var þetta ekki sanngjarnt. Núna var amma Jóna með tvö hjörtu í gröfinni sinni en kona, tuttugu og átta ára var ekki með eitt einasta í sinni.

## Hildur Knútsdóttir

**Hildur** er 26 ára gömul. Hún er með BA-gráðu í ritlist frá Háskóla Íslands en vinnur sem texta- og hugmyndasmiður hjá auglýsingastofunni Pipar/TBWA.

**Sláttur** er fyrsta skáldsaga Hildar.

Hugmyndina að sögunni fékk hún fyrir nokkrum árum þegar hún las frétt um að fáir voru viljugir til að þiggja líffæragjafir úr föngum sem teknir voru af lífi fyrir morð.

**Hún** hefur einnig vakið athygli fyrir bloggsíðu í nafni hliðarsjálfs síns, tískubloggarans H. Lífsstílsbók í anda tískubloggsins er væntanleg á vegum forlagsins ÓkeiBækur í haust.








PIPAR\TBWA • SÍA • 111030

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

YFIR 400 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI Í HÁSKÓLA ÍSLANDS
Umsóknarfrestur um grunnnám á háskólaárinu 2011–2012 er til 5. júní 2011.
Móttaka rafrænna umsókna er hafin á *www.hi.is*

# Staða ÍSLENSKUNNAR er sterk



**Peter K. Austin** Íslenska hefur breyst afar hægt í gegnum tíðina og er ekki mjög frábrugðin tungumáli fornsagnanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áætlað er að um tæp sjö þúsund tungumál séu nú töluð í heiminum. Því er spáð að allt að helmingur þeirra eigi eftir að hverfa á næstu árum og áratugum. Peter K. Austin, prófessor í málvísindum við University of London, segir ótrúlegt andvaraleysi ríkjandi gagnvart tungumálum í útrýmingarhættu. Hann segir þó ýmis dæmi um mál sem tiltölulega fáir tala en standi á traustum grunni. Íslenskan sé eitt þeirra.

Peter K. Austin er Ástrali búsettur í Englandi þar sem hann gegnir prófessorsstöðu í málvísindum við University of London. Hann er einn af ráðgjöfum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur um alþjóðlega tungumálamiðstöð, sem og ritstjóri bókarinnar Eitt þúsund tungumál, sem forlagið Opna gaf út. Austin kom til Íslands á dögunum og hélt fyrirlestur um fjölbreytni tungumála og menningar. Fréttablaðið ræddi við hann af því tilefni.

Það er útbreitt viðhorf á Íslandi að íslenskan eigi undir högg að sækja; málsvæðið sé lítið, áhrif ensku fari sífellt vaxandi á kostnað móðurmálsins og því hefur verið spáð að eftir eina öld verði sú tunga sem töluð verður hér á landi gjörólík þeirri íslensku sem við þekkjum í dag. Austin segir hins vegar að í alþjóðlegu samhengi sé staða íslenskunnar sterk.

„Í fyrsta lagi er 320 þúsund manna málsvæði alls ekki svo lítið. Það eru til mun fleiri tungumál sem aðeins um tíu þúsund manns tala. Miðað við fjölda mælenda mætti segja að íslenskan sé miðlungsstórt tungumál. Í öðru lagi ræður fjöldi mælenda ekki endilega úrslitum um afdrif tungumálsins, heldur innviðir samfélagsins. Hér talar fólk íslensku dags daglega, hún er kennd í skólum, töluð og skrifuð í fjölmiðlum og svo framvegis. Staða íslenskunnar er að því leyti mjög sterk, þrátt fyrir smæð samfélagsins. Ég veit um tungumál sem tvær milljónir tala en búa ekki við þessa sterku innviði og munu að óbreyttu hverfa.“

## Tungumál þróast stöðugt

Um óttann við áhrif erlendra mála bendir Austin á að öll tungumál taki stöðugum breytingum.

„Íslenska hefur breyst afar hægt í gegnum tíðina og er ekki mjög frábrugðin tungumáli fornsagnanna. Nú eru hins vegar aðrir og hraðari tímar. Ég hugsa að íslenskan sé í svipaðri stöðu og engilsaxneskan fyrir þúsund árum, þegar franskan hélt innreið sína í England með komu Normanna. Enskan átti þá á hættu að þurrkast út. Þess í stað tileinkaði hún sér breytingar og þreifst áfram í annarri mynd.“

Spurður hvort Íslendingar eigi að fara að ráðum Engilsaxa og taka nýjungum fagnandi segir hann að Íslendingar verði að svara því sjálfir.

„Það eru tvö sjónarmið í þessu máli. Jákvæða afstaðan er sú að áhrif annarra tungumála geti verið auðgandi og til marks um það að tungumáli sé í fullu fjöri, stöðugt að þróast og í góðum tengslum við nútímann. Ástæðan fyrir því að enskan hefur einn mesta orðaforða heims er sú að hún hefur tekið upp orð úr ótal öðrum tungumálum.

Neikvæða afstaðan er að líta á það sem svo að það sé sótt að íslenskunni og það verði að skera upp herör gegn erlendum áhrifum. Hvort sjónarmiðið eigi að ráða er í rauninni pólitísk spurning og svarið veltur á pólitískri, félagslegri, og hugmyndafræðilegri afstöðu ykkar. Ef þið teljið að það sé gott að vera í sambandi við umheiminn og verða fyrir utanaðkomandi áhrifum verður þetta álitið jákvæð þróun. Ef þið teljið að þetta hafi skemmandi áhrif og íslenskan eigi eftir að fara í súginn, verður þetta álitið neikvæða þróun.“

## Erfitt að taka upp tvítyngi

Alþjóðavæðingin hefur einnig dregið fram önnur álitamál um stöðu íslenskunnar, til dæmis að í hinu alþjóðlega hagkerfi sé tungumál sem aðeins um 320 þúsund manns tala óhagkvæmt. Fyrir nokkrum árum var hreyft við þeirri hugmynd að taka upp ensku sem vinnumál í fjármálastofnunum á Íslandi og sumir sáu fyrir sér að Ísland yrði tvítyngt land. Austin segir mörg dæmi til um tvítyngd samfélög, til dæmis Quebec í Kanada, en veit ekki til þess að nokkurt land hafi gagngert tekið upp nýtt tungumál. Hann telur enda slíkt vera erfitt í framkvæmd.

„Helsta hættan yrði sú að nýja tungumálið hreinlega næði yfirráðum að lokum, myndi breiðast út um alla innviðina og móðurmálið glataðist. Sögulega er tvítyngi hið eðlilega ástand víða um heim; í fjölmörgum samfélögum koma foreldrar barna frá ólíkum málsvæðum. Það er ekki óalgengt að foreldrarnir tali hvor sitt tungumálið á heimilinu og barnið svari á viðeigandi máli. Það krefst hins vegar mikillar vinnu að viðhalda tvítynginu og oftar en ekki gefast krakkarnir upp á þessu og ákveða að halda sig við annað málið. Miðað við hvað þetta er mikil vinna fyrir eina fjölskyldu, getum við rétt ímyndað okkur hvað það þyrfti mikið til ef heilt land myndi reyna að taka upp tvítyngi með góðum árangri.“

Austin bendir líka á að það sé vafasamt að líta á tungumálið út frá hreinum hagkvæmnisrökum.

„Það er auðvitað hægt að reikna út að það kosti svo og svo mikið að tala íslensku. Tungumálið felur hins vegar svo miklu meira í sér. Að leggja niður móðurmál sitt felur í sér að slíta tengslin við fortíðina og sjálfsmynd sína. Við höfum ótal dæmi um samfélög sem hafa neyðst til að taka upp nýja tungu, til dæmis frumbyggjar Bandaríkjanna, með hörmulegum félagslegum afleiðingum. Að gefa móðurmál sitt upp á bátinn felur ekki í sér tryggingu um að heimurinn komi fram við þig eins og jafningja. Og fórnarkostnaðurinn gæti orðið alltof hár.“

## Tungumál í útrýmingarhættu

Því er spáð að á næstu áratugum muni allt að helmingur þeirra tæplega sjö þúsund tungumála sem nú eru töluð í heiminum hverfa að óbreyttu áður en langt um líður. Austin segir mikið andvaraleysi ríkjandi gagnvart þessum spám.

„Ímyndum okkur hver viðbrögðin væru ef þetta væru dýrategundir eða plöntur en ekki tungumál? Sumir líta jafnvel á þetta sem jákvæða þróun, einkum fólk í enskumælandi löndum; að þróunin verði sú að hér verði bara eitt tungumál og allir geti skilið hver annan. Þetta er vanhugsuð afstaða. Það eru til alltof mörg dæmi um heilu samfélögin sem iðrast þess sárlega að hafa glatað móðurmáli sínu.“

Austin segir þó einnig jákvæð teikn á lofti; á Nýja-Sjálandi hafi til dæmis tunga frumbyggja, maori, gengið í endurnýjun lífdaga fyrir tilstilli grasrótarhreyfinga. Austin telur einnig að fræðimenn ættu að leggja meiri áherslu á að skrifa fyrir almenning. Það hafi til dæmis verið markmiðið með Eitt þúsund tungumálum.

„Fræðimenn eru þjálfaðir í að skrifa á tiltekinn hátt, sem nánast eingöngu aðrir fræðimenn skilja. Við þurfum að æfa okkur í að skrifa meira fyrir almenning, gera boðskapinn aðgengilegan án þess að einfalda hann. Þannig margföldum við möguleika okkar á að hafa áhrif.“

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10 ÁRA 2001-2011

Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli. Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.




DV: 10% – Fréttatíminn: 37%
ALLT LANDIÐ

DV: 11% – Fréttatíminn: 49%
HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




Allt sem þú þarft...


the PIER
FOR YOUR HOME
SETT
MEÐ 6 STÓLUM
99.300.-
ÞÚ SPARAR 9000!
POLIRATTAN BORÐ
24.900.-
POLIRATTAN STÓLL
13.900.-
POLIRATTAN SÓFI
29.900.-
KERTI
3 FYRIR 2
POLIRATTAN STÓLL
19.900.-
GLERDISKARNIR KOMNIR AFTUR!
VERÐ FRÁ 390.-
SESSUR
FRÁ 1190.-
GLÖS
390-490.-
FRÁBÆRT
TILBOÐ
ÞÚ SPARAR 2000!
VERÐ ÁÐUR 6490.-
TILBOÐ: 4490.-
Wipe Your Paws
ÁN PARABEN EFNA
SNYRTIVÖRUR 890.-
the PIER
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880
ÚTIDYRAMOTTUR
2990.-

## AÐ TJALDABAKI

**Allnokkurt fjaðrafok hefur** orðið út af þeirri ákvörðun Nýlistasafns Íslands að verða við kröfu útgefanda Eggerts Péturssonar um að fjarlægja verkið „Fallegasta bók í heimi," af sýningunni Koddu, á þeirri forsendu að þar sé vegið að sæmdarrétti höfundarins. Meðal þeirra sem hafa lagt orð í belg vegna málsins er Guðmundur Oddur Magnússon, Goddur, prófessor við Listaháskóla Íslands (og einn þátttakenda í sýningunni Koddu).



**Goddur efast um** að Eggerti Péturssyni þyki brotið á sæmdarrétti hans með því að maka út bók hans í matarleifum. „Mig grunar að hin fróma sæmd komi frá útgefandanum sjálfum og bókahönnuðunum fyrst og fremst en ekki listamanninum," skrifar hann í glósu á Facebook-síðu sína. „ Þau sáu um blætið og fengu markaðsverðlaunin fyrir fegurstu bók í heimi! Eggert er nógu sjóaður og nógu stór til þess að fatta að það er bara heiður fyrir hann að verk sem hann á aðild að en fékk engin verðlaun fyrir sé notað á þennan hátt."

**Goddur undrast ekki** síður á að stjórn Nýlistasafnsins hafi komið sér í þessa stöðu og sér aðeins eina leið út úr henni. „Þau virðist ekki átta sig á því fyrir hvað Nýló stendur. Nýlistasafnið er ekki og á ekki að vera borgaraleg afturhaldssöm stofnun. Það virðast stjórnendurnir hins vegar vera orðnir. Ég sé ekki fyrir mér að þau sitji þar mikið lengur."







VIÐ ÞEKKJUM TILFINNINGUNA
AFGREIÐSLUTÍMAR UM PÁSKA
BANKASTRÆTI
21. APRÍL SKÍRDAGUR / 12.00–16.00
22. APRÍL FÖSTUDAGURINN LANGI / LOKAÐ
23. APRÍL LAUGARDAGUR / 8.00–20.00
24. APRÍL PÁSKADAGUR / LOKAÐ
25. APRÍL ANNAR Í PÁSKUM / 12.00–16.00
KRINGLAN
21. APRÍL SKÍRDAGUR / 13.00–18.00
22. APRÍL FÖSTUDAGURINN LANGI / LOKAÐ
23. APRÍL LAUGARDAGUR / 10.00–18.00
24. APRÍL PÁSKADAGUR / LOKAÐ
25. APRÍL ANNAR Í PÁSKUM / LOKAÐ
CINTAMANI BANKASTRÆTI 7
101 REYKJAVÍK, S. 533 3390
CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533 3805
CINTAMANI KRINGLUNNI
103 REYKJAVÍK, S. 533 3003
CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**50 HILMAR ÖRN HILMARSSON** allsherjargoði er fimmtugur.
*„Það er góð stjórn í þessum heimi.“*

## Merkisatburðir

**1889** Kaupfélag Skagfirðinga er stofnað.

**1964** Leikfélag Reykjavíkur heldur upp á 400 ára afmæli Shakespeares með hátíðarsýningu á Rómeó og Júlíu.

**1961** Judy Garland kemur fram í Carnegie Hall.

**1968** Nemendur við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum leggja undir sig skólabyggingar til að mótmæla Víetnamstríðinu.

**1972** Halldór Laxness, sjötugur, er útnefndur heiðursborgari Mosfellsbæjar og heiðursdoktor við Háskóla Íslands.

**2008** Reykjavíkurlögreglan beitir óeirðabúnaði og múgskjöldum í mótmælum vörubílstjóra.



†

*Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán Sigurdórsson**
Hæðargarði 29,

lést þann 14. apríl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 26. apríl kl. 13.00.

**Svavar G. Stefánsson** — **Dagrún Sigurðardóttir**
**Sigurdór Stefánsson** — **Guðný Jódís Steinþórsdóttir**
**Jón Á. Stefánsson** — **Sigrún Högnadóttir**
**Helga Stefánsdóttir**
**Finnbogi Sævar Guðmundsson** — **Sigríður Sigurþórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, tengdasonur og bróðir,*

**Gunnar Benediktsson**
Fífumóa 18, Ytri-Njarðvík,

er andaðist 14. apríl síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 27. apríl kl. 11.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á styrktarsjóð barna hans í Íslandsbanka í Keflavík.
Kt. 170995-3259, reikningsnúmer 0542-14-402200

**Lilja Björk Erlingsdóttir**
**Vignir Þór Gunnarsson** — **Þórey Óskarsdóttir**
**Arnar Þór Gunnarsson**
**Erlingur Þór Gunnarsson**
**og systkini hins látna.**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ástríður H. Andersen**

andaðist á Landspítalanum fimmtudaginn 14. apríl. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 26. apríl kl. 15.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Félag nýrnasjúkra.

**Gunnar Þ. Andersen** — **Margrét Kr. Gunnarsdóttir**
**Þóra Andersen** — **Roger Schneider**
**Victoria Ástríður Andersen**
**Tiffany Louise Andersen**
**Eric Ian Andersen**
**Richard Vilhelm Andersen**
**Christopher og Alexander Farrington**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**HÖRÐUR ZÓPHANÍASSON SKÓLASTJÓRI** Heldur upp á afmælisdaginn með veislu, útgáfu ljóðabókar og söfnun í styrktarsjóð langafabarns.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HÖRÐUR ZÓPHANÍASSON SKÓLASTJÓRI: VERÐUR ÁTTRÆÐUR Á ANNAN Í PÁSKUM

# Lækningin var fólgin í að líta ekki í bók í þrjá mánuði

„Þegar ég kom til Hafnarfjarðar sem ungur kennari var mér tjáð að ég mætti segja nemendum mínum hvar ég stæði í pólitík en ekki taka afstöðu með FH eða Haukum ef ég ætlaði að halda sæmilegri ró í bekknum.“ Þannig svarar Hörður Zóphaníasson, fyrrverandi skólastjóri, spurningu um hvort hann sé Haukamaður því hann heldur upp á afmælisveislu í Haukahúsinu fyrir vini og vandamenn á annan í páskum í tilefni áttræðisafmælis. Hann ætlar líka að nota daginn til að gefa út ljóðabókina Hugsað í hendingum. „Ég hef fiktað dálítið við að yrkja, það er góð dægradvöl,“ segir Hörður sem afþakkar blóm og gjafir en gefur veislugestum kost á að leggja fé í styrktarsjóð Ragnars Emils, sem er langafabarn hans og stríðir við hrörnunarsjúkdóm.

Hörður er fæddur og uppalinn á Akureyri en fór þriggja ára í sveit að Dagverðartungu í Hörgárdal og var þar þrettán sumur. „Þar var mitt annað heimili,“ segir hann og kveðst líka ungur hafa kynnst skátahreyfingunni sem hann hafi verið viðloðandi síðan. „Ég tel að fátt hafi gert mér eins gott og skátastarfið því þegar ég fór út í kennslu reyndist það frábær undirstaða,“ fullyrðir hann.

Hörður lenti í því á unglingsárum að ofþreyta augun á lestri. „Ég sá bara strik en ekki stafi en lækningin var fólgin í að líta ekki í bók í þrjá mánuði. Það setti allt úr skorðum hjá mér því ég var að undirbúa inngöngu í menntaskólann,“ segir hann. „Ég varð bitur og ætlaði aldrei að koma nálægt skóla framar.“

Þó fór svo að kennsla og skólastjórn varð ævistarf Harðar. Tryggvi Þorsteinsson, skólastjóri og skátaforingi, hvatti hann til að drífa sig í Kennaraskólann, hafði tekið eftir að Herði féll vel að vinna með ungu fólki.

Kennsluferill Harðar hófst á Hjalteyri. „Fyrsta skóladaginn voru börnin bara skráð og vigtuð. Ein sjö ára buddan sem var að hefja skólagöngu kvaddi mig með handabandi og stundi upp: „Ekki hef ég nú lært mikið í dag.“ Hún hafði greinilega ætlað að koma sprenglærð heim,“ rifjar Hörður upp hlæjandi og bætir við annarri sögu úr sama skóla. „Ég kom eitt sinn út í skóladyrnar og heyrði hrópað: „Karlinn er að koma.“ Það hljómaði hálf einkennilega í mínum eyrum.“

Eftir fjögur Hjalteyrarár gerðist Hörður skólastjóri á Ólafsvík og tveimur árum síðar kennari við Flensborg í Hafnarfirði. Þar var hann í tíu ár. Þá tók hann við hinum nýja Víðistaðaskóla og stjórnaði honum í 22 ár. „Ég náði góðu sambandi við nemendur og foreldra,“ segir hann. „Fyrsta foreldrafélagið í Hafnarfirði var stofnað í Víðistaðaskóla og ég fór víða að halda erindi um foreldrasamstarf.“

Eiginkona Harðar er Ásthildur Ólafsdóttir. „Við hittumst í Kennaraskólanum,“ upplýsir Hörður kankvís. Segir þau hjón eiga sjö börn, barnabarnabörnin séu nítján á lífi, barnabarnabörnin átta og eitt á leiðinni. „Samkomulagið er gott,“ segir hann og telur lífið hafa leikið við sig. gun@frettabladid.is



†

*Þökkum allar þær fallegu og hlýlegu kveðjur sem okkur bárust vegna andláts*

**Unnar Kjartansdóttur**
Hvassaleiti 18, Reykjavík.

**Hreinn V. Ágústsson** — **Dóra Jónsdóttir**
**Björn Á. Ágústsson** — **Þuríður Magnúsdóttir**
**Einar Ágústsson** — **Unnur H. Pétursdóttir**
**Kjartan Ágústsson** — **Þóra S. Ingimundardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Reynis Ólafssonar**
Burknabergi 2, Hafnarfirði.

**Sigríður Stefánsdóttir**
**Stefán Reynisson** — **Oxana Skakoun**
**Gylfi Reynisson**
**María Sigríður Stefánsdóttir**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Ingibjörg Eyjólfsdóttir Thordarson**

andaðist þriðjudaginn 5. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarbæjar fyrir góða umönnun.

**Anna Thordarson**
**Pamela Thordarson** — **Kristján Ástráðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Móðir mín og amma,*

**Ása Beck**

sem andaðist á Landspítalanum í Fossvogi 16. apríl sl. verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 26. apríl og hefst athöfnin kl. 15.

**Magnús Haukur Jökulsson**
**Þórunn Elín Magnúsdóttir**

# PÁSKA TILBOÐ

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF SJÓÐHEITUM PÁSKATILBOÐUM




acer ASUS hp lenovo packard bell SONY TOSHIBA

**OPNUNARTÍMAR**

LOKADAGUR PÁSKATILBOÐA

**OPIÐ Í DAG**

11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

**WWW.BUILD-IT-YOURSELF.COM** Vefsíða þar sem finna má leiðbeiningar um hin ýmsu verkefni. Til dæmis hvernig má teikna andlit eða byggja legóturn.



## KONRÁÐ og LÍSALOPPA fara í ferðalag

16

eftir Braga Halldórsson

Konráð og Lísaloppa þökkuðu Tobba vini sínum fyrir kortið af fjöllunum og héldu leið sinni áfram heim til Róberts.

Á leiðinni sáu þau hóp af bláum fiðrildum. „Nei sjáðu," sagði Lísaloppa. „Mikið eru þetta falleg fiðrildi."
„Já það segir þú satt," svaraði Konráð.
„Hvað skyldu þau eiginlega vera mörg?"

Getið þið hjálpað Konráði og Lísuloppu að telja fiðrildin?




# FÓR Í ÁHEYRNARPRUFUR SEM ENDUÐU MJÖG VEL

**Að leika í Stundinni okkar er eitt það skemmtilegasta sem Jakob van Oosterhout hefur gert. Hann kveðst hafa lært heilan helling af Björgvini Franz enda sé hann frábær, fyndinn og góður leikstjóri.**

**Hvað heitir þú fullu nafni?** Ég heiti Jakob van Oosterhout.

**Af hverju ertu með erlent eftirnafn?** Af því að pabbi minn er frá Hollandi.

**Hefurðu verið mikið í Hollandi?** Já, ég fer þangað á hverju ári og bjó þar í eitt ár.

**Áttu afa og ömmu þar?** Já, og stóra fjölskyldu því að pabbi á fjögur systkini þar.

**Hvað ertu gamall?** Ég verð 14 ára í júlí.

**Er gaman að vera í Stundinni okkar?** Það er eitt af því skemmtilegra sem ég hef gert!

**Hvernig kom það til að þú fórst að vera þar?** Ég fór í áheyrnarprufur upp í RÚV og það endaði mjög vel!

**Hvað er svona gaman við að vera í Stundinni?** Að vera með skemmtilegu fólki sem er þar og að leika.

**Hefurðu leikið áður?** Já, ég lék Kurt í Söngvaseið í Borgarleikhúsinu. Svo hef ég leikið í nokkrum auglýsingum og stuttmyndum.

**Ertu búinn að læra mikið af Björgvini Franz?** Já, heilan helling. Hann er frábær, fyndinn og góður leikstjóri.

**Tekur langan tíma að taka upp hvern þátt?** Það tekur svona um fjóra klukkutíma.

> „Ég lék Kurt í Söngvaseið í Borgarleikhúsinu. Svo hef ég leikið í nokkrum auglýsingum og stuttmyndum.

**Hefurðu þurft að fá frí úr skólanum til að vinna í sjónvarpinu?** Já, nokkuð oft en Hagaskóli hefur tekið því mjög vel og ég er mjög ánægður með það.

**Hefur allt verið tekið upp í stúdíói eða hafa verið útitökur líka?** Það hefur allt verið tekið í stúdíói.

**Áttu systkini?** Já, einn frábæran tíu ára bróður sem heitir Tómas.



**Finnst honum og vinum þínum ekki skrítið að þú sért í sjónvarpinu?** Nei, þeim finnst bara mjög gaman að horfa.

**Í hvaða bekk ertu í Hagaskóla?** Ég er í áttunda bekk.

**Hver eru uppáhaldsfögin þín í skólanum?** Íþróttir og samfélagsfræði.

**En hver eru helstu áhugamálin þín?** Leiklist, íþróttir, fjölskylda og vinir.

**Hefurðu eitthvað farið út á land?** Já, við fjölskyldan ferðumst mjög mikið og göngum mikið.

**Hvað ætlar þú að gera í sumarfríinu?** Ég fer með fjölskyldunni til Hollands og Frakklands. Svo ætlum við líka að ferðast innanlands.



## BRANDARAKISTAN

**Hvað kallast bíll Drakúla greifa?**
**Blóðbíllinn.**

**Hvað er illt og ljótt að innan en grænt að utan?**
**Norn klædd eins og agúrka.**

**Af hverju varð drengurinn leiður þegar hann sigraði í búningakeppninni á grímuballinu?**
**Hann kom bara til að sækja systur sína.**

**Hvað hefur sex fætur og flýgur?**
**Norn sem gefur kettinum sínum far.**

**Kennarinn: Af hverju stendur styttan af Jóni Sigurðssyni á Austurvelli?**
**Nemandinn: Af því hann getur ekki sest niður.**

**Hvað hefur tólf fætur, sex augu, þrjú skott og sér ekki neitt? Þrjár blindar mýs.**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***








## KRAKKARÝNI

Matthildur María Karlsdóttir

LEIKHÚS

### Ballið á Bessastöðum

★★★★★

Matthildur María Karlsdóttir, 7 ára, brá sér á dögunum á leiksýninguna Ballið á Bessastöðum sem er sýnd í Þjóðleikhúsinu. Áður hafði hún lesið samnefnda sögu Gerðar Kristnýjar sem leikritið byggir á og þekkti söguþráðinn því vel þegar hún mætti í leikhúsið.

**Hvernig skyldi hún svo hafa skemmt sér?** „Alveg rosalega vel," segir Matthildur María ánægð og finnst hafa tekist einstaklega vel að vinna leikrit upp úr bókinni. Leikarana segir hún hafa staðið sig með eindæmum vel og tónlistin hafi bæði verið skemmtileg og góð.



**En stóð eitthvað sérstakt upp úr?** „Mér fannst flottasta atriðið þegar Auður vinkona forsetans málaði Bessastaði bleika," segir hún og brosir og bætir við að sýningin hefði eiginlega ekki mátt vera betri.

**Á þá að gefa henni fullt hús stiga?** „Algjörlega, fimm stjörnur!"

**Spurð í lokin hvort sýningin henti krökkum á hennar aldri, svarar hún ákveðin:** „Já, og meira að segja fullorðnum líka!"

***Niðurstaða:*** *Rosalega skemmtilegt leikrit*


netto
Gleðilega páskahátíð!
Páskalambið fæst í Nettó!
FERSKUR LAMBAHRYGGUR KRYDDAÐUR
1.698 kr/kg
áður 1.998 kr/kg
1.199 kr/kg
áður 1.501 kr/kg
FERSKT LAMBALÆRI ÞURRKRYDDAÐ
GLEÐILEGA PÁSKAHÁTIÐ!
LAMBAINNRALÆRI FERSKT
36% afsláttur
2.188 kr/kg
áður 3.398 kr/kg
LAMBARIB-EYE M/HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN
20% afsláttur
3.198 kr/kg
áður 3.998 kr/kg
JARAÐARBER 250 G
50% afsláttur
189 kr/pk.
áður 377 kr/pk.
GRILL SVÍNAKÓTELETTUR
20% afsláttur
1.118 kr/kg
áður 1.398 kr/kg
KJÖTSEL
NAUTARIB-EYE FERSKT
45% afsláttur
2.419 kr/kg
áður 4.398 kr/kg
COCA-COLA 6 X 330 ML
33% afsláttur
395 kr/pk.
áður 589 kr/pk.
OPNUNARTÍMI YFIR PÁSKANA
PÁSKADAGUR: LOKAÐ
ANNAR Í PÁSKUM: OPIÐ FRÁ 12–18
Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær
Tilboðin gilda 19. - 25. apríl
eða meðan birgðir endast

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. búsmali, 6. í röð, 8. meðvitundarleysi, 9. sigað, 11. guð, 12. traðk, 14. úðadæla, 16. tveir eins, 17. landspilda, 18. eyrir, 20. frú, 21. umkringja.

**LÓÐRÉTT**
1. úrgangur, 3. klukka, 4. undirbúningspróf, 5. borða, 7. fugl, 10. hestaskítur, 13. mas, 15. sjá eftir, 16. verkur, 19. kyrrð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. búfé, 6. rs, 8. rot, 9. att, 11. ra, 12. tramp, 14. úðari, 16. tt, 17. lóð, 18. aur, 20. fr, 21. króa.

**LÓÐRÉTT:** 1. hrat, 3. úr, 4. forpróf, 5. éta, 7. strútur, 10. tað, 13. mal, 15. iðra, 16. tak, 19. ró.


HLAÐVARPINN

## Aðalfundur Hlaðvarpans ehf.

Aðalfundur Hlaðvarpans ehf., menningar- og styrktarsjóðs kvenna, verður haldinn fimmtudaginn 5. maí 2011 kl 17:00 að Hallveigarstöðum við Túngötu.

**Dagskrá fundarins er eftirfarandi:**

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2010.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
3. Kosning tveggja kvenna í stjórn.
4. Kosning endurskoðanda félagsins.
5. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins.
6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarkvenna.
7. Önnur mál.

Þær sem hlut eiga í Hlaðvarpanum eru hvattar til að nýta rétt sinn til að mæta á fundinn og kynna sér starfsemi sjóðsins.

**Stjórnin**



## RECEPTIE KONINGINNEDAG 2011

De Consul Generaal der Nederlanden, de heer Bjarni Finnsson, en zijn echtgenote heten alle Nederlanders hartelijk welkom op de Koninginnedagreceptie te houden op

**Vrijdag 29.april**
**van 17.00 – 19.00 uur**

**in Rafveituheimilinu**
**Rafstöðvarvegi við Elliðaár, 110 Reykjavík.**

Wie aan de uitnodiging gehoor wil geven wordt verzocht zich vóór 27. april op te geven bij het Consulaat, tel. 533 1002. Op werkdagen geopend tussen 10:00 en 12:00. Of via e-mail: holland@holland.is


# Smokkur > þvagblaðra

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Fyrir ekkert svo mörgum ár, þegar ég var ungur og fallegur, hitti ég stelpu og varð rosalega skotinn í henni. Hún varð líka skotin í mér og ekki leið á löngu þar til við vorum byrjuð að staðfesta ást okkar á lostafullan hátt sem ég ætla ekki að lýsa í smáatriðum. Með grunnskólakynfræðsluna í fersku minni taldi ég ekki ráðlegt að gera það án þess ganga úr skugga um að skagfirskt ofursæði mitt myndi ekki barna stúlkuna. Þess vegna notaði ég smokkinn frá upphafi sambandsins. Í fyrstu kláraði ég birgðir sem mér hafði áskotnast hér og þar, en allt í þessum heimi er hverfult og einn af öðrum urðu smokkarnir ónothæfir um leið og þeir uppfylltu tilgang sinn. Þá voru góð ráð dýr.

**ÉG** þurfti semsagt í fyrsta skipti á ævinni að fara út í búð og kaupa pakka af smokkum. Ég var á viðkvæmum aldri og tilhugsunin um að afgreiðslustúlkurnar á Olís á Selfossi myndu vita persónulegustu persónuupplýsingar sem til eru um mig var skelfileg. Ég bað því eldri og reyndari vin minn um að leysa málið og keypti mér þannig gálgafrest. Vandamálið leystist síðar sjálfkrafa. Ég kyngdi stoltinu og hóf að kaupa smokka sjálfur og geri enn þann dag í dag með eftirtektarverðum árangri.

**FYRR** í vikunni hrintu nokkur góð samtök og fyrirtæki á Íslandi af stað góðu átaki til að hvetja fólk til að nota smokkinn. Tíðni kynsjúkdóma á Íslandi segir okkur að allt of fáir nenna að smeygja á sig þessum óþreytandi varnarjaxli og kjósa þess í stað að taka sénsinn á hinum og þessum afleiðingum lárétta mambósins. Það er sorglegt miðað við þægindin sem við upplifum í dag.

**ÞETTA** hefur nefnilega ekki alltaf verið jafn auðvelt. Forfeður okkar reyndu til að mynda ýmsar skapandi aðferðir, sem reyndust misvél. Í Asíu á 15. öld settu menn lítinn klút framan á vininn og bundu hann fastan með borða. Það hefur eflaust tekið sinn tíma. Þá var aðeins á færi yfirstéttarinnar að nota aðferðina enda áttu ekki allir efni á klútum og borðum. Seinna á sömu öld voru Evrópubúar byrjaðir að nota ýmis innyfli úr dýrum í sama tilgangi, til dæmis þarma og þvagblöðrur. Miklu síðar byrjuðu menn að framleiða smokka úr gúmmíi og latexi.

**NÚ** vil ég ekki hljóma eins og riddari pólitískrar rétthugsunar, ríðandi um á skjannahvítum hesti hins eina sanna sannleika, slátrandi öllu því sem rúmast ekki innan skynsamlegra og siðsamlegra marka hins fullkomna ferhyrnings. Ég er samt á þeirri skoðun að smokkanotkun eigi að vera jafn sjálfsögð og regluleg næring, enda njótum við góðs af þróunarvinnu sem hefur staðið yfir áratugum saman. Sæðisdrepandi og sleipiefnasmurðir smokkar nútímans eru nefnilega lúxus miðað við það sem forfeður okkar máttu þola.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Ferðalag Fönixins
- um listina að deyja og fæðast á ný
EIVÖR PÁLSDÓTTIR, REIJO KELA, MARÍA ELLINGSEN
SNORRI FREYR HILMARSSON, FILIPPÍA ELÍSDÓTTIR, BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON
LISTAHÁTÍÐ 24. OG 25. MAÍ
Í BORGARLEIKHÚSINU TAKMARKAÐUR SÆTAFJÖLDI
Ferðalag Fönixins er frumsamið tónlistar- og dansleikhúsverk eftir listamennina sem gerðu Úlfhamssögu 2007 sem hlaut tvenn Grímuverðlaun og sjö tilnefningar.
Eivör Pálsdóttir söngkona, Rejo Kela nútímadansari og leikkonan María Ellingsen blása hvert með sínum hætti lífi í glóðir þessarar táknrænu goðsögu meðan áhorfendur sitja í hring um galdurinn og upplifa seiðandi takt í leik, söng og dansi.
Hvað gerum við þegar stoðir tilverunnar bresta og lífið leiðir okkur á ókunnar slóðir? Goðsögnin um Fönixinn vísar okkur veginn þar sem hann örmagnaður brennur upp í eldinum, umbreytist og tekur flugið á ný.
www.midi.is
Hönnun: Ólöf Erla
Annað Svið
Borgarleikhúsið
norden
Nordisk Kulturfond
LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK 2011



# Aðalfundur Íslandsstofu

**Aðalfundur Íslandsstofu verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl kl. 16:00 í Salnum, Kópavogi.**

Yfirskrift fundarins er **Sækjum fram** og verður sjónum einkum beint að starfseminni sjálfri og stefnumótun stjórnarinnar. Auk þess verður gerð grein fyrir viðamestu kynningarverkefnunum sem unnið er að um þessar mundir á erlendum mörkuðum.

## Dagskrá

**Ávarp**
Friðrik Pálsson, formaður stjórnar

**Litið yfir árið**
Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri

**Fagráð Íslandsstofu**
Formenn fagráðanna hafa orðið

**Ábyrgar fiskveiðar**
Guðný Káradóttir, markaðsstjóri

**Inspired by Iceland**
Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður

**Bókasýningin í Frankfurt**
Halldór Guðmundsson, verkefnisstjóri Sögueyjunnar Íslands, heiðursgests Bókasýningarinnar í Frankfurt 2011

**Meginþættir Íslandsstofu**
Forstöðumenn hafa orðið

Að loknum framsöguerindum verða veitingar í boði Íslandsstofu.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku í síma 511 4000, með tölvupósti islandsstofa@islandsstofa.is

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

Borgartún 35 | 105 Rvík






# Fær innblástur frá n

**Flateyjarbréfin eftir Kristjönu Friðbjörnsdóttur hlaut barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkurborgar sem afhent voru síðasta vetrardag. Böðvar Guðmundsson hlaut verðlaun fyrir þýðingu.**

„Þetta er frábær viðurkenning og flott þegar vakin er athygli á góðum bókmenntum fyrir börn,“ segir Kristjana Friðbjörnsdóttir, handhafi barnabókaverðlauna menntaráðs Reykjavíkur sem afhent voru á miðvikudag.

Kristjana hefur áður vakið athygli fyrir bækur sína um Fjóla fífils. Hann er hins vegar víðs fjarri í Flateyjarbréfunum. Þar segir frá Ólafíu Arndísi, sem á á hættu að komast ekki upp í sjötta bekk næsta vetur. Hún bregður því á það ráð að skrifa kennaranum sínum bréf frá Flatey, þar sem fjölskyldan ver sumrinu, og segir frá lífinu þar.

Kristjana er grunnskólakennari og segist oft fá góðar athugasemdir og hugmyndir frá nemendum sínum við skriftir. Sú hafi til dæmis verið raunin með Flateyjarbréfin.

„Fyrir þremur árum var ég með níu ára nemanda sem fann sig illa í skólanum. Hann var mikill náttúrustrákur, leið best þegar hann var úti og vissi allt um ýmiskonar dýr: fugla og hvali og þess háttar. Hann hafði tengingu við Flatey og ég setti honum það sem sumarskólaverkefni eftir 4. bekk að segja mér frá Flatey og gera





Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi



**KRISTJANA FRIÐ-BJÖRNSDÓTTIR** Höfundur Flateyjarbréfanna ætlar að heimsækja Flatey í sumar í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# emendum

heimildarmyndir um staðinn. Hann leysti það svo vel að ég heillaðist algjörlega af staðnum og lét bókina gerast þar.“

Þótt hún hafi skrifað heila bók sem gerist í Flatey hefur Kristjana enn ekki komið þangað en ætlar að reyna að bæta úr því í sumar.

Auk Kristjönu hlaut Böðvar Guðmundsson verðlaun menntarráðs fyrir smásagnasafnið Elskar mig – elskar mig ekki eftir sautján norræna rithöfunda.

„Í kraftmiklum smásögum fá ungir lesendur innsýn í líf unglinga í átta norrænum löndum,“ segir í umsögn dómnefndar.

„Þýðandinn nær að fanga stíl og sérkenni hvers höfundar á látlausan hátt og er jafnframt óhræddur við að nota slangur og orðfæri sem flestum unglingum er tamt.“

**bergsteinn@frettabladid.is**








Auglýsingasími
512 5050




Allt sem þú þarft...

LYFJA
– Lifið heil




+15% afsláttur
í apríl af 204 stykkja
Nicotinell Fruit
Verð með afslætti:
2 mg **4.329 kr.**
4 mg **6.119 kr.**

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 54330 03/11






Vortónleikar í Langholtskirkju

| | | |
|---|---|---|
| Miðvikudag | 27. apríl | kl. 20 |
| Fimmtudag | 28. apríl | kl. 20 |
| Föstudag | 29. apríl | kl. 20 |
| Laugardag | 30. apríl | kl. 16 |

*Á fjölbreyttri dagskrá verður m.a. frumflutningur á Áföngum, verki eftir Jón Ásgeirsson við kvæði Jóns Helgasonar, lög eftir Sigvalda Kaldalóns og fleiri íslenska höfunda. Einnig verða flutt ítölsk lög úr óperum og amerískum söngleikjum.*

Einsöngur **Garðar Thor Cortes**
Píanó **Steinunn Birna Ragnarsdóttir**
Stjórnandi **Árni Harðarson**

Verð aðgöngumiða 3.000 kr. Miðasala við innganginn.

KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR






# Fólk

folk@frettabladid.is



56 *Leikstjórinn umdeildi, Michael Moore, heldur upp á 56 ára afmæli sitt í dag.*

# KJÓLLINN HENNAR KATE

**Enn er allt á huldu um hver hannar og hvernig brúðarkjóll Kate Middleton verður er hún gengur í það heilaga með Vilhjálmi bretaprins 29. apríl næstkomandi. Bæði Sarah Burton, sem hannar fyrir tískuhús Alexander McQueen, og Bruce Oldfield þykja líkleg.**



**TILVONANDI HJÓN** Vilhjálmur prins klæðist einkennisbúningi frá breska flughernum er hann gengur í það heilaga með Kate Middleton en miklar vangaveltur eru um hvernig kjól tilvonandi prinsessa klæðist. NORDICPHOTOS/AFP

Það er meðvituð ákvörðun hjá tilvonandi prinsessunni Kate Middleton að halda öllum leyndu varðandi brúðarkjól sinn en hún vill koma í veg fyrir að Vilhjálmur komist á snoðir um í hvernig stíl kjóllinn verður. Margir hafa verið nefndir í sambandi við hönnun kjólsins en ljóst þykir að viðkomandi er breskur en af nógu er að taka í hönnuðaflóru þeirra.

Hönnuðirnir Sarah Burton, sem hannar fyrir tískuhús Alexander McQueen, og Bruce Oldfield þykja líkleg til að hafa hreppt hnossið. Burton hefur heillað tískuheiminn eftir að hún tók við merki Alexanders McQueen þegar hann lést og er þekkt fyrir fallega kjóla úr flæðandi efni með töffaralegum brag.

Bruce Oldfield var hins vegar einn af uppáhaldsfatahönnuðum Díönu prinsessu og margir sem veðja á að Middleton hafi valið Oldfield til að heiðra minningu hennar. Oldfield hannaði til dæmis bláa kjólinn sem Middleton klæddist þegar parið opinberaði trúlofun sína en hönnuðurinn er fjölhæfur og til að mynda með einkennisklæðnað starfsmanna skyndibitakeðjunnar McDonalds á ferilskránni.

Einnig hafa nöfn á borð við Sophie Cranston, Vivianne Westwood, Stella McCartney og Marchesa verið nefnd í þessu samhengi.

Það er hins vegar búið að opinbera að Vilhjálmur prins klæðist einkennisbúningi frá breska flughernum en Middleton átti þátt í velja það fyrir hann. Breskir tískupennar skiptast á að hrósa Kate Middleton fyrir fallegan klæðaburð og ljóst þykir að ný tískufyrirmynd er að fæðast í Bretlandi. Það er því ekki skrítið að mikil eftirvænting ríkir fyrir kjólnum og eiga margir eftir að sitja límdir við skjáinn þegar hún gengur niður 90 metra langa kirkjugólfið í Westminster Abbey-kirkjunni.

alfrun@frettabladid.is



**FÁIR VITA HVER HANNAR BRÚÐARKJÓLINN** Bruce Oldfield er einn grunaðra en hann hannaði trúlofunarkjól Middleton sem sló í gegn. NORDICPHOTOS/AFP



**SARAH BURTON** Nýr hönnuður Alexander McQueen er í uppáhaldi hjá Middleton og þykir líkleg til að vera þessa stundina að leggja lokahönd á brúðarkjólinn. NORDICPHOTOS/GETTY





**HAGA SÉR VEL** Snookie og félagar mega ekki drekka á almannafæri þegar þau heimsækja Flórens. NORDICPHOTOS/GETTY

# Verða að haga sér vel

**Raunveruleikaþættirnir Jersey Shore hafa slegið rækilega í gegn vestan hafs og nú er áætlað að færa út kvíarnar. Snookie, J-WOW og hinar stjörnurnar munu halda til Flórens á Ítalíu þar sem nýjasta þáttaröðin verður tekin upp.**

**Borgarstjóri Flórens hefur samþykkt að taka á móti stjörnunum og tökuliði þeirra en aðeins ef þau framfylgja nokkrum reglum. Matteo Renzi vill ekki að stjörnurnar verði myndaðar við drykkju á skemmtistöðum eða á almannafæri og passa verður upp á að kynna Flórens sem menningarborg og ekki skemmtanaborg. Það verður spennandi að sjá hvort þetta gangi eftir enda eru Snookie og félagar þekkt fyrir margt annað en háttvísi.**

# Vill vinna með Brad

**Það eru liðin tólf ár síðan Edward Norton og Brad Pitt léku saman í kvikmyndinni Fight Club. Norton hefur lýst yfir áhuga á því að endurtaka leikinn og vinna með Pitt á ný.**

**Norton telur það eina sem standi í vegi fyrir því að úr þessu rætist sé tímaleysi þeirra beggja. „Það er möguleiki að úr þessu verði. Við höfum rætt þetta oft. En það er flókið að finna tíma sem hentar okkur báðum,“ sagði leikarinn um málið.**



**SAMEINAÐIR** Edward Norton vill gjarnan vinna aftur með Brad Pitt.

# Grét í tökum

Leikarinn og sjarmörinn Robert Pattison viðurkennir að hafa grátið í tökum á nýjustu mynd sinni Water for Elephants. Pattison segist hafa fellt tár meðan á upptökum stóð á kynlífssenum myndarinnar og að það hafi verið vegna fegurðar mótleikkonu sinnar Reese Witherspoon „Hún var einfaldlega svo kynþokkafull í atriðinu að ég gat ekki annað en brostið í grát,“ segir Pattison í viðtali við blaðið Extra á frumsýningunni.

Það má því ætla að góðir straumar hafi verið á milli leikaranna í myndinni því hin nýgifta Witherspoon viðurkennir einnig að kynlífssenan hafi tekist vel og að Pattison sé með eindæmum kynþokkafullur.



**FELLDI TÁR** Robert Pattison grét yfir fegurð mótleikkonu sinnar Reese Witherspoon. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hætti við hlutverkið

Leikarinn og leikstjórinn Ben Affleck er hættur við að leika í kvikmynd Baz Luhrmann sem verður byggð á skáldsögu F. Scott Fitzgerald, The Great Gatsby. Fregnirnar komu stuttu eftir að Isla Fisher samþykkti að leika hjákonu Toms Buchanan, sem Affleck átti að leika. Leikarinn ákvað að einbeita sér að næsta leikstjórnarverkefni sínu. Það er myndin Argo, sem fjallar um gíslatöku í Íran. Á meðal leikara í The Great Gatsby eru Leonardo DiCaprio, Tobey Maguire og Carey Mulligan.



**HÆTTI VIÐ** Ben Affleck er hættur við að leika í nýrri kvikmynd Baz Luhrmann.







# Opnir málfundir...
## ...um vísinda- og nýsköpunarkerfið




Vísinda- og tækniráð efnir til opinnar og gagnrýninnar umræðu um vísinda- og nýsköpunarkerfið á fjórum opnum fundum í febrúar-apríl 2011 undir yfirskriftinni; „Með gæði og ávinning að leiðarljósi.“

Miðvikudaginn 27. apríl kl. 15-17
í sal Arion banka að Borgartúni 19, Reykjavík.

**Þekkingaryfirfærsla – stíflur eða opnar gáttir?**

Inngangserindi:

Hermann Ottósson, verkefnisstjóri, Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Sigurlína V. Ingvarsdóttir, yfirframleiðandi á þróunarsviði CCP og stjórnarformaður Icelandic Gaming Industry, IGI

Sveinbjörn Höskuldsson, framkvæmdastjóri Nox Medical

Ágúst H. Ingþórsson, forstöðumaður Rannsóknaþjónustu Háskóla Íslands

Fundarstjóri: Þorsteinn Ingi Sigfússon, formaður tækninefndar Vísinda- og tækniráðs

**Vísinda- og tækniráð**
www.vt.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun










**BIEBER-ÆÐI** Unglingsstúlkur í Singapúr bíða eftir goðinu á Changi-flugvellinum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Justin Bieber óttast um öryggið

**Bandaríska ungstirnið Justin Bieber á erfitt með að venjast brjáluðum aðdáendum sem láta hann ekki í friði. Hann óttast um öryggi sitt.**

Popparinn ungi Justin Bieber á erfitt með að venjast því að vera hundeltur af öskrandi stelpum hvert sem hann fer. Þrátt fyrir að vera vanur sviðsljósinu finnst honum sú gríðarlega athygli sem hann fær á degi hverjum einum of mikil.

Bieber, sem er nýorðinn sautján ára, er á tónleikaferð um Asíu sem er hluti af risavöxnu tónleikaferðalagi hans um heiminn. Á blaðamannafundi í Singapúr sagði hann að mikilvægt væri að vera varkár þegar aðdáendur hans væru annars vegar. Á fundinum, sem var haldinn fyrir tónleika hans í Singapúr-íþróttahöllinni, var hann spurður hvers vegna hann hefði ekki viljað spjalla við aðdáendur sína við komuna til landsins á Changi-flugvellinum. „Þetta snerist um öryggi. Það hefði ekki verið öruggt fyrir mig, öskrin og allt það. Ég hef ekki náð að venjast þessu. Mér finnst þetta enn algjört brjálæði,“ sagði Bieber. „Mér þykir mjög vænt um aðdáendur mína en ég get ekki sett sjálfan mig í aðstöðu þar sem ég er í hættu. Stundum verða stelpurnar dálítið klikkaðar og reyna að grípa í mig.“

Talið er að kærasta Biebers, Selena Gomez, hafi nýverið farið að hitta hann í Asíu en þau hafa verið fjarri hvort öðru í langan tíma vegna tónleikaferðalagsins. Hún passar væntanlega vel upp á að halda kærastanum frá stúlknamúgnum sem virðist bara ekki fá nóg af ungstirninu æðislega.



**HRÆDDUR** Bieber óttast um öryggi sitt.

# Með sama ennið

Ronald Fenty, faðir söngkonunnar Rihönnu, komst nýverið að því að hann ætti þrjú fullorðin börn með þremur konum. Söngkonan á því þrjú hálfsystkin sem öll eru töluvert eldri en hún sjálf.

Fenty segir fréttirnar hafa komið sér á óvart á sínum tíma. „Ætli þetta hafi ekki komið á óvart. En ég var ungur og villtur og mikill kvennamaður á mínum yngri árum. Þegar Kandy, elsta barnið, kynnti sig og sagði mér hver móðir hennar er bauð ég hana velkomna í fjölskylduna,“ sagði Fenty í viðtali við The Sun.

Kandy þessi er 32 ára gömul og segist hafa hitt Rihönnu nokkrum sinnum en að þær eigi lítið sameiginlegt. „Ég lifi fremur einföldu lífi í sveitinni. Við eigum lítið sameiginlegt fyrir utan þetta langa enni sem við erfðum frá föður okkar,“ sagði Kandy.



**RÍK AF SYSTKINUM** Söngkonan Rihanna komst nýverið að því að hún á þrjú eldri hálfsystkini. NORDICPHOTOS/GETTY

HINN EINI SANNI

# RISA

## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

# MARKAÐUR




## NÚ AÐ MIÐHRAUNI 2, GARÐABÆ

*við hliðina á Dýraríkinu*

**Nýtt kortatímabil**

### Opnunartími um páska

| | |
|---|---|
| Laugardag | 23. apríl milli kl. 12:00 og 18:00 |
| Páskadag | 24. apríl, LOKAÐ |
| Annan í páskum | 25. apríl, milli kl. 12:00 og 18:00 |

## Opið í dag milli kl. 12:00 og 18:00

**Útsöluvörur frá**

STEINAR WAAGE
Kaupfélagið
skór.is
ecco
NIKE
PUMA
hummel
Reebok
BLEND
ORGINAL
SKECHERS

# Stofnuðu eigin pönkútgáfu

Plötuútgáfan PBP, eða Paradísarborgarplötur, hefur gefið út sjö plötur síðan hún var sett á laggirnar árið 2009.

„Við lítum ekki á þetta sem fyrirtæki heldur sem útgáfu. Það eru engir fjármunir sem eru að koma inn,“ segir Fannar Örn Karlsson, sem er maðurinn á bak við útgáfuna ásamt tónlistarmanninum Þóri Georg Jónssyni og Júlíu Aradóttur.

Fannar Örn og Þórir eru í fjórum af þeim fimm hljómsveitum sem eru á mála hjá PBP, eða þeim Deathmetal Supersquad, Eðli annarra, Tentacles of Doom og Þóri. Harðkjarnasveitin Dys er sú eina sem tengist þeim tveimur ekki beint. „Við erum búnir að vera í pönkhljómsveitum í tíu ár. Ástæðan fyrir því að við stofnuðum þessa útgáfu er að enginn annar hafði áhuga á að gefa út þannig bönd. Við fundum því verkfæri til að gera þetta sjálfir,“ segir Fannar Örn.

PBP aðhyllist hugmyndafræðina DIY sem snýst um að gera eins mikið sjálfur og hægt er án aðstoðar annarra. Útgáfan hefur fengið beiðnir um að gefa út plötur með fleiri hljómsveitum en ekkert hefur orðið af því. „Við erum báðir í svo mörgum böndum að við höfum ekki haft tíma til að gefa út mikið annað,“ segir Fannar. - fb



**ÞÓRIR** Tónlistarmaðurinn Þórir rekur Paradísarborgarplötur ásamt Fannari Erni Karlssyni og Júlíu Aradóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | NÁNAR Á MIÐI.IS |
|---|---|---|
| SCREAM 4 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| SCREAM 4 Í LÚXUS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HANNA | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| HANNA Í LÚXUS | KL. 5.40 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL Í LÚXUS | KL. 3.30 | L |
| RIO 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 3D ENSKT TAL ÓTEXTUÐ | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |
| LIMITLESS | KL. 8 - 10.20 | 14 |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| HANNA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 5.50 | L |
| RIO 2D ENSKT TAL | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| KURTEIST FÓLK | KL. 8 - 10.10 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 5.50 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |

BORGARBÍÓ — Ath: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíó — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SCREAM 4 | KL. 8 - 10.10* KRAFTSÝNING | 16 |
| HANNA | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
GLEÐILEGA PÁSKA
OPIÐ ALLA PÁSKANA




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| SCREAM 4 | 8 og 10.20 POWER |
| RIO - ISL TAL 3D | 2(950), 4 og 6 |
| RIO - ISL TAL 2D | 2(700) |
| YOUR HIGHNESS | 8 og 10.10 |
| HOPP - ISL TAL | 2(700), 4 og 6 |
| KURTEIST FÓLK | 4, 6 og 8 |
| NO STRINGS ATTACHED | 10 |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| ARTHUR | kl. 1:30 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30 | 7 |
| ARTHUR | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| DREKA BANAR ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| CHALET GIRL | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 5:50 | 12 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS 3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 4 - 6 | L |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 1:50 | L |
| YOGI BEAR M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| ARTHUR | kl. 6 - 8 | 7 |
| DREKABANARNIR ísl tal | kl. 4 - 6 | L |
| CHALET GIRL | kl. 4 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 10:10 | 12 |
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SPARBÍÓ KR 700 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| LINCOLN LAWYER FORSÝNING | kl. 8 | 12 |
| ARTHUR | kl. 3.10 - 5.30 - 8 - 10.40 | 7 |
| RIO 3D M/ ísl. Tali | kl. 3.20 - 5.40 | L |
| RIO 2D M/ ísl. Tali | kl. 3.20 - 5.40 | L |
| CHALET GIRL | kl. 3.20 - 8 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| SOURCE CODE | kl. 5.40 - 10.20 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 10.20 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| CAPRICCIO Ópera í Beini útsendingu | kl. 5 (Laugardag) | L |
| ARTHUR | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 (laug. kl.5:50- 8:40- 10:20) | 7 |
| LINCOLN LAWYER Forsýning | kl. 10:20 (laug. Kl.11) | 12 |
| DREKA BANAR M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 5:50 - 8 (laug. kl. 8) | 12 |
| BARNEY´S VERSION Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 | L |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 10:40 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS 3D ísl. Tali | kl. 1:30 (engin sýning laugardag) | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | Sýnd kl. 1:20 - 3:20 | L |

tryggðu þér miða á www.sambio.is













BAR & CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| BOY | 18:00, 20:00, 22:00 |
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 18:00, 22:20 |
| BLUE VALENTINE | 17:50, 22:00 |
| FOUR LIONS | 18:00, 22:00 |
| DRAUMURINN UM VEGINN: 2. HLUTI | 20:00 |
| JÖKLAR (NETLEIKHÚS) | 20:00 |
| M.OPHULS: LETTER FROM AN UNKNOWN WOMAN | 20:00 |

BARA GÓÐAR MYNDIR WWW.BIOPARADIS.IS




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR „IRON MAN"
MARVEL STUDIOS
THOR
HEIMSFRUMSÝND 27. APRÍL
THOR.MARVEL.COM
MARVEL
THOR, the Movie: © 2011 MVL Film Finance LLC.
THOR, the Character: TM & © 2011 Marvel Entertainment, LLC & subs. All Rights Reserved.
Paramount
A VIACOM COMPANY
IMAX® 3D is a registered trademark of IMAX Corporation.
FORSALA HAFIN Á FYRSTU STÓRMYND SUMARSINS
LAUGARÁS BÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
SMÁRABÍÓ
BORGARBÍÓ
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
ÁLFABAKKI
SAMBÍÓIN
SELFOSS
KEFLAVÍK






sport
sport@frettabladid.is

**FYLKIR OG VALUR** spila til úrslita í Lengjubikar karla í fótbolta í Kórnum klukkan 19.00 á mánudagskvöldið. Fylkir vann KR 1-0 í undanúrslitunum en Valur vann 2-1 sigur á FH í framlengdum leik.

# Mikið undir um páskana

**Topplið Man. Utd. má alls ekki við því að misstíga sig gegn Everton í dag því fram undan eru leikir gegn Arsenal og Chelsea sem bíða tækifæris til að saxa á sex stiga forskot Man. Utd. Everton hefur ekki unnið á Old Trafford í 19 ár.**

**FÓTBOLTI** Það er lítið páskafrí í enska boltanum og er leikið í deildinni í dag, á morgun sem og á mánudag. Topplið Man. Utd. hefur aðeins verið að gefa eftir upp á síðkastið og eru aðeins sex stig í næstu lið sem eru Chelsea og Arsenal.

United mætir Arsenal um næstu helgi og Chelsea þar á eftir. Þrír sigrar í síðustu fimm leikjunum ættu að duga til þess að Man. Utd. taki titilinn.

Í dag mun Man. Utd. taka á móti Everton í hádegisleiknum. Chelsea tekur á móti West Ham en Arsenal spilar á sunnudegi eins og venjulega. United má alls ekki við því að misstíga sig á heimavelli í dag og þarf öll þrjú stigin til að færast nær 19. meistaratitli sínum.

United hefur ekki gengið sérstaklega vel á útivelli í vetur en á heimavelli er liðið í toppformi eins og 17 sigrar í síðustu 18 leikjum bera vitni um. Það er einnig hughreystandi fyrir stuðningsmenn Man. Utd. að Everton hefur ekki unnið leik á Old Trafford í 19 ár.

Dimitar Berbatov og Rio Ferdinand eru báðir tæpir vegna meiðsla. Darren Fletcher er enn veikur en Rafael er klár í slaginn. Tim Cahill og Mikel Arteta gætu leikið með Everton en eru þó báðir tæpir.

„Það er aldrei auðvelt að spila gegn Everton. Moyes hefur byggt upp gott lið. Við höfum aftur á móti verið frábærir á heimavelli í vetur og vonandi heldur það góða gengi áfram," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd., en hann vill sem minnst ræða leikina gegn Arsenal og Chelsea sem bíða handan við hornið.

„Ef við vinnum Everton verður munurinn enn að minnsta kosti sex stig og aðeins fjórir leikir eftir. Á endanum verður búið að spila alla leikina," sagði Sir Alex sem þó fagnar samkeppninni.

„Það er gott að einhverjir elta. Það heldur okkur á tánum og við megum ekki við því að missa dampinn núna. Núna mun reynslan spila inn í og hjálpa okkur."

West Ham er í mikilli fallbaráttu og mun án efa ekki gefa Chelsea neitt í dag. Róðurinn verður þó þungur enda hefur Chelsea unnið sex af síðustu sjö leikjum sínum og er komið í titilbaráttuna af fullum krafti.

Chelsea verður án Brasilíumannanna Alex og Ramires en Ashley Cole ætti að geta spilað. Fernando Torres og Nicolas Anelka munu líklega fá tækifæri í byrjunarliðinu í dag þó svo Torres hafi ekki enn skorað fyrir Chelsea.

Það munar mikið um það hjá West Ham að Scott Parker spilar líklega ekki vegna meiðsla.

**henry@frettabladid.is**



**GLERHARÐUR STUÐNINGSMAÐUR** Þessi ágæti stuðningsmaður Man. Utd. setur menn eins og George Best, Eric Cantona og Gary Neville á sama stall og sjálfan Jesú Krist. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## Helgin í sjónvarpinu

| | |
|---|---|
| **Laugardagur:** | |
| Man. Utd. - Everton | 11.45 |
| Aston Villa - Stoke | 14.00 |
| Blackpool - Newcastle | 14.00 |
| Liverpool - Birmingham | 14.00 |
| Sunderland - Wigan | 14.00 |
| Tottenham - WBA | 14.00 |
| Wolves - Fulham | 14.00 |
| Chelsea - West Ham | 16.30 |
| Valencia - Real Madrid | 16.00 |
| Barcelona - Osasuna | 18.00 |
| **Sunnudagur:** | |
| Flensburg - Gummersbach | 13.45 |
| Bolton - Arsenal | 15.00 |
| Philadelphia - Miami | 17.00 |
| Sunnudagsmessan | 17.00 |
| **Mánudagur:** | |
| Blackburn - Man. City | 19.00 |

## Staða efstu og neðstu liða:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. United** | **33** | **20** | **10** | **3** | **70-32** | **70** |
| Chelsea | 33 | 19 | 7 | 7 | 61-27 | 64 |
| **Arsenal** | **33** | **18** | **10** | **5** | **66-34** | **64** |
| Man. City | 32 | 16 | 8 | 8 | 50-30 | 56 |
| ------- | | | | | | |
| Blackburn | 33 | 9 | 8 | 16 | 40-54 | 35 |
| **Wigan** | **33** | **7** | **13** | **13** | **32-53** | **34** |
| Blackpool | 33 | 9 | 6 | 18 | 47-69 | 33 |
| **West Ham** | **33** | **7** | **11** | **15** | **39-58** | **32** |
| Wolves | 32 | 9 | 5 | 18 | 36-56 | 32 |



**PISTILLINN** Hlynur Bæringsson, körfuboltamaður



# Ekki vera haustsekkurinn

Ég skrifaði pistil nýverið um það sem ég hefði getað gert betur á ferlinum. Þar var af nokkru að taka en helst hvernig ég eyddi mörgum sumrum þegar lið eru ekki að æfa mikið, almennileg vinna á sumrin hefði skilað mér miklu.

Nú er þetta tímabil hafið hjá körfuboltamönnum og nú ættu flestir að athuga hvernig þeir nýta tímann. Flestir þurfa pásu en vont er að hafa hana of langa því það er ekki gaman að mæta eins og sekkur í næsta tímabil, ég þekki það. Oft er sorglegt að sjá ástandið á ungum mönnum eftir sumarið, ég held þeir hugsi oft ekki dæmið til enda.

Ég ætla að nýta sumarið vel. Æfa mjög mikið og rétt og setja mér markmið. Til þess verð ég að hafa aðgang að fólki sem veit meira en ég um t.d. lyftingar.

Ég mun nýta mér góðan mann í því í sumar því af gefinni reynslu veit ég að það skilar litlu að mæta af og til og gera bara eitthvað.

Þó að tvíhöfðinn lúkki vel þá er óþarfi að eyða mestum tímanum í að dást að honum fyrir framan spegil. Ég berst við stóra og sterka menn og finnst ég þurfa meiri styrk og kraft í þeirri baráttu. Stefnan er að bæta örfáum kílóum á mig og þá í formi vöðva en ekki með því að dýfa hausnum í snakkskálina. Það krefst vinnu og eljusemi.

Mér finnst að allir ættu að æfa jafnvel meira á sumrin en á veturna, það skilar sér þegar byrjar að draga af mönnum er líður á veturinn, bæði andlega og líkamlega.

Ég hef gert of lítið af því að setja mér markmið, í sumar mun ég gera það og jafnvel opinbera þau. Það setur örlitla aukapressu á mig að standa mig, það er góð pressa. Markmiðin geta verið mælanleg, t.d. í lyftingasalnum, setja sér markmið í samanlagðri hnébeygju, bekkpressu og réttstöðulyftu.

Einnig er hægt að setja sér markmið um hve miklum tíma þú verð í íþróttasalnum, t.d. 12 tímar á viku þar sem skot og tækniatriði eru æfð.

Afraksturinn af því er erfiðara að mæla en það er augljóst að það skilar sér. A.m.k. mun það skila því að þú verður ekki haustsekkurinn.



Íslands- og bikarmeistarar 2011

# TIL HAMINGJU KR!

## - með Íslandsmeistaratitilinn



- allir sem einn

HERBALIFE®

*Næring fyrir betra líf*

**Fjölsmiðjan** er Casa Herbalife, styrkt af HFF

Herbalife er skráð á NYSE



**> Liam Neeson**

„Ég er ekki þannig leikari sem myndi vita hvað karakterinn minn fékk sér að borða síðasta þriðjudag.“

***Liam Neeson leikur fyrrum leyniþjónustumann sem þarf að nota alla sína þekkingu og reynslu til þess að bjarga dóttur sinni úr klóm mannræningja í spennumyndinni Taken sem er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 22.***

# dagskrá

annar í páskum

## MÁNUDAGSKVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.40**

### Loftkastalinn sem hrundi

Þriðja og síðasta myndin í mögnuðum þríleik sem byggður er á metsölubókum sænska rithöfundarins Stiegs Larsson um blaðamanninn Mikael Blomkvist og tölvusnéiníð Lisbeth Salander.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Sumar raddir **09.00** Fréttir **09.03** Landið sem rís **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Guðsþjónusta í Aðventkirkjunni **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Hringsól **14.00** Útvarpsleikhúsið: Í speglinum sefur kónguló **15.00** Hvert örstutt spor **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Sögueyjan **17.00** Kling klang! **18.00** Kvöldfréttir **18.15** Auglýsingar **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Kvika **21.10** Páskaegg **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Við Djúpið - Leit að nýjum tónskáldum **23.30** Leitin að réttu orðunum **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**08.02 Lína** (3:7)
**08.10 Skellibær**
**08.22 Snuðra og Tuðra**
**08.30 Einmitt þannig sögur**
**08.45 Múmínálfarnir - Örlaganóttin**
**09.57 Býflugnamyndin**
**11.25 Kraftur - Síðasti sprettúrinn** (e)
**12.10 Ungir evrópskir tónlistarmenn**
**13.55 Saga af stríði og stolnum gersemum** (e)
**14.50 Maður á streng** (e)
**16.20 Lífið – Prímatar** (10:10) (e)
**17.10 Lífið á tökustað** (10:10)
**17.20 Íslandsglíman 2011**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Sá stóri**
**18.15 Týndir tónar**
**18.30 Sagan af Enyó** (17:26)
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Orquesta Chekara Flamenca**
**20.30 Blóraböggull** (Framed) Safnvörður á Þjóðarlistasafninu breska kemur í afskekkt þorp í Wales í sérstökum erindagjörðum.
**21.55 Buddenbrook-fjölskyldan** (Die Buddenbrooks) (e)
**00.20 Þýski boltinn**
**01.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum**
**10.00 What Happens in Vegas...**
**12.00 Horton Hears a Who!**
**14.00 Ástríkur á Ólympíuleik...**
**16.00 What Happens in Vegas...**
**18.00 Horton Hears a Who!**
**20.00 Bourne Identity**
**22.00 Taken**
**00.00 Stop-Loss**
**02.00 The Wind That Shakes the Barley**
**04.05 Taken**
**06.00 Me, Myself and Irene**

## STÖÐ 2

**07.00 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.25 Dora the Explorer**
**08.15 Svampur Sveinsson**
**08.40 Latibær** (2:18)
**09.05 Sumardalsmyllan**
**10.35 Kapteinn Skögultönn**
**11.50 Apaskólinn**
**12.15 Scooby-Doo og félagar**
**12.40 Open Season 2**
**14.00 Son of the Dragon**
**15.35 Happy Gilmore**
**17.10 Frasier** (14:24)
**17.40 Friends** (5:24)
**18.05 The Simpsons** (4:22)
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Veður**
**19.00 Two and a Half Men** (17:19)
**19.25 Secrets of a Royal Bridesmaid**
**20.10 Jamie Oliver's Food Revolution** (5:6)
**20.55 The Event** (17:23) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem hafður er fyrir rangri sök. Ásamt kærustu sinni lendir hann á flótta og áður en þau vita af eru þau orðin flækt í meiri háttar samsæri gegn forseta Bandaríkjanna.
**21.40 Stieg Larsson þríleikurinn** Loftkastalinn sem hrundi er þriðja og síðasta myndin í mögnuðum þríleik sem byggður er á spennubókum Stiegs Larsson um blaðamanninn Mikael Blomkvist og tölvusnéiníð Lisbeth Salander. Lisbeth er að jafna sig á spítala og bíður eftir að réttað verði yfir henni vegna þriggja morða sem hún er sökuð um að hafa framið. Mikael verður að sanna sakleysi hennar en til þess að honum takist það þarf Lisbeth að segja réttinum frá ömurlegri reynslu sinni í æsku.
**00.05 How I Met Your Mother** (4:24)
**00.30 Bones** (4:23)
**01.15 Hung** (2:10)
**01.45 Eastbound and Down** (2:6)
**02.15 Proof**
**03.55 Lonely Hearts**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**07.00 Þýski handboltinn: Flensburg - Gummersbach**
**17.40 Þýski handboltinn: Flensburg - Gummersbach** Útsending frá leik Flensburg og Gummersbach í þýska handboltanum.
**19.00 Kobe - Doin' Work** Í þessari mögnuðu mynd fylgjumst við með einum degi í lífi Kobe Bryant. 30 myndavélar fylgdu Kobe eftir þennan eina dag en myndin er eftir sjálfan Spike Lee.
**20.30 Golfskóli Birgis Leifs** (5:12) Golfþáttur þar sem besti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Hafþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi og nýtist kylfingum á öllum stigum leiksins.
**21.00 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**21.50 Philadelphia - Miami**
**23.40 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.

## SPORT 2 enski boltinn

**07.00 Bolton - Arsenal**
**13.05 Wolves - Fulham** Útsending frá leik Wolves og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.
**14.50 Chelsea - West Ham** Útsending frá leik Chelsea og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
**16.35 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og líflegog fagleg umræða um enska boltann.
**17.50 Premier League Review**
**18.50 Blackburn - Man. City** Bein útsending frá leik Blackburn Rovers og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir.
**22.00 Ensku mörkin**
**22.30 Blackburn - Man. City**

## EXTRA

**16.30 Son of the Dragon**
**17.55 Son of the Dragon**
**19.20 William & Kate - A Royal Engagement** Vandaður þáttur frá BBC þar sem varpað er ljósi á bakgrunn brúðhjónanna.
**20.15 Ally McBeal** (2:22) Ally og Jenny takast á við dragdrottningu í máli dagsins, Ling er orðin dómari og Cage hressir upp á útlitið.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Mannasiðir Gillz**
**21.55 Iceland Food Centre** Áhugaverð heimildarmynd um fyrstu íslensku útrásina. Íslenska ríkið og fleiri aðilar opna veitingahúsið Iceland Food Centre í miðborg London 1965. Staðurinn átti að vera sýningargluggi fyrir allt það besta frá Íslandi en það brást algerlega.
**23.00 Pressa** (6:6) Íslensk spennuþáttaröð um blaðakonuna Láru. Það er komið að æsispennandi lokaþætti og Lára er í mikilli lífshættu þar sem sótt er að henni úr öllum áttum.
**23.50 Sex and the City** (4:18)
**00.20 Sex and the City** (10:18)
**00.50 William & Kate - A Royal Engagement**
**01.45 Ally McBeal** (2:22)
**02.30 The Doctors**
**03.10 Sjáðu**
**03.35 Mannasiðir Gillz**
**04.05 Fréttir Stöðvar 2**
**04.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu** Hvað gerir maður eftir fimm daga páskaveislu?
**20.30 Golf fyrir alla** Þau eru ekki beint frýnileg sumargrínin, en allt í einu er allt grænt og flott.
**21.00 Frumkvöðlar** Elínóra Inga sífellt á frumkvöðlavaktinni.
**21.30 Eldhús meistaranna** Magnús Ingi og Viðar Freyr á eldamennskuslóðum.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**11.15 Dr. Phil** (e)
**12.00 An Idiot Abroad** (1:9) (e)
**12.25 An Idiot Abroad** (2:9) (e)
**13.15 The Courageous Heart of Irena Sendler** (e)
**14.45 America's Funniest Home Videos** (40:46) (e)
**15.10 Pabbinn**
**16.45 America's Funniest Home Videos** (41:46) (e)
**17.10 Dr. Phil**
**17.55 Matarklúbburinn** (4:7) (e)
**18.20 Spjallið með Sölva** (10:16) (e)
